



## **[SKÓLASKÝRSLA 2011 - 2012]**

Framhaldsskólinn á Húsavík

## Efnisyfirlit

<b>SKÓLINN</b> .....	<b>1</b>
MENNTASÝN FRAMHALDSSKÓLANS Á HÚSAVÍK .....	1
HLUTVERK FRAMHALDSSKÓLANS Á HÚSAVÍK .....	2
MARKMIÐ .....	3
SKÓLAREGLUR .....	7
STJÓRN OG SKIPULAG SKÓLANS .....	9
ÞJÓNUSTA VIÐ NEMENDUR .....	12
FORVARNIR .....	16
TÖLVUR .....	16
REKSTRARYFIRLIT ÁRSINS 2011 .....	19
SKÓLADAGATAL 2011 - 2012 .....	21
FUNDARTAFLA HAUST 2011 .....	22
FUNDARTAFLA VOR 2012 .....	23
STARFSDAGAR HAUST 2011 .....	25
STARFSDAGAR VOR 2012 .....	26
KENNARA OG STARFSMANNAFUNDIR HAUST 2011 .....	27
KENNARA OG STARFSMANNAFUNDIR VOR 2012 .....	28
SKÓLANEFNDARFUNDIR HAUST 2011 .....	30
SKÓLANEFNDARFUNDIR VOR 2012 .....	30
SKÓLARÁÐSFUNDIR HAUST 2011 .....	31
SKÓLARÁÐSFUNDIR VOR 2012 .....	32
HÚSLESTUR .....	33
RÆÐA SKÓLAMEISTARA VIÐ SKÓLASLIT .....	42
<b>NÁMIÐ</b> .....	<b>52</b>
NÁMIÐ .....	52
REGLUR UM NÁM, PRÓF OG EINKUNNIR .....	52
NÁMSBRAUTIR .....	55
STUNDASKRÁ KENNARA HAUST 2011 .....	71
STUNDASKRÁ KENNARA VOR 2012 .....	72
STOFUTAFLA KENNARA HAUST 2011 .....	73
STOFUTAFLA KENNARA VOR 2012 .....	74
PRÓFTÖFLUR .....	75
SKÝRSLA ÁFANGASTJÓRA – HAUST 2011 .....	77
SKÝRSLA ÁFANGASTJÓRA – VOR 2012 .....	78
NIÐURSTÖÐUR PRÓFA .....	79
HEILDAREINKUNNADREIFING .....	81
SKÓLASÓKN NEMENDA .....	82
BÓKALISTAR .....	83
<b>NEMENDUR</b> .....	<b>91</b>
ÝMSAR UPPLÝSINGAR UM NÝNEMA .....	91
BRÉF TIL NÝNEMA .....	93
NEMENDATAL .....	95
ÚTSKRIFTARNEMAR VOR 2012 .....	96
VERÐLAUN VIÐ BRAUTSKRÁNINGU .....	97
<b>STARFSFÓLK</b> .....	<b>98</b>

STARFSFÓLK HAUST 2010.....	98
STARFSFÓLK VOR 2012 .....	99
KENNSLUSKIPTING HAUST 2011 OG VOR 2012 .....	100
UMSJÓNAKENNARAR .....	101
STARFSMANNASTEFNA .....	102
JAFNRÉTTISSTEFNA .....	105
FORFALLAÁÆTLUN .....	110
VIÐBRAGÐSÁÆTLUN GEGN EINELTI .....	115
STEFNA UM ENDURMENNTUN OG STARFSÞJÁLFUN .....	117
<b>ÝMSAR SKÝRSLUR .....</b>	<b>122</b>
SKÝRSLA FÉLAGSMÁLAFULLTRÚA .....	122
SKÝRSLA FORVARNARFULLTRÚA .....	135
SKÝRSLA BÓKAVARÐAR .....	141
SKÝRSLA NÁMSRÁÐGJAFJA VETURINN 2011 – 2012 .....	143

## **Skólinn**

### **Menntasýn Framhaldsskólans á Húsavík**

---

Framhaldsskólinn á Húsavík hefur það að leiðarljósi að vinna í samræmi við einkunnarorð sín sem eru Frumkvæði – Samvinna – Hugrekki. Lögð er áhersla á að þeir þættir sem endurspeglast í einkunnarorðunum liti allt daglegt starf **SKÓLANS**.

#### **1. Framhaldsskólinn á Húsavík leggur áherslu á að efla frumkvæði nemenda. Efling frumkvæðis hefur það að markmiði:**

- a. að hlúa að styrkleikum hvers og eins og hvetja nemendur til skapandi hugsunar, og skapandi starfs.
- b. að hvetja nemendur til þess að sjá nýjar leiðir og lausnir á fjölbreyttum úrlausnarefnum.

#### **2. Framhaldsskólinn á Húsavík leggur áherslu á mikilvægi samvinnu allra þeirra sem í skólanum starfa, bæði nemenda og kennara, í öllu daglegu starfi. Samvinna og samstarf hefur það að markmiði:**

- a. að þjálfa nemendur í lýðræðislegu starfi og lýðræðislegri hugsun.
- b. að þroska með nemendum hæfileikann til þess að setja sig í spor annarra og bera virðingu fyrir ólíkum viðhorfum, og sýna umburðarlyndi, skilning og þolinmæði í samskiptum við aðra.
- c. að nemendur öðlist dýpri skilning á hugtökum á borð við frelsi, jafnrétti og systkinalag með því að þeir fái frelsi til að tjá skoðanir sínar og taka ákvarðanir um nám sitt, hafi jöfn tækifæri til þátttöku og áhrifa án tillits til félags- og efnahagslegrar stöðu, hæfni, reynslu, aldurs, kynferðis, kynhneigðar, trúararfstöðu, kynþáttar eða þjóðernis. Að nemendur efli samskiptahæfni sína með því að vinna með öðrum að fjölbreyttum viðfangsefnum, læri að leysa úr ágreiningi, vinni gegn mismunun og einelti, öðlist meiri sjálfsaga og taki ábyrgð á eigin gerðum.
- d. að vinna með nærsamfélagi skólans að því að þroska grenndarvitund nemenda og stuðla með þeim hætti að því að nemendur öðlist dýpri þekkingu og skilning á nærsamfélagi sínu og því umhverfi sem þeir eru hluti af.

#### **3. Framhaldsskólinn á Húsavík leggur áherslu á að efla hugrekki nemenda í daglegu starfi sínu. Efling hugrekkis hefur það að markmiði:**

- a. að efla sjálfstraust og sjálfsvirðingu nemenda með því að hvetja þá til þess að sýna sjálfum sér og öðrum umhyggju og virðingu.
- b. að nemendur fá þá hvatningu og stuðning sem þarf til að þeir sjái hvers þeir eru megnugir.
- c. að nemendur hafi kjark og þor til að tjá tilfinningar sínar og skoðanir, standa með sjálfum sér og lífa heilbrigðu lífi.

## Hlutverk Framhaldsskólans á Húsavík

---

### Nemendur:

Skólinn hefur það hlutverk að stuðla að menntun og uppeldi nemenda með því að skapa þeim fjölbreytt tækifæri og trausta umgjörð til menntunar í víðum skilningi þess orðs.

Skólinn hefur það hlutverk að leggja rækt við einstaklingsbundna hæfileika nemenda, auka þekkingu þeirra, hæfni og leikni á hinum ýmsu sviðum. Skólinn vill hvetja nemendur til sjálfstæðis, sjálfsaga, gagnrýnnar hugsunar og ígrundunar.

Skólinn hefur það hlutverk að undirbúa nemendur undir þátttöku í lýðræðissamfélagi, með því að þroska með þeim borgaravitund, virðingu fyrir sjálfum sér, samborgurum sínum og umhverfi.

Skólinn hefur það hlutverk að gera nemendur hæfari til þess að takast á við frekara nám og þátttöku í atvinnulífi og stuðla þannig að velferð þeirra og farsæld í einkalífi, námi og starfi.

### Nærsamfélagið:

Skólinn er öllum opinn og leggur áherslu á að þjóna íbúum í Þingeyjarsýslum. Hann hefur ákveðnar skyldur við sitt nærsamfélag og leitast við að bjóða íbúum þess eins fjölbreyttar leiðir til menntunar og mögulegt er.

Skólinn hefur það hlutverk að miðla þekkingu og reynslu til annarra skóla í héraðinu, stofnana, fyrirtækja og stjórnvalda.

Skólinn hefur það hlutverk að styrkja jákvæð viðhorf til búsetu á svæðinu.

### Samfélagið:

Skólinn hefur það hlutverk að miðla til nemenda menningu samfélagsins og þroska með þeim hæfni til virkrar þátttöku í mótun þess og framþróun á sem flestum sviðum.

## Markmið

---

### 1. Nám

#### Í Framhaldsskólanum á Húsavík er nám nemenda:

- a. **Fjölbreytt** og mætir ólíkum þörfum og áhugasviðum nemenda.
- b. **Krefjandi**, þar sem nemendur fá viðfangsefni við hæfi og eru hvattir til virkrar þátttöku, vinnusemi, sjálfstæðara og agaðra vinnubragða og góðs árangurs.
- c. **Þroskandi**, þar sem leitast er við að efla sjálfsmynd og sjálfstraust nemenda, siðferðiskennd þeirra og persónuþroska í öllum daglegum samskiptum
- d. **Skapandi**, þar sem nemendur eru hvattir til gagnrýnnar hugsunar og sköpunar á öllum sviðum.
- e. **Lýðræðislegt**, þar sem nemendur fá tækifæri til þess að hafa áhrif á nám sitt og námsumhverfi, starfa saman á jafnréttisgrundvelli, læri að setja sig í spor annarra og þorska með sér réttlætiskennd og aukna samskiptahæfni.
- f. **Þjálfun í læsi**, þar sem lögð er áhersla á þekkingu, hæfni og leikni nemenda í að lesa og skilja eigið tungumál, erlend tungumál auk gagna og upplýsinga um margvísleg umfjöllunarefni á ýmsu formi.
- g. **Í tengslum við nærsamfélagið**, þar sem leitast er við að tengja viðfangsefni skólastarfsins sögu, menningu, atvinnulífi, náttúru og umhverfi nemenda eins og því verður best við komið.

### 2. Kennsla

#### Í Framhaldsskólanum á Húsavík er kennsla:

- a. **Fjölbreytt**, þar sem leitast er við að hafa kennslu þannig að kennsluhættir geri öllum nemendum kleift að tileinka sér þekkingu og öðlast þá hæfni og leikni sem stefnt er að hverju sinni.
- b. **Einstaklingsmiðuð**, þar sem leitast er við að mæta mismunandi forsendum nemenda þannig að hver og einn fái sem best notið hæfileika sinna.
- c. **Áhugavekjandi**, þar sem lögð er áhersla á virkja nemendur til þátttöku og nýsköpunar á sem flestum sviðum.
- d. **Hvetjandi og uppbyggjandi**, þar sem áhersla er lögð á að nemandinn öðlist trú á eigin getu og hæfileika og kennari vænti ætíð árangurs.
- e. **Skipuleg og markviss**, þar sem nemendur fá skýr skilaboð um þær væntingar og kröfur sem gerðar eru til þeirra varðandi ástundun, vinnubrögð og árangur.

**f. Í tengslum við nærumhverfið**, þar sem viðfangsefnin tengjast nærsamfélaginu og auka þannig skilning og virðingu nemenda fyrir þeirra nánasta umhverfi.

**g. Í takti við tímann**, þar sem tekið er mið af nýjungum á sviði kennsluhátta og upplýsingatækni.

### 3. Námsmat

#### Í Framhaldsskólanum á Húsavík er námsmat:

**a. Í samræmi við lærdómsviðmið** áfangans eins og þau eru skilgreind í námsáætlun.

**b. Lýsandi og greinandi** og veitir nemendum skýrar upplýsingar um stöðu þeirra í viðkomandi námsgrein, jafnt styrkleika sem veikleika.

**c. Fjölbreytt** og tekur mið af mismunandi hæfileikum nemenda.

### 4. Innra mat

#### Í Framhaldsskólanum á Húsavík er innra mat:

**a. Markvisst**, þar sem leitast er við að greina með skipulegum hætti hvernig skólanum miðar í þeirri viðleitni að ná þeim markmiðum sem sett eru skólastarfinu í skólanámskrá.

**b. Lýsandi og greinandi**, þar sem notaðar eru fjölbreyttar leiðir til þess að afla upplýsinga um alla þætti skólastarfsins, í þeim tilgangi að fá fram eins skýra mynd af styrkleikum og veikleikum í starfi skólans og kostur er.

**c. Umbótamiðað**, þar sem niðurstöður matsins leiða ætíð til eflingar skólastarfsins.

**d. Þátttökumiðað**, þar sem lögð er áhersla á þátttöku allra hagsmunaaðila skólans.

**e. Opinbert**, þar sem niðurstöður matsins eru aðgengilegar öllum á heimasíðu skólans.

### 5. Þjónusta

#### Í Framhaldsskólanum á Húsavík er þjónusta:

**a. Metnaðarfull**, þar sem leitast er við að mæta mismunandi þörfum nemenda, starfsfólks og annarra þeirra sem til skólans leita.

**b. Fagleg**, þar sem lögð er áhersla á öfluga náms- og starfsráðgjöf og námsúrræði við hæfi nemenda með fötlun eða sértæka námsörðugleika.

**c. Uppbyggjandi**, þar sem lögð er áhersla á velferð nemenda og umhyggja og virðing höfð að leiðarljósi.

## 6. Stjórnun

### Í Framhaldsskólanum á Húsavík er stjórnun:

- a. **Lýðræðisleg**, þar sem lögð er áhersla á þátttöku allra hagsmunaaðila skólans í stefnumótun og ákvarðanatöku, og virðing borin fyrir ólíkum viðhorfum þátttakenda.
- b. **Hvetjandi og styðjandi**, þar sem áhersla er lögð á mikilvægi trausts og jákvæðra væntinga í öllum samskiptum.
- c. **Stefnumiðuð**, þar sem skýr sameiginleg sýn á hlutverk og stefnu skólans er lögð til grundvallar starfinu.
- d. **Markviss**, þar sem ábyrgð, verkaskipting, skipulag og verklag er skýrt og öllum ljóst.
- e. **Upplýsandi**, þar sem gætt er að gagnsæi og virkri miðlun upplýsinga um alla þætti er varða starf skólans.

## 7. Rekstur

### Í Framhaldsskólanum á Húsavík er rekstur:

- a. **Byggður á nákvæmri áætlanagerð**, þar sem leitast er við að byggja á eins traustum forsendum og unnt er á hverjum tíma.
- b. **Í samræmi við fjárheimildir**, þar sem lögð er áhersla á að gæta aðhalds og hagkvæmni í ráðstöfun opinbers fjár.
- c. **Öllum ljós**, þar sem upplýsingar um stöðu mála í rekstri skólans er kynntur hagsmunaaðilum reglulega og leitast við að efla kostnaðarvitund innan skólans.
- d. **Sjálfbær**, þar sem leitast er við að nýta og endurnýta auðlindir og auka þannig virðingu skólasamfélagsins fyrir náttúrunni og náttúruauðlindum.

## 8. Aðstaða

### Í Framhaldsskólanum á Húsavík er aðstaða:

- a. Sniðin að þörfum nemenda til náms og félagslífs.
- b. Vel búin tækjum og búnaði til náms og kennslu.
- c. Snyrtileg, hlýleg og hvetjandi.
- d. Með góðu aðgengi fyrir alla.
- e. Undir markvissu eftirliti er varðar öryggi, hollustuhætti og heilbrigði.



## 9. Staðblær

### Í Framhaldsskólanum á Húsavík er staðblær:

- a. **Jákvæður**, þar sem vellíðan og starfsánægja allra er höfð að leiðarljósi.
- b. **Lifandi**, þar sem öflugt félagslíf nemenda setur svip sinn á daglegt líf.
- c. **Hreykinn**, nemendur, starfsfólk, foreldrar og nærsamfélagið allt er stolt af skólanum.

## 10. Samstarf

### Í Framhaldsskólanum á Húsavík er samstarf:

- a. **Við foreldra** - jákvætt og virkt, þar sem frumkvæði er haft af hálfu skólans um að upplýsa og styðja foreldra í málum er varða nám barna þeirra. Foreldrar eru hvattir til þátttöku í stefnumótun og starfi skólans með hagsmunum barna þeirra að leiðarljósi.
- b. **Við nærsamfélagið** – jákvætt, virkt og sýnilegt, þar sem byggt er á gagnkvæmum samstarfsvilja þar sem fara saman hagsmunir nærsamfélagsins og skólans.
- c. **Við grunnskólastigið** - gagnvirkt, upplýsandi, jákvætt og markvisst, þar sem áhersla er lögð á að skilin á milli skólastiganna séu sem minnst.
- d. **Við aðra framhaldsskóla** – faglegt, jákvætt, gagnvirkt og uppbyggjandi og til þess fallið að efla námsframboð skólans og vera upplýsandi um nýjungar og þróunarstarf á sviði náms og kennslu.
- e. **Við háskólastigið/framhaldsnám** – faglegt, jákvætt, gagnvirkt og upplýsandi þannig að nemendur komi sem best undirbúnir í framhaldsnám og skilin milli skólastiganna verði sem minnst.

---

## Skólareglur

---

Nemendur skulu rækja nám sitt af áhuga og samvirkusemi og ber þeim að mæta stundvíslega í allar kennslustundir.

- 1) Almenn kurteisi til orðs og æðis skal viðhöfð í samskiptum nemenda og starfsmanna skólans.
- 2) Öllum ber að ganga vel um húsnæði og eigur skólans.
- 3) Neysla og sala tóbaks, áfengis og annara vímuefna er stranglega bönnuð í skólanum, á lóð hans og á skemmtunum og í ferðalögum á vegum skólans.
- 4) Við brot á skólareglum skal veita nemanda skriflega áminningu áður en til refsingar kemur, nema brotið sé þess eðlis að því verði ekki við komið, svo sem brot á almennum hegningarlögum.
- 5) Brot á reglum um tóbak, áfengi og önnur vímuefni varðar tímabundna brottvikningu úr skóla að undangengnum andmælarétti og nemendum er gert að ræða við áfengis- og fíkniefnaráðgjafa áður en skólaganga hefst á ný. Endurtekið brot varðar endanlega brottvísun úr skóla.

## Umgengnisreglur

- 1) Nemendur og starfsfólk skulu ganga vel um allt húsnæði skólans og lóð hans.
- 2) Nemendur og kennarar skulu sjá til þess að kennslustofur séu snyrtilegar þegar kennslustund lýkur.
- 3) Stranglega er bannað að neyta matvæla í öllum kennslustofum og á bókasafni.
- 4) Öllum ber að fara úr útiskóm í forstofu og nota skóhólf sem þar eru.
- 5) Nemendur og starfsfólk skulu fara vel með tæki skólans og tilkynna strax til húsvarðar eða aðstoðarskólameistara ef þau eru ekki í lagi.
- 6) Ef menn verða valdir að tjóni á eignum skólans ber þeim að bæta skaðann.

Í tölvuverum, raungreinastofu og á bókasafni gilda sérstakar umgengnisreglur sem þar eru kynntar.

## Siðareglur

Í Framhaldsskólanum á Húsavík er lögð áhersla á að öll samskipti séu vingjarnleg og jákvæð. Við viljum hafa hvatningu og uppörvun að leiðarljósi í daglegu starfi skólans og að athugasemdir og gagnrýni vegna hegðunar séu settar fram á málefnalegan og uppbyggjandi hátt.

Við ætlumst til þess að í skólanum ríki ávallt góður vinnufriður þannig að allir geti notið þjónustu skólans sem best.

Öllum bera að mæta stundvíslega, vera vel undirbúnir og með öll nauðsynleg náms- og kennslugögn í kennslustundir og gildir það jafnt um nemendur og kennara.

Í kennslustundum er kennarinn óumdeildur verkstjóri og ber nemendum að fylgja fyrirmælum hans. Sama gildir um fyrirmæli um verkefnaskil sem unnin eru utan kennslustunda.

Brjótí nemandi af sér með ósæmilegri hegðun eða óhlýðni og sinni ekki ábendingum kennara um að bæta ráð sitt skulu kennari og nemandi ganga á fund skólameistara og skýra málsatvik fyrir honum. Skólameistari metur hvort ástæða sé til að veita nemanda áminningu. Nemandanum er vísað úr viðkomandi áfanga ef hann brýtur ítrekað af sér. Kennari skal ekki vísa nemanda úr tíma nema í neyðartilvikum og þá ávallt beint til skólameistara.

Telji nemandi að kennari hafi brotið á sér með ókurteisi, ófullnægjandi kennslu, óstundvísi eða með öðrum hætti, getur hann lagt fram fomlega kvörtun til skólameistara sem er þá skylt að kanna málsatvik og gera viðeigandi ráðstafanir sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Skólameistara er skylt að upplýsa foreldra eða forráðamenn nemanda sem ekki hefur náð sjálffræðisaldri um öll mál sem upp koma og varða barn þeirra sérstaklega. Þegar nemandi hefur náð sjálffræðisaldri er einungis heimilt að veita honum sjálfum, eða þeim sem nemandinn veitir skriflegt umboð, upplýsingar um eigin hagi úr gagnasafni skólans.

## Meðferð mála

Brjótí nemandi skólareglur skal veita honum viðvörðun áður en til refsingar kemur nema brotið sé þess eðlis að því verði ekki viðkomið, svo sem brot á almennum hegningarlögum. Áminning vegna brota á skólareglum eiga að vera skriflegar þar sem fram kemur m.a. tilefni áminningar, viðurlög og andmælaréttur hans. Viðurlög við broti á skólareglum geta verið brottrekstur úr áfanga eða skóla, tímabundið eða til frambúðar eftir eðli málsins.

Komi upp ágreiningur í skólanum milli nemenda, kennara, annars starfsfólks skólans eða utanaðkomandi aðila skulu aðilar leitast við að leysa hann sín á milli, annars er málinu vísað til skólastjórnenda, sem ákvarða í málinu. Náist ekki sátt um þá niðurstöðu má vísa málinu til menntamálaráðuneytis.

## Stjórn og skipulag skólans

### Skólanefnd

<b>Erna Björnsdóttir formaður</b>	Stóragarði, 640 Húsavík.
<b>Guðrún Árný Guðmundsdóttir</b>	Baldursbrekku 10, 640 Húsavík
<b>Elísa Elmarsdóttir</b>	Stórhóli 45, 640 Húsavík
<b>Tryggvi Finnsson,</b>	Uppsalavegi 28,
<b>Trausti Aðalsteinsson,</b>	Túngötu 2, 640 Húsavík.
<b>Auður Jónasdóttir,</b>	Laugarbrekku, 640 Húsavík
<b>Ingja Ósk Jónsdóttir</b>	Árgata 5
<b>Lilja Árnadóttir</b>	
<b>Varamenn:</b>	
<b>Aðalsteinn J. Halldórsson</b>	Baughóli 32, 640 Húsavík
<b>Gaukur Hjartarson</b>	Háagerði 7
<b>Gunnlaugur Stefánsson,</b>	Laugarholti 7c
<b>Sigríður Guðjónsdóttir,</b>	Laugarbrekku 20, 640 Húsavík
<b>Snædís Gunnlaugsdóttir</b>	Kaldbak
<b>Herdís Þuríður Sigurðardóttir</b>	Uppsalavegi 8, 640 Húsavík

### Skólaráð

<b>Laufey Petrea Magnúsdóttir</b>	<b>skólameistari</b>
<b>Björgvin Rúnar Leifsson</b>	<b>áfangastjóri</b>
<b>Knútur Hilmarsson</b>	<b>fulltrúi kennara</b>
<b>Dóra Ármannsdóttir</b>	<b>fulltrúi kennara</b>
<b>Sigrún Edda Kristjánsdóttir</b>	<b>fulltrúi kennara</b>
<b>Hafþór Reinhardsson</b>	<b>fulltrúi kennara</b>
<b>Herdís Sigurðardóttir</b>	<b>varamaður kennara</b>

## Áfangakerfi

Segja má að áfangakerfið sem skólinn starfar eftir sé þrjúþætt: eininga-, anna- og áfangakerfi. Einingakerfið gerir skólanum kleift að meta nám í mismunandi námsgreinum til eininga sem eru jafngildar. Þannig er unnt að meta að jöfnu óskilyt nám, en námslok miðast m.a. við að nemendur hafi lokið tilskildum einingafjölda. Skólaárinu er skipt niður í tvær jafnlangar annir, vorönn og haustönn. Námsgreinum er skipt niður í áfanga sem hver um sig tekur eina önn og lýkur með prófi eða öðru námsmati í annarlok. Aðalkostur áfangakerfisins er að það gerir skólastarfið sveigjanlegra, þannig að hægt er að koma til móts við nemendur með mismunandi áhugasvið, námsgetu og þarfir.

## Námseiningar

Allt nám í skólanum er metið til námseininga. Áfangar eru merktir eftir ákveðnu kerfi og kemur einingafjöldi áfangans fram í þeirri merkingu. Auðkenni áfanga er þriggja stafa tala; fremsta talan táknar hvar áfanginn er í röðinni innan námsgreinar, önnur talan greinir að áfanga með sama undanfara, þriðja talan segir til um einingafjölda áfangans. Einkennistalan 103 táknar því að áfanginn er byrjunaráfangi sem gefur 3 einingar.

## Námsannir

Hægt er að hefja nám og ljúka námi á hvorri önninni sem er, haustönn eða vorönn. Margir námsáfangar eru kenndir á báðum önnum en sumir eru aðeins kenndir aðra önnina eða sjaldnar og þurfa nemendur að taka tillit til þess við gerð námsáætlana. Skólinn birtir á hverri önn skrá yfir þá áfanga sem í boði verða á næstu önn eða önnum.

## Námsbrautir – námsleiðir

Námsbrautir eru ekki sérstakar deildir í skólanum, heldur ákveðin samsetning námsáfanga, eins og kemur fram í brautarlýsingum í skólanámskrá. Sumir námsáfangar eru sameiginlegir mörgum námsbrautum og í þeim er nemendum raðað saman í kennsluhópa án tillits til þess á hvaða braut þeir eru skráðir. Eðlilegt er að hefja námið sem mest á sameiginlegum námsáföngum en af því leiðir að auðvelt er að skipta um braut eftir fyrstu námsannirnar án þess að það kosti tímatap eða óþægindi.

Til að ljúka námi af námsbraut þarf nemandi annars vegar að ljúka tilskildum einingafjölda í heild en hins vegar að ljúka tilteknum áföngum eða tilteknum einingafjölda í einstökum námsgreinum eða námsgreinaflokkum. Nám hvernar námsbrautar skiptist í kjarna, kjörsvið og frjálst val. Nám í kjarna er að mestu sameiginlegt fyrir allar brautir. Á kjörsviði eru greinar sem fela í sér sérhæfingu í samræmi við lokamarkmið brautar. Fyrir hverja braut eru skilgreindar nokkrar kjörsviðsgreinar sem nemandinn getur valið úr eftir sérstökum reglum. Frjálst val gefur nemanda möguleika á að kynna sér greinar sem ekki tilheyra því námssviði sem hann hefur valið sér. Nemendur geta lokið námi af fleiri en einni braut með því að ljúka skylduáföngum á viðkomandi brautum.

## Námstími

Í brautarlýsingum er gefinn upp meðalnámstími til að ljúka einstökum brautum en í reynd getur námstíminn orðið talsvert breytilegur, bæði skemmri og lengri en svarar til meðalnámstímans. Nemendur geta að nokkru ráðið námshraða sínum sjálfir með því að ljúka á hverri önn fleiri eða færri áföngum en gert er að jafnaði. Misjafn undirbúningur nemenda í upphafi getur haft áhrif á það hve fljótt þeim miðar áfram í náminu.

## Kennslustundir

Kennt er í 60 mínútna löngum kennslustundum. Í sumum áföngum er þó einnig kennt í 40 mínútur. Frímínútur eru 5 eða 10 mín. Eftir annan tíma er 15 mín. nestishlé og hádegishlé er 35 mín.

## Kennsluáætlanir

Nemendur fá kennsluáætlanir í öllum áföngum í upphafi hverrar annar. Þar koma fram ýmsar hagnýtar upplýsingar, t.d. markmið áfangans, kennslugögn, kennsluaðferðir, námsmat og tímaáætlun. Nemendur skipuleggja nám sitt í samræmi við kennsluáætlanir. Brautastjórar bera ábyrgð á að kennsluáætlanir séu gerðar í öllum áföngum.

## Stundatöflur nemenda

Í áfangakerfinu eru engir bekkir á sama hátt og í grunnskólanum heldur er útbúin sérstök stundatafla fyrir hvern nemenda. Á fyrstu námsönn gera nemendur námsáætlun fyrir allan námstímann sem getur tekið breytingum. Á hverri önn er svokallaður valdagur og ganga nemendur þá frá vali á námsáföngum fyrir næstu önn. Lögð er fram skrá yfir þá áfanga sem í boði eru og verður valið að miðast við þá skrá auk þess sem nemandinn verður að taka tillit til námsbrautar og gæta þess að brjóta ekki reglur um undanfara.

Val nemenda er bindandi og verða ekki gerðar breytingar á töflu hans eftir á nema brýna nauðsyn beri til. Gefinn er ákveðinn frestur til töflubreytinga í upphafi hvorrar annar og er töflum ekki breytt eftir að hann er runninn út. Nemendur geta þó sagt sig úr áfanga á fyrri hluta annar.

## Undanfarar

Við val á námsáföngum skulu nemendur gæta þess að undanfarareglum sé hlítt. Ekki er heimilt að hefja nám í áfanga án þess að hafa lokið áður þeim áföngum sem tilgreindir eru sem undanfarar í námsvísi.

---

## Þjónusta við nemendur

---

### Skrifstofa

#### Opnunartími skrifstofu er sem hér segir:

Mánudaga til föstudaga: kl: 8:00-13:00.

Á skrifstofu er eftirtalin þjónusta í boði:

Skrifstofan gefur út vottorð um skólavist nemenda t.d. vegna orlofs, atvinnuleysisbóta eða Tryggingastofnunar ríkisins sé þess óskað.

Skrifstofan sér um að koma upplýsingum um forföll kennara á framfæri.

Námsferlar nemenda eru allir varðveittir á rafrænu formi í upplýsingakerfi skólans (INNU) og geta nemendur fengið staðfest afrit þessara gagna, ef á þarf að halda t.d. við umsóknir í aðra skóla. Beiðnum um staðfest afrit skal beint til skrifstofu skólans.

Nemendur geta óskað eftir að fá prófskírteini/einkunnir þýddar yfir á erlend mál gegn greiðslu þýðingargjalds. Beiðnum um þýðingar skal beint til skrifstofu.

### Bókasafn

**Bókasafnið** þjónar fyrst og fremst nemendum, kennurum og starfsfólki Framhaldsskólans á Húsavík.

**Safnkostur:** Á safninu er að finna bækur, tímarit, myndbönd, DVD diska og fleiri gögn, sem aðallega tengjast námsgreinum skólans eða snerta starfsemi hans á einhvern hátt. Skráðar hafa verið rúmlega 4600 bækur og annað efni.

**Tölvuskrá:** Allt efni safnsins er tölvuskráð og nú er hægt að finna stærstan hluta safnkostsins í **Gegni.is**, sem er samskrá íslenskra bókasafna á vefnum. Í **Gegni.is** er meðal annars hægt að sjá hvort ákveðin bók sé til í bókasafni FSH og hvort hún sé í láni eða staðsett í hillu.

**Það kostar ekkert að taka bækur eða annað efni að láni** og nemendur þurfa engin bókasafnskort. Það eina sem þarf að gera er að gefa upp kennitölu hjá bókaverði, þegar bók eða önnur gögn eru tekin að láni.

#### **Öll útlán þarf að tölvuskrá.**

Ef starfsmaður er ekki við þegar taka á bók að láni er viðkomandi vinsamlega beðinn um að **skrifa nafn sitt** og **kennitölu** á þar til gerða miða sem staðsettir eru á afgangsluborði og einnig nafn höfundar og bókar eða **númerið á strikamiðanum** sem er **aftan** á bókinni( merktur bókasafni Framhaldsskólans á Húsavík), og skilja miðann eftir á borði bókavarðar.



**Útlánatími** er eftir samkomulagi við bókavörð. Flestar bækur og annað safnefni er lánað út, en **kennslubækur** og **orðabækur** eru þó aðeins lánaðar **einn dag í einu eða yfir helgi**. **Handbækur** sem mest eru notaðar eru aðeins lánaðar innan skólans.

**Aðstaða:** Á bókasafninu eru sæti fyrir 19 manns. Þar eru staðsettar **3 tölvur fyrir nemendur, litaprentari** og myndriti (**skanner**). Prentarinn sem nemendur hafa aðgang að er staðsettur fyrir framan dyr bókasafnsins og heitir fsh.vax\_bokasafn. Hann þarf að velja sérstaklega þegar prentað er út. **Ljósritunarvél** sem nemendur hafa aðgang að er þar staðsett.

**Heimildaleit:** Bókasafnsfræðingur leiðbeinir notendum um safnið og aðstoðar við heimildaleit vegna verkefna og ritgerða.

## Námsráðgjafi

Námsráðgjafi er við á mánudögum frá 8.00-10.00 og 12.30-15.30 og á fimmtudögum frá 8.00-15.45. Hægt er að bóka viðtal hjá ráðgjafanum í síma 464-1344. Auk þess er hægt að hafa samband með tölvupósti. Ekki er nauðsynlegt að bóka viðtal fyrirfram hjá ráðgjafa, nemendur eru hvattir til að líta inn, vanti þá ráðgjöf eða vilja spjalla.

**Hlutverk námsráðgjafa:** Er að vinna með nemendum, forráðamönnum, kennurum og öðrum sérfræðingum innan og utan skólans að ýmiss konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda og hefur það að markmiði að skapa hverjum nemenda sem bestar aðstæður í námi.

**Allir nemendur og forráðamenn þeirra eiga kost á að nýta sér þjónustu námsráðgjafa.**

Námsráðgjafinn er bundin þagnarskyldu varðandi þær upplýsingar sem honum er trúað fyrir í starfi sínu.

## Sértæk námsúrræði

### Þjónusta við fatlaða

Fatlaðir nemendur skulu eiga þess kost að nýta sér það nám sem er í boði á almennum námsbrautum skólans með þeirri aðstoð sem þeir þurfa og skólinn getur veitt. Einnig skal boðið upp á nám á sérstökum námsbrautum þar sem kennsla og viðfangsefni miðast við fötlun nemandans.

Skólinn leitast þannig við að koma til móts við hvern og einn hverju sinni eins og kostur er.

### Nám fyrir nemendur með takmarkaða kunnáttu í íslensku

Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku og íslenskir nemendur, sem hafa dvalið lengi erlendis og hafa þar af leiðandi takmarkaða kunnáttu í málinu, geta sótt um að stunda nám í íslensku samkvæmt sérstakri námskrá sem ætluð er þessum nemendum. Sama gildir um heyrnarlausa nemendur.

Hafi viðkomandi nemandi dvalið utan Norðurlanda þá getur hann sótt um að taka annað tungumál í staðinn fyrir Norðurlandamál.



## **Þjónusta við langveika nemendur**

Skólinn mun leitast við að koma til móts við þarfir langveikra nemenda eins og kostur er. Laga þarf þjónustu skólans eftir aðstæðum hvers nemanda. Skólinn er tilbúinn til að:

- 1) Gefa undanþágu frá reglum um skólasókn.
- 2) Sjá um að senda námsgögn heim til nemandans.
- 3) Sjá til þess að kennarar verði í internetsambandi við nemandann.
- 4) Senda kennslustundir frá skólanum með fjarfundabúnaði.

## **Önnur sértæk námsúrræði**

Hér er fjallað um tilhliðranir varðandi námsvinnu, verkefnaskil og próftöku fatlaðra nemenda, langveikra nemenda, nemenda með annað móðurmál en íslensku og nemenda með sértæka námsörðugleika s.s. tal- lestrar- og / eða skriftarhamlanir. Markmiðið er að þessum nemendum sé gert mögulegt að sýna þekkingu sína og færni í tiltekinni námsgrein án þess að fötlunin, veikindin, tungumálið eða hömlunin hafi áhrif á námsmatið.

## **Námsráðgjafinn:**

- a) Tekur við greiningum sem nemendur koma með, skoðar hvaða rétt þeir hafa til fyrirgreiðslu og setur þá inn í þau úrræði sem skólinn veitir.
- b) Auglýsir innan skólans í upphafi haust- og vorannar hvaða úrræði skólinn veitir nemendum með sértæka námsörðugleika.
- c) Fundar í byrjun haust- og vorannar með kennurum þeirra nemenda sem eiga við sértæka námsörðugleika að etja.
- d) Tekur við beiðnum varðandi sértækar þarfir í prófum, metur beiðnirnar og skráir.
- e) Kemur upplýsingum til áfangastjóra sem ræðir við einstaka kennara ef veittar eru undanþágur frá prófareglum t.d. munnleg próf ofl.
- f) Aðstoðar nemendur við að bæta námsaðstæður sínar, eins og best hentar í hverju tilviki, í samræm við óskir þeirra og þarfir.

Í fyrsta umsjónatíma, haust- og vorannar hvetja umsjónakennarar nemendur til að hafa samband við námsráðgjafa ef þeir eiga við námserfiðleika að etja.

## **Próf:**

Öllum beiðnum nemenda um sérúrræði varðandi próftöku ber að vísa til námsráðgjafa sem hefur umsjón með þessum málum.

1. Framlenging á próftíma: Nemendur sem fá lengri próftíma taka prófin í sömu stofu og aðrir nemendur. Áfangatjóri merkir L við nöfn þeirra á mætingalista. Að loknum venjulegum próftíma fá þessir nemendur framlengingu hver í sinni stofu (allar yfirsetur geta því orðið tveir tímar).
2. Lestur fyrirsmæla: Nemandi getur fengið próffyrirmæli lesin við próftöku.

3. Próf á spólu / geisladiski: Kennara ber að verða við beiðni um innlestur á prófi hafi nemandi hans fengið til þess samþykki námsráðgjafa. Kennari skilar spólu / diskum merktum nemandanum með öðrum prófum til ritara.
4. Munnlegt próf: Nemandi með sértæka námsörðugleika getur sótt um að fá að taka munnlegt próf að hluta eða í heild í stað skriflegs prófs. Námsráðgjafi kemur slíkum beiðnum til áfangastjóra sem skal hafa samráð við viðkomandi kennara um hvort við því verði orðið og þá hvar og hvenær munnlega prófunin fer fram.
5. Stækking á lettri: Öll skrifleg próf skulu prentuð með 12-14 punkta Ariel lettri. Kennara ber að stækka letur ef nemandi með sjónskerðingu, alvarlega dyslexiu eða aðrar lestrarhamlanir fær slíka beiðni samþykkt hjá námsráðgjafa. Kennari skilar prófinu merktu nemandanum með öðrum prófum til ritara.
6. Sérstofa: Nemandi sem vegna mikils prófkvíða, veikinda eða annarra ástæðna á erfitt með að taka próf í almennri stofu getur sótt um að vera í fámennri stofu. Áfangastjóri finnur nemanda stað til próftöku og lætur nemanda vita. Kennarinn veitir nemandanum sömu þjónustu og öðrum nemendum við próftöku.
7. Sérstakt námsmat: Nemandi sem getur ekki tekið próf á sama hátt og aðrir í áfanganum og getur ekki heldur nýtt sér þau frávík sem um getur í liðum hér að ofan getur sótt um að vera metinn á annan hátt. Námsráðgjafi skal í samráði við viðkomandi kennara og áfangastjóra úrskurða hvort við því verði orðið. Kennara ber að framkvæma námsmatið með þeim hætti sem samkomulag verður um.

### **Námsvinna:**

Almennt gildir að kennari taki tillit til fötlunar, veikinda og hömlunar nemanda svo sem unnt er með því að:

- a) Hlífa nemanda með tal- / lestrarörðugleika við fyrirvaralausum upplestri eða munnlegum flutningi (samið um hvenær texti verði lesinn / futtur).
- b) Gefa nemanda með skriftarhömlun kost á að hafa segulband í kennslustundum og / eða fá ljósrit af glærum og öðru kennaraefni sem nemandinn nær ekki að glósa í tímum.
- c) Bjóða nemanda annan greinabundinn stuðning sem viðkomandi kennari sér möguleika á.

### **Verkefnaskil:**

Almennt gildir að kennari taki tillit til fötlunar / hömlunar nemanda við verkefnaskil eftir því sem unnt er. Má þar nefna:

- a) Nemandi með talörðugleika fái lengri tíma til munnlegra skila eða fái að skila verkefnum einslega til kennara eða skila verkefnum skriflega.
- b) Nemandi með lestrarhömlun eigi möguleika á lengri skilafresti ef verkefni krefjast viðbótarlesefnis eða fái viðbótarlesefni á spólu. Ef verkefni fela í sér upplestur fái nemandi undirbúningstíma til að kynna sér textann eða jafnvel skila einslega til kennara.

- c) Nemandi með stafsetningar / skriftarhömlun eigi kost á munnlegum skilum eða að skila verkefni á spólu eða að tekið sé vægara en ella á ritunar- / stafsetningarvillum í skriflegum skilum.

## **Matur fyrir nemendur FSH**

Nemendur FSH geta keypt hádegismat á Fosshótel Húsavík.

Seldir verða matarmiðar sem gilda annars vegar fyrir haustönn og hins vegar fyrir vorönn.

Verð á matarmiðum er sem hér segir:

10 miðar kosta kr. 6.000 (600 kr. máltíðin). Stök máltíð kostar 900 kr.

Miðarnir verða seldir á hótelinu og gilda fyrir þær máltíðir sem nemendur kjósa, ekki þarf að panta mat fyrir fram fyrst um sinn. Hægt er að hafa samband í netfangið jona@fosshotel.is og fá matseðla senda heim með tölvupósti.

Terían verður opin á matartíma frá kl. 12:25 til 13:00. Nemendur afhenda matarmiða í móttöku hótelsins þegar þeir koma í mat.

## **Forvarnir**

---

Skólinn leitast við með öllum tiltækum ráðum að efla það viðhorf meðal nemenda að vímulaust líferni sé eftirsóknarvert markmið. Lögð er áhersla á að styðja frumkvæði nemenda sjálfra í baráttu gegn neyslu fíkniefna. Skólinn hefur frumkvæði að því að efna til samverustunda nemenda og kennara a.m.k. einu sinni á hverri önn þar sem vímuefnum er úthýst. Skólinn reynir að veita áhugasömum nemendum, sem vilja vinna að fíknivörnum meðal skólafélaga sinna á jafningjagrundvelli, svigrúm til þess í félagslífi og innan einstakra námsgreina eftir því sem við verður komið. Skólinn tekur ekki ábyrgð á neinni þeirri samkomu sem ekki er fyrirfram skýrt kveðið á um að eigi að vera vímulaus.

## **Tölvur**

---

### **Netaðgangur nemenda**

Eldri nemar halda sínum netföngum en nýnemar fá netföng á skrifstofu skólans. Lykilorð allra nýrra netfanga er 12345 og þurfa nemendur sjálfir að breyta sínu lykilorði. Það er gert á eftirfarandi hátt:

Farið er inn á netfanginu og lykilorðinu 12345 (til að fá upp valmyndina er slegið á control-alt-delete). Þegar ræsingu er lokið er aftur slegið á control-alt-delete og kemur þá upp valmynd þar sem meðal annars er hægt að breyta lykilorði. Gamla lykilorðið (12345) er slegið inn og svo nýja lykilorðið tvisvar. Ekki má nota íslenska sérstafi í lykilorði.

Þegar tölvunotkun er hætt er farið gegnum startup-shutdown og valið logoff í valmyndinni. Alls ekki velja lock!

Ekki er ætlast til að slökkt sé á tölvunum að notkun lokinni.

Verði nemendur uppvísir að misnotkun á tölvukerfi skólans verður aðgangurinn tekinn af þeim.

### **Tölvustofa**

Opnunartímar stofu 1 eru þegar hún er ekki í notkun skv. töflu (sjá auglýsingu við stofudyrnar). Kennarar með hópa hafa þó forgang á opnunartímum fram yfir aðra.

### **Fartölvur nemenda**

Nemendur hafi samband við kerfisstjóra til að fá aðgang að þráðlausa netinu. Bent er á að vera með nýjustu uppfærslur af stýrikerfum sama hver þau eru.



# Rekstraryfirlit ársins 2011

## Rekstraryfirlit ársins 2011

Heiti	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí	Agúst	September	Oktober	Nóvember	Desember	Samtals
Dagvinnna	6.203.387	6.203.387	5.893.455	5.857.437	6.466.532	6.450.213	6.149.274	5.892.142	5.744.905	6.126.234	5.827.193	6.764.662	73.578.821
Aukagreiðslur	70.308	40.176	45.198	65.286	65.286	775.000	50.000	-	-	94.770	145.000	42.120	1.393.144
Yfirvinnna	532.086	769.783	883.761	640.546	1.053.970	59.573	18.325	533.270	1.051.394	1.176.959	1.528.498	1.477.949	9.726.114
Launatengd gjöld	1.689.944	1.733.768	1.689.647	1.635.533	1.869.443	1.820.015	1.581.168	1.593.830	1.673.231	1.800.153	1.845.822	2.072.365	21.010.919
Fundfr., námskeið og risna	8.495.725	8.747.114	8.512.061	8.198.802	9.455.231	9.104.801	7.798.767	8.025.242	8.469.530	9.198.116	9.346.513	10.357.096	105.708.998
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	-	25.018	64.500	31.475	64.665	50.982	-	29.989	-	49.232	25.980	21.600	314.209
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	-	125.795	23.490	50.360	92.040	14.718	-	-	22.360	-	-	26.720	404.715
Aktur	-	48.600	73.000	-	-	(121.600)	-	-	-	-	-	-	-
	-	329.567	285.013	203.597	235.609	(47.560)	-	-	259.778	54.625	30.495	-	808.061
Tímarit, bíð og bækur	72.825	9.990	21.859	3.680	88.451	31.027	1.800	49.637	33.577	32.374	61.379	124.103	1.526.985
Skrifstofuvörur og áhöld	82.194	222.916	28.207	-	56.544	-	3.375	266.675	134.428	116.003	138.652	17.314	1.066.308
Adrar vörur	118.481	136.547	186.617	89.161	80.002	2.576	-	94.646	208.419	132.401	187.063	24.610	1.260.523
Ömur sérfræðisþjónusta	273.500	369.453	236.683	92.841	224.997	33.603	5.175	410.958	376.424	280.778	387.094	166.027	2.857.533
Tölvu- og kerlifræðisþjónusta	526.313	144.109	225.793	128.577	130.831	14.954	42.053	480.939	127.322	212.815	140.111	148.637	2.322.454
Prentun, póstur, augl., flutningar	54.788	67.726	72.112	54.788	67.726	67.726	3.364	55.783	55.783	55.783	55.783	55.783	667.145
Sími og ýmis leigugjöld	110.682	26.280	29.372	78.999	125.271	115.444	21.056	162.589	70.545	37.931	27.297	158.754	964.420
Verkaup og byggingavörur	98.577	154.199	90.071	100.398	105.521	264.518	89.285	100.023	97.510	91.876	213.549	560.410	1.965.937
Rafmagn og heit vatn	790.560	392.314	417.348	362.762	429.349	462.642	155.758	799.334	351.160	398.405	436.740	923.584	5.919.956
Húsaleiga og aðk. ræsting	-	47.380	-	969	2.771	-	21.873	-	34.509	20.548	16.239	-	144.289
Brennslæfni og ollur	242.206	139.715	157.243	116.129	115.997	103.983	106.767	65.711	97.486	127.130	125.118	170.891	1.568.376
Vextir, bætur, skattar	1.120.183	1.140.684	1.129.635	1.116.162	1.481.022	1.114.319	1.078.483	1.379.279	1.324.575	1.144.908	1.110.064	1.130.986	14.270.300
Eignakaup	1.362.389	1.327.779	1.286.878	1.233.260	1.599.790	1.218.302	1.185.250	1.466.863	1.456.570	1.292.586	1.251.421	1.301.877	15.982.965
Tilfærslur	3.768	-	-	-	-	-	-	-	-	-	26.634	-	30.402
	3.768	160	-	693	15	-	-	-	25.535	13	535	57.012	83.973
	-	-	-	-	-	-	-	-	434.032	-	39.980	-	474.012
	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
	10	160	-	693	15	-	-	-	-	-	-	-	-
	10	160	-	693	15	-	-	-	-	-	-	-	-
Gjöld	10.925.952	11.166.387	10.737.983	10.091.955	11.944.991	10.771.768	9.144.950	10.732.386	11.395.389	11.273.755	11.545.392	12.853.916	132.584.824
Sértektur	(365.580)	(33.000)	7.908	(38.786)	(89.737)	(150.077)	(132.500)	(250.300)	(113.300)	(284.612)	(1.007.751)	(520.612)	(2.988.347)
Aðrar rekstrartektur	(1.027.500)	(10.000)	-	(38.786)	(99.737)	(150.077)	(132.500)	(250.300)	(113.300)	(284.612)	(1.007.751)	(520.612)	(2.988.347)
	(1.027.500)	(10.000)	-	(38.786)	(99.737)	(150.077)	(132.500)	(250.300)	(113.300)	(284.612)	(1.007.751)	(520.612)	(2.988.347)
	(1.027.500)	(10.000)	-	(38.786)	(99.737)	(150.077)	(132.500)	(250.300)	(113.300)	(284.612)	(1.007.751)	(520.612)	(2.988.347)
	(1.027.500)	(10.000)	-	(38.786)	(99.737)	(150.077)	(132.500)	(250.300)	(113.300)	(284.612)	(1.007.751)	(520.612)	(2.988.347)
Framlag ríkissjóps	(10.488.298)	(9.563.407)	(10.389.670)	(10.295.570)	(10.611.074)	(9.337.968)	(9.429.049)	(11.371.204)	(10.109.146)	(10.845.836)	(11.404.399)	(13.646.602)	(127.492.223)
	(10.488.298)	(9.563.407)	(10.389.670)	(10.295.570)	(10.611.074)	(9.337.968)	(9.429.049)	(11.371.204)	(10.109.146)	(10.845.836)	(11.404.399)	(13.646.602)	(127.492.223)
	(11.881.378)	(9.606.407)	(10.381.762)	(10.334.356)	(10.770.811)	(9.488.045)	(10.145.049)	(12.336.004)	(10.246.446)	(11.130.448)	(12.424.150)	(14.167.214)	(132.885.070)
	(956.428)	1.559.980	356.221	(242.401)	1.234.180	1.283.723	(1.000.099)	(1.603.618)	1.148.943	143.307	(878.758)	(1.313.298)	(267.246)



## Skóladagatal 2011 - 2012

Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái
1	1	1	1	1 Fullveldisd.	1 Nýársdagur	1	1 Dillidagur	1 Pálmasunnud.	1 Verkaljósd.
2	2	2	2	2	2	2	2 Árs hátíð	2	2
3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
4	4	4	4	4	4 Kennsla hefst	4	4	4	4
5	5	5	5	5 Próf	5	5	5	5 Skirdagur	5
6	6	6	6	6	6	6	6	6 Föstudagur langi	6
7	7	7	7	7	7	7	7	7	7
8	8	8	8	8	8	8	8	8 Páskadagur	8
9	9	9	9	9	9	9	9	9 Annarí páskum	9 Próf
10	10	10	10	10	10	10	10	10	10
11	11	11	11	11	11	11	11	11	11
12	12	12	12	12	12	12	12	12	12
13	13	13	13	13	13	13	13	13	13
14	14	14 Miðannamat	14	14	14	14	14	14	14
15	15	15	15	15	15	15	15	15	15
16	16	16	16 Dagur ísl. tungu	16 Sjúk-og endurt	16	16	16	16	16
17	17	17	17	17	17	17	17	17	17 Uppstigningard.
18	18	18	18	18	18	18	18	18	18
19	19	19	19	19	19	19	19	19 Sumard. fyrsti	19
20	20	20	20	20	20	20	20	20	20
21	21	21	21	21 Jólaleyfi	21	21	21	21	21 Proflokkur
22	22	22	22	22	22	22	22	22	22
23	23	23	23	23	23	23	23	23	23 Sjúk-og endurt.
24	24 Starfsdagur	24 Haftfrí	24 Gunna	24 Aðfangadagur	24	24 Miðannamat	24	24	24 Prófsýning
25	25 Starfsdagur	25 Haftfrí	25	25 Jóladagur	25	25	25	25	25
26	26 Skólasetning	26	26	26	26	26	26	26 Jón	26 Skólaslit
27	27	27	27	27	27	27 Dillidagur	27	27	27
28	28	28	28	28	28	28 Dillidagur	28	28	28 Starfsdagur
29	29	29	29	29	29	29 Dillidagur	29	29	29 Starfsdagur
30	30	30	30	30	30	30	30	30	30
31	31	31	31 Gamliársdagur	31	31	31	31	31	31




## Fundartafla haust 2011

Ágúst		September		Október		Nóvember		Desember	
1		1	BUSAVÍGSLA	1		1		1	
2		2		2		2	Kennarafundur	2	
3		3		3		3		3	
4		4		4		4		4	
5		5	FSH Heilsuskóli	5	Kennarafundur	5		5	Hautspróf
6		6		6		6		6	Hautspróf
7		7	Skólaráð	7		7		7	Hautspróf
8		8		8		8		8	Hautspróf
9		9		9		9	Fundur með fjarkennurum	9	Hautspróf
10		10		10		10		10	
11		11		11		11		11	
12		12		12	Námskráfundur	12		12	Hautspróf
13		13	FORELDRAFUNDUR	13		13		13	Hautspróf
14		14	Starfsmannafundur	14	Miðannarrátið	14		14	Próflok
15		15		15		15		15	Skólafémd
16		16		16		16	Dagur íslenskrar tungu	16	Sjúkra- og endurt.p/Skólafémd
17		17		17		17	Skólafémd	17	
18		18		18		18		18	
19		19		19	VALDAGUR	19		19	
20		20		20	Skólafémd	20		20	Prófsýning
21		21	Fundur með fjarkennurum	21		21		21	Jólaeyfi hefst
22		22	Skólafémd	22		22		22	
23		23		23		23	Námskráfundur	23	
24	Starfsmannafun./hámskeið	24		24	Hautstrí	24	Gunna	24	
25	Starfsdagur	25		25	Hautstrí	25	Skólaráð	25	
26	Skólasetning kl. 09.00	26		26	Skólaráð	26		26	
27		27		27		27		27	
28		28		28	Námskráfundur	28		28	
29	Fyrsti kennsludagur	29		29		29		29	
30		30	Hautspjng SAMINOR	30		30	Kennarafundur	30	
31	Fundur með fjarkennurum			31		31		31	



## Fundartafla vor 2012

Janúar		Febrúar		Mars		Apríl		Maí	
1		1	Dillidagar	1	Pálmisunnudagur	1	Verkalýðsdagurinn	1	Verkalýðsdagurinn
2		2	Árshátíð FSH	2	Árshátíð FSH	2	Páskaleyfi hefst	2	Kennarafundur
3		3		3		3		3	Skólafund
4	Starfsdagur/Órtímar	4		4		4		4	
5		5		5		5	Skírdagur	5	
6		6		6		6	Föstudagurinn langi	6	
7		7		7	<b>VALDAGUR</b>	7		7	
8		8	Skólaráð	8		8	Páskadagur	8	
9		9		9		9	Annar í páskum	9	Fyrsti prófdagur
10		10		10		10		10	Próf
11	Skólaráð	11		11		11		11	Próf
12		12		12		12		12	
13		13		13		13		13	
14		14		14	Kennarafundur	14		14	Próf
15		15	Kennarafundur	15	Skólafund	15		15	Próf
16		16	Skólafund	16		16		16	Próf
17		17		17		17		17	Uppstigningardagur
18	Námskrárfundur	18		18		18	Skólaráð	18	Próf
19		19		19		19	Sumardagurinn fyrsti	19	
20		20		20	<b>SKÓLAFUNDUR</b>	20		20	
21		21		21	Námskrárfundur	21		21	Próflokkur
22		22	Námskrárfundur	22		22		22	
23		23		23		23		23	Sjúkra- og endurtektarpróf
24		24	<b>MIðannarmati lokið</b>	24		24		24	Prófsýning
25	Kennarafundur	25		25		25	Námskrárfundur	25	
26		26		26		26	JÓN	26	<b>Skólaslit</b>
27		27	Dillidagar	27		27		27	Hvítasunnudagur
28		28	Dillidagar	28	Skólaráð	28		28	Annar í hvítasunnu
29		29	Dillidagar	29		29		29	Starfsdagur
30		30		30		30		30	Starfsdagur
31		31		31		31		31	





## Starfsdagar haust 2011

### Miðvikudagur 24. ágúst

08.30 – 09.00 Morgunkaffi

09.00 – 10.30 Starfsmannafundur

Dagskrá:

1. Starfsfólk og nemendur í FSH á haustönn 2011.
2. Fundatafla haustannar 2011.
3. Rekstur skólans – staða mála.
4. Umræða um drög að starfsmannastefnu (*sjá fylgiskjal*). Það er mjög mikilvægt að allir lesi skjalið vel og undirbúi sig undir umræðu.
5. FSH er heilsuskóli – umræða um helstu verkefni.
6. Gaman saman ☺ - dagskrárgerð.
7. Önnur mál.

10.30 – 10.45

Heilsuhlé



10.45 – 12.00 Kennarafundur

Dagskrá:

1. Umsjón með nemendum.
2. Námskrárgerð – verkefni á skólaárinu.  
*Styrkur til námskrárgerðar í frumkvöðla- og nýsköpunarmennt.*
3. Kosning fulltúra í nefndir og ráð.
4. Önnur mál.

12.00 – 13.00

Matarhlé

13.00 – 16.00

**Kennsluvefur.is – hagnýtt námskeið**

*Leiðbeinandi Bárna Mjöll Jónsdóttir*

Sérstök áhersla verður lögð á að kynna þær nýjungar sem komu með nýrri uppfærslu á Kennsluvef í haust og þá möguleika sem vefurinn hefur uppá að bjóða til gagnvirkra samskipta kennara og nemenda (s.s. verkefni, verkefnaskil og einkunnabókhalld).

### Fimmtudagur 25. ágúst

08.30 – 10.00

**Skólasýn FSH - Markmið, leiðir og mat á árangri.** (*Sjá fylgiskjal*).

Fjallað verður um þau markmið sem sett hafa verið fram í skólanámskrá (nánar í skólasamningi) og hvernig við mætum sem best kröfum ráðuneytis um að árangur af starfi okkar sé metinn/mældur með markvissum/mælanlegum aðferðum.

10.00 – 10.20

Heilsuhlé



10.20 – 12.00

**Skólasýn FSH - Markmið, leiðir og mat á árangri, frh.**

12.00 – 13.00

Matarhlé

13.00 –

**Undirbúningur kennslu**

## Starfsdagar vor 2012

---

### Miðvikudagur 4. janúar 2012

#### Dagskrá:

1. Árangur nemenda á haustönn 2011.
2. Rekstur skólans - áætluð staða í árslok.
3. Umræða um dagskrá skólans á afmælisári.
4. Önnur mál.

### Starfsdagur og kennarafundur 29. – 30. maí 2012

#### Dagskrá starfsmannafundar 29. maí:

08.30 - 09.00 Morgunkaffi.

09.00 - 10.00 Rýnt í niðurstöður kannana um starfsánægju starfsfólks sjá

[http://sfr.is/files/aðaltafla%20einkunnaröð\\_200954112.pdf](http://sfr.is/files/aðaltafla%20einkunnaröð_200954112.pdf)

viðhorf og líðan nemenda - sjá nánar á P-drifi í möppu sem heitir Skólanámskrá FSH.

10.00 - 10.20 Heilsuhlé.

10.20 - 11.30 SVÓT greining í ljósi niðurstaðna.

11.30 – 12.00 Undirbúningur næsta skólaárs.



#### Dagskrá kennarafundar 30 maí:

09.00 – 10.00 Niðurstöður vorannar einkunnir og skólasókn (Björgvin).  
Niðurstöður áfangamats. (Gunnar, Smári, Knútur).

10.00 – 10.20 Heilsuhlé.

10.20 – 12.00 Niðurstöður könnunar á viðhorfum kennara. Sjá nánar á P- drifi í möppu sem heitir Skólanámskrá FSH (Laufey).  
Verkefnaáætlun vegna vinnu við skólanámskrá (Laufey).  
Önnur mál.

## **Kennara og starfsmannafundir haust 2011**

---

### **Starfsmannafundur 24. ágúst 2011**

#### **Dagskrá:**

- 1) Starfsfólk og nemendur FSH á haustönn 2011
- 2) Fundatafla haustannar 2011
- 3) Rekstur skólans – staða mála
- 4) Umræða um drög að starfsmannastefnu FSH
- 5) FSH verður heilsueflandi framhaldsskóli – umræða um verkefnið
- 6) Umsjón með nemendum
- 7) Önnur mál

### **Kennarafundur 24. ágúst 2011**

#### **Dagskrá:**

- 1) Umsjón með nemendum.
- 2) Kosning fulltrúa í nefndir og ráð.
- 3) Önnur mál.

### **Námskrárfundur 28. september 2011**

#### **Dagskrá:**

- 1) Markmið skólans og árangursviðmið
- 2) Önnur mál

### **Kennarafundur 12. október 2011**

#### **Dagskrá:**

- 1) Kjarakönnun KÍ
- 2) Almennur hluti skólanámskrár
- 3) „Fyrsta ölvun“ Niðurstöður fyrir FSH í könnuninni UNGT FÓLK frá hausti 2010.
- 4) Almennar umræður um gengi nemenda.
- 5) Önnur mál.

### **Kennarafundur 23. nóvember 2011**

#### **Dagskrá:**

- 1) Kennsluáætlanir(námsáætlanir ) samræmt form, kynning á drögum
- 2) Niðurstöður úr viðhorfskönnun sem lögð var fyrir foreldra ólögráða nemenda í okt/nóv.
- 3) Prófhald í desember.

- 4) Undirbúningur vorannar.
- 5) Önnur mál.

## **Starfsmannafundur í FSH 2. nóvember 2011**

### **Dagskrá:**

- 1) Drög að starfsmannastefnu, eineltisáætlun og jafnréttisstefnu fyrir FSH
- 2) Rekstrarstaða skólans
- 3) Önnur mál

## **Starfsmannafundur 30. nóvember 2011**

### **Dagskrá:**

- 1) Kynning á rekstraráætlun skólans fyrir árið 2012.
- 2) Fundatafla vorannar og helstu verkefni á önninni.
- 3) Kynning frá verkefnastjórum á námskrárverkefni í nýsköpunar- og frumkvöðlamente.
- 4) Önnur mál.

## **Kennara og starfsmannafundir vor 2012**

---

### **Starfsmannafundur 4. janúar 2012**

#### **Dagskrá:**

- 1) Árangur nemenda á haustönn 2011.
- 2) Rekstur skólans-áætluð staða í árslok.
- 3) Umræða um dagskrá skólans á afmælisári
- 4) Önnur mál

### **Kennarafundur 18. janúar 2012**

#### **Dagskrá:**

- 1) Námsframboð skólans skv. núgildandi skólanámskrá og áform okkar um breytingar.
- 2) Endurskoðun á verkefnaáætlun (innleiðingaráætlun) til ársins 2015.
- 3) Önnur mál.

## **Kennarafundur 25. janúar 2012**

### **Dagskrá:**

- 1) Kennsluhættir og námsmat í FSH í nútíð og framtíð
- 2) Önnur mál

## **Kennarafundur 15. febrúar 2012**

### **Dagskrá:**

- 1) Viðfangsefni þemadaga 27. febrúar – 2. mars
- 2) Önnur mál

## **Kennarafundur 22. febrúar 2012**

### **Dagskrá:**

- 1) Þemadagar
- 2) Skólaheimsókn kennara í MA
- 3) Önnur mál

## **Starfsmannafundur 14. mars 2012**

### **Dagskrá:**

- 1) Starfsmanna- og jafnréttisstefna skólans.
- 2) Almanak skólaársins 2012-2013.
- 3) Fréttir af fundi í ráðuneytinu þann 2. mars sl.
- 4) Önnur mál.

## **Kennarafundur 21. mars 2012**

### **Dagskrá:**

- 1) Námskrárumræða
- 2) Námskrárumræða
- 3) Önnur mál

## **Námskrárfundur 25. apríl 2012**

### **Dagskrá:**

- 1) Þverfaglegur áfangi í nýsköpunar- og frumkvöðlamennt, samantekt á hugmyndum frá kennurum
- 2) Áherslur FSH í kennsluháttum og námsmati
- 3) Viðhorfskönnun meðal kennara – Umræða um niðurstöður sem lúta að skólanámsskrá og innleiðingu hennar



- 4) Önnur mál.

## **Kennarafundur 2. maí 2012**

### **Dagskrá:**

- 1) Skóladagatal 2012-2013
- 2) Fjarkennsla á næsta skólaári í ljósi reynslunnar
- 3) Viðfangsefni á starfsdögum í vor.
- 4) Önnur mál

## **Skólanefndarfundir haust 2011**

---

### **Fimmtudagur 8. september 2011**

#### **Dagskrá:**

- 1) Nemendur og starfsfólk skólans á nýju skólaári.
- 2) Rekstrarstaða skólans eftir fyrstu 7 mánuði ársins.
- 3) Námskrár- og þróunarverkefni.
- 4) Önnur mál

### **Fimmtudagur 20. október 2011**

#### **Dagskrá:**

- 1) Staða mála í rekstri skólans með hliðsjón af frumvarpi til fjárlaga 2012.
- 2) Markmið skólans og árangursviðmið (sjá skjal frá fundi dags. 8. sept. 2011)
- 3) Skýrsla um innra mat 2010 – 2011 (sjá viðhengi).
- 4) Önnur mál

### **Fimmtudagur 1. desember 2011**

#### **Dagskrá:**

- 1) Rekstraráætlun skólans fyrir árið 2012.
- 2) Skýrsla um innra mat 2010 – 2011.
- 3) Niðurstöður könnunar á viðhorfum foreldra ólögráða nemenda til skólans.
- 4) Önnur mál.

## **Skólanefndarfundir vor 2012**

---

## **Fimmtudagur 23. febrúar 2012**

### **Dagskrá:**

- 1) Greinargerð til mennta- og menningarráðuneytis um rekstur skólans í næstu framtíð.
- 2) Ársreikningur 2010 og rekstrarniðurstaða ársins 2011.
- 3) Nýtt starf aðstoðarstjórnanda, kynning á drögum að starfslýsingu.
- 4) Önnur mál.

## **Fimmtudagur 22. mars 2012**

### **Dagskrá:**

- 1) Starfsmanna- og jafnréttisstefna skólans.
- 2) Kynning á þeim námskrárverkefnum sem unnið er að á skólaárinu.
- 3) 25 ára afmæli skólans.
- 4) Önnur mál.

## **Fimmtudagur 26. apríl 2012**

### **Dagskrá:**

- 1) Ráðning í 50% stöðu aðstoðarskólameistara.
- 2) Rekstrarstaða skólans eftir fyrsta ársfjórðung.
- 3) Undirbúningur næsta skólaárs.
- 4) Önnur mál.

## **Fimmtudagur 31. apríl 2012**

### **Dagskrá:**

- 1) Árangur af skólastarfinu á skólaárinu 2011 - 2012.
- 2) Helstu niðurstöður kannana sem gerðar voru í vetur á viðhorfum og líðan nemenda og starfsfólks skólans
- 3) Undirbúningur næsta skólaárs.
- 4) Önnur mál.

## **Skólaráðsfundir haust 2011**

---

### **Skólaráðsfundur 6. Okt. 2011**

#### **Dagskrá:**

- 1) Verkefnaáætlun og starfsáætlun skólans
- 2) Aðstaða nemenda
- 3) Mál efst á baugi hjá nemendum
- 4) Önnur mál

## **Skólaráðsfundir vor 2012**

---

### **Skólaráðsfundur 11. janúar 2012**

#### **Dagskrá:**

- 1) Árangur af starfi skólans á haustönn 2011
- 2) Helstu verkefni á vorönn 2012 og þátttaka nemenda í þeim
- 3) Fréttir af félagslífi nemenda
- 4) Önnur mál.

### **Skólaráðsfundur 8. febrúar 2012**

#### **Dagskrá:**

- 1) Þemadagar FSH
- 2) Könnun á viðhorfum og líðan nemenda í FSH
- 3) Skólafundur FSH í mars
- 4) Fréttir af félagslífi nemenda
- 5) Önnur mál.

### **Skólaráðsfundur 4. maí 2012**

#### **Dagskrá:**

- 1) Nemandi sem hefur sagt sig frá námi vegna lélegrar mætingar. Nemandi sem hefur sagt sig úr áfanga vegna lélegrar mætingar.
- 2) Umsóknir um einingar fyrir félagsstörf:
- 3) Önnur mál

## Húslestur

### Húslestur 6. tbl. 2011 21. árg.

Velkomin til starfa á nýju ári!

Húslestur hefur ýmsar upplýsingar að geyma. Lesið hann vandlega og haldið honum til haga. Lesið einnig vel kaflana um áfangakerfið og reglur skólans í Skólanámsskrá á vef skólans og í Skóladagbókinni. Enn fremur eru flestar brautalýsingar á vef skólans. Þá er oft ýmsar upplýsingar og tilkynningar að finna á tilkynningatöflu við nemendainngang.

Kennsla hefst mánudaginn 29. ágúst skv. stundatöflu. Þó verða örtímar í dag milli kl. 10 og 12. Varðandi dagskrá annarinnar má nefna að próf verða frá 5. til 14. desember og önninni lýkur með prófsýningu þann 20. desember.

#### Starfsfólk skólans

Skólameistari: Laufey Petra Magnúsdóttir Viðtalstímar eftir samkomulagi

Áfangastjóri: Björgvin R. Leifsson Viðtalstímar þriðjudaga kl. 9:05-11:00, fimmtudaga kl. 8:00-10:00 og kl. 13:00-15:00, að öðru leyti eftir samkomulagi.

Námsráðgjafi: Árný Þóra Ármannsdóttir. Viðtalstímar mánudaga kl. 8:00-10:00 og 12:30-15:30, fimmtudaga kl. 8:00-15:45

Skólahjúkrunarfræðingur: Brynhildur Gísladóttir. Viðtalstímar þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13:00-14:00

Fjármálastjóri: Svava Björg Kristjánsdóttir

Ritari: Svanhildur Jónsdóttir

Bókavörður: Elín S. Kristjánsdóttir. Viðvera alla daga kl. 8-14 nema föstudaga kl. 8-13

Umsjónarmenn húsnæðis: Guðrún Reynisdóttir og Hafdís Hallsdóttir

Kerfisstjóri: Páll Steingrímson. Viðtalstímar mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13-18

#### Kennarar á haustönn 2011

Auður Jónasdóttir	Starfsbraut
Björgvin R. Leifsson	Náttúrufræði, tölfraði
Dagbjört Erla Gunnarsdóttir	Tíska, húð og hár
Dóra Ármannsdóttir	Íslenska
Elfa Signý Jónsdóttir	Vinnustaðanam sjúkraliða
Guðný Björnsdóttir	Tíska, húð og hár
Gunnar Árnason	Lífsleikni, sálfræði, uppeldisfræði, sérgreinar umönnunarbrauta
Gunnar Baldursson	Eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, náttúrufræði
Herdís Þuríður Sigurðardóttir	Enska, íslenska
Ingólfur Freysson	Félagsfræði, íþróttir, frumkvöðlafræði, uppeldisfræði
Knútur Arnar Hilmarsson	Stærðfræði
Sigríður Hauksdóttir	Félagsleg virkni
Smári Sigurðsson	Enska, þýska
Svava Björg Kristjánsdóttir	Danska, stærðfræði
Valdimar Stefánsson	Félagsfræði, saga, stærðfræði

Allir kennarar hafa viðtalstíma og verða þeir auglýstir síðar á töflu á nemendagangi

#### Umsjónarkennarar og umsjónartímar

## Húslestur 7. tbl. 2011 21. árg.

**1. Fyrsta fjarvistatalning annarinnar.** Viðmið er 98% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri. Ánægjulegt er hve fáir eru undir viðmiði núna og eiga nemendur hrós skilið. Hér má sjá hvernig skoða má viðveru í Innu.  
Mætingarreglur FSH

**2. Val fyrir vorönn 2012 hefst í dag og lýkur 25. október nk.** Hægt er að skila athugasemdum við valframboð til áfangastjóra fram til 7. október. Umsjónartími vegna valsins verður miðvikudaginn 19. október en þá munu umsjónarkennarar leiðbeina þeim sem þurfa aðstoð. Ætlast er til að nýnemar fæddir 1995 komi í þennan umsjónartíma nema þeir séu búnir að velja áður með aðstoð umsjónarkennara.. Leiðbeiningar um val í Innu er að finna hér.

Ath. að þeir sem ekki skila vali í Innu verða ekki með í stundatöflugerð fyrir vorönn 2012. Þannig gildir valið sem umsókn um skólavist.

Hægt er að gera námsáætlun í Innu 8 annir fram í tímann.

Umsjónarkennarar geta kallað á einstaka nemendur eða hóp nemenda í viðtalstíma vegna vals, þ.m.t. á fundartíma kl. 15:20 á miðvikudögum.

Upplýsingar um námsbrautir skólans

Kjörsviðsreglur stúdentsbrauta

Undanfarareglur áfanga.

Athugið vel að það að áfangi sé í boði þýðir ekki endilega að hann verði kenndur. Eftir því sem fleiri velja áfanga aukast líkurnar á að hann verði kenndur.

Endanlegt valframboð mun liggja fyrir mánudaginn 10. október. Þá verður framboð valáfanga skorið niður eftir því hve margir hafa valið þá. Því borgar sig að velja sem allra fyrst.

Drög að valframboði er að finna hér.

**3. Brautaskipti:** Nemendur, sem vilja skipta um braut, t.d. af Almennri braut III yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við áfangastjóra sem allra fyrst.

## Húslestur 8. tbl. 2011 21. árg.

**1. Önnur fjarvistatalning annarinnar.** Viðmið er 96% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri. Hér má sjá hvernig skoða má viðveru í Innu.  
Mætingarreglur FSH

**2. Vali fyrir vorönn 2012 lýkur 25. október nk.** Hægt er að skila athugasemdum við valframboð til áfangastjóra fram til 7. október. Umsjónarkennarar aðstoða ólöggráða nemendur með valið en eldri nemendur geta leitað til áfangastjóra eða námsráðgjafa. Leiðbeiningar um val í Innu er að finna hér.

Ath. að þeir sem ekki skila vali í Innu verða ekki með í stundatöflugerð fyrir vorönn

2012. Þannig gildir valið sem umsókn um skólavist.

Hægt er að gera námsáætlun í Innu 8 annir fram í tímann.

Umsjónarkennarar geta kallað á einstaka nemendur eða hóp nemenda í viðtalstíma vegna vals, þ.m.t. á fundartíma kl. 15:20 á miðvikudögum.

Upplýsingar um námsbrautir skólans

Kjörsviðsreglur stúdentsbrauta

Undanfarareglur áfanga.

Athugið vel að það að áfangi sé í boði þýðir ekki endilega að hann verði kenndur. Eftir því sem fleiri velja áfanga aukast líkurnar á að hann verði kenndur.

Endanlegt valframboð liggur nú fyrir. Framboð valáfanga hefur verið skorið niður eftir því hve margir völdu þá.

**3. Drög að prófltöflu haustannar 2011 liggja nú fyrir.** Hægt er að skila athugasemdum til áfangastjóra til 18. nóvember nk.

**4. Nemendum, sem þjást af prófkvíða eða telja sig þurfa á sérúrræðum að halda við fyrirlögn prófa, er bent á að hafa samband við námsráðgjafa sem allra fyrst og alls ekki síðar en 25. nóvember.**

**5. Brautaskipti:** Nemendur, sem vilja skipta um braut, t.d. af Almennri braut III yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við áfangastjóra sem allra fyrst.

## Húslestur 9. tbl. 2011 21. árg.

**1. Þriðja fjarvistatalning annarinnar.** Viðmið er 94% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri. Hér má sjá hvernig skoða má viðveru í Innu.

Mætingarreglur FSH

**2. Vali fyrir vorönn 2012 lauk 25. október sl.** Þeim, sem hugsanlega "gleyndu" að velja er bent á að hafa samband við áfangastjóra.

**3. Drög að prófltöflu haustannar 2011 liggja nú fyrir.** Hægt er að skila athugasemdum til áfangastjóra til 18. nóvember nk.

**4. Nemendum, sem þjást af prófkvíða eða telja sig þurfa á sérúrræðum að halda við fyrirlögn prófa, er bent á að hafa samband við námsráðgjafa sem allra fyrst og alls ekki síðar en 25. nóvember.**

### 5. Prófkvíðanámskeið:

Námsráðgjafi heldur prófkvíðanámskeið fyrir nemendur í nóvember. Námskeiðið er 3 skipti, um klukkutími í senn og er mikilvægt að mæta í alla tímana. Það er ætlað fyrir alla sem finna fyrir óþægilega miklum kvíða í prófum sem hefur áhrif á frammistöðu. Farið er yfir m.a. einkenni kvíða og prófkvíða, kvíðahugsanir, leiðir til að takast á við kvíða, slökun og góða námstækni.

Námskeiðið fer fram eftirfarandi daga kl. 16.00:

- fimmtudag 10. nóv
- fimmtudag 17. nóv.
- fimmtudag 24. nóv.

Ætlast er til þess að þeir nemendur sem óski eftir sérúrræði í prófum s.s. lengri próftíma vegna prófkvíða sæki námskeiðið.

Þeir nemendur sem eru í tímum til kl.16.20 á fimmtudögum látið námsráðgjafa vita um leið og skráning fer fram. Námsráðgjafi mun hafa samband við viðkomandi kennara og fá leyfi frá kl.16.

Skráning fer fram í gegnum tölvupóst og þarf að tilkynna þátttöku ekki síðar en mánudaginn 7. nóvember til námsráðgjafa.

**6. Innritun fyrir vorönn 2012 hefst 1. nóvember og lýkur 30. nóvember.** Þeir, sem hafa valið í Innu fyrir næstu önn þurfa ekki að innrita sig sérstaklega.

**7. Brautaskipti:** Nemendur, sem vilja skipta um braut, t.d. af Almennri braut III yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við áfangastjóra sem allra fyrst.

## Húslestur 10. tbl. 2011 21. árg.

**1. Fjórða fjarvistatalning annarinnar.** Viðmið er 92% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri. Mjög fáir hafa verið á gátlista á þessari önn og eiga nemendur hrós skilið fyrir það. Hér má sjá hvernig skoða má viðveru í Innu.  
Mætingarreglur FSH

**2. Vali fyrir vorönn 2012 lauk 25. október sl.** Þeim, sem hugsanlega "gleyndu" að velja er bent á að hafa samband við áfangastjóra.

**3. Próftafla haustannar 2011 liggur nú fyrir.** Þar eru einnig prófreglur FSH.

**4. Nemendum, sem þjást af prófkvíða eða telja sig þurfa á sérúrræðum að halda við fyrirlögn prófa, er bent á að hafa samband við námsráðgjafa sem allra fyrst og alls ekki síðar en 25. nóvember.**

**5. Innritun fyrir vorönn 2012 hefst 1. nóvember og lýkur 30. nóvember.** Þeir, sem hafa valið í Innu fyrir næstu önn þurfa ekki að innrita sig sérstaklega.

**6. Brautaskipti:** Nemendur, sem vilja skipta um braut, t.d. af Almennri braut III yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við áfangastjóra sem allra fyrst.

7. **Kennsla á vorönn 2012 hefst með örtímum miðvikudaginn 4. janúar kl. 10:00.** Þar sem náms- og kennsluáætlanir verða kynntar. Töflubreytingar verða eftir hádegi.

## **Húslestur 1. tbl. 2012 22. árg.**

Velkomin til starfa á nýju ári!

Húslestur hefur ýmsar upplýsingar að geyma. Lesið hann vandlega og haldið honum til haga. Lesið einnig vel kaflana um áfangakerfið og reglur skólans í Skólanámsskrá á vef skólans og í Skóladagbókinni. Enn fremur eru flestar brautalýsingar á vef skólans. Þá er oft ýmsar upplýsingar og tilkynningar að finna á tilkynningatöflu við nemendainngang. Kennsla hefst á morgun skv. stundatöflu. Þó verða örtímar í dag milli kl. 10 og 12. Varðandi dagskrá annarinnar má nefna að próf verða frá 9. til 18. maí og önninni lýkur með prófsýningu þann 24. maí.

### **Starfsfólk skólans**

Skólameistari: Laufey Petra Magnúsdóttir Viðtalstímar eftir samkomulagi

Áfangastjóri: Björgvin R. Leifsson Viðtalstímar þriðjudaga kl. 9:05-11:00, fimmtudaga kl. 13:00-15:00 og föstudaga kl. 10:20-12:00, að öðru leyti eftir samkomulagi.

Námsráðgjafi: Árný Þóra Ármannsdóttir. Viðtalstímar mánudaga kl. 8:00-10:00 og 12:30-15:30, fimmtudaga kl. 8:00-15:45

Skólahjúkrunarfræðingur: Brynhildur Gísladóttir. Viðtalstímar þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13:00-14:00

Fjármálastjóri: Svava Björg Kristjánsdóttir

Ritari: Svanhildur Jónsdóttir

Bókavörður: Elín S. Kristjánsdóttir. Viðvera alla daga kl. 8-14 nema föstudaga kl. 8-13

Umsjónarmenn húsnæðis: Guðrún Reynisdóttir og Hafdís Hallsdóttir

Kerfisstjóri: Páll Steingrímson. Viðtalstímar mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13-18

### **Kennarar á vorönn 2012**

Auður Jónasdóttir Starfsbraut

Arnhildur Pálmadóttir Listir og hönnun

Björgvin R. Leifsson Líffræði, náttúrufræði, tölfræði

Dóra Ármannsdóttir Íslenska

Elfa Signý Jónsdóttir Vinnustaðanám sjúkraliða

Gunnar Árnason Sálfræði, uppeldisfræði

Gunnar Baldursson Efnafræði, jarðfræði, náttúrufræði

Herdís Þuríður Sigurðardóttir Enska, íslenska

Ingólfur Freysson Félagsfræði, frumkvöðlafræði

Knútur Arnar Hilmarsson Stærðfræði

Sigríður Hauksdóttir Starfsbraut

Smári Sigurðsson Enska, þýska

Svava Björg Kristjánsdóttir Danska

Valdimar Stefánsson Landfræði, saga

Allir kennarar hafa viðtalstíma og verða þeir auglýstir síðar á töflu á nemendagangi



## Umsjónarkennarar og umsjón

### Húslestur 2. tbl. 2012 22. árg.

**1. Fyrsta fjarvistatalning annarinnar.** Viðmið er 98% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri. Mætingarreglur FSH

**2. Val fyrir haustönn 2012 hefst í dag og lýkur 18. mars nk.** Hægt er að skila athugasemdum við valframboð til áfangastjóra fram til 24. febrúar. Umsjónartími vegna valsins verður miðvikudaginn 7. mars en þá munu umsjónarkennarar leiðbeina þeim sem þurfa aðstoð. Leiðbeiningar um val í Innu er að finna hér. Ath. að þeir sem ekki skila vali í Innu verða ekki með í stundatöflugerð fyrir haustönn 2012. Þannig gildir valið sem umsókn um skólavist.

Hægt er að gera námsáætlun í Innu 8 annir fram í tímann.

Umsjónarkennarar geta kallað á einstaka nemendur eða hóp nemenda í viðtalstíma vegna vals, þ.m.t. á fundartíma kl. 15:20 á miðvikudögum.

Upplýsingar um námsbrautir skólans

Kjörviðsreglur stúdentsbrauta

Undanfarareglur áfanga.

Athugið vel að það að áfangi sé í boði þýðir ekki endilega að hann verði kenndur. Eftir því sem fleiri velja áfanga aukast líkurnar á að hann verði kenndur.

**Þeir, sem ætla að velja einhvern eða einhverja valáfanganna FÉL163, HOH193, ÍPF102, JAR173, LÍF163, SKY101, SPÆ103 eða THH102 (sjá áfanga í boði) verða að gera það í síðasta lagi 4. mars nk.**

Endanlegt valframboð mun liggja fyrir mánudaginn 5. mars nk.

**3. Brautaskipti:** Nemendur, sem vilja skipta um braut, t.d. af Almennri braut III yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við áfangastjóra sem allra fyrst.

### Húslestur 3. tbl. 2012 22. árg.

**1. Önnur fjarvistatalning annarinnar.** Viðmið er 96% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri. Mætingarreglur FSH

**2. Vali fyrir haustönn 2012 lýkur 18. mars nk.** Umsjónartími vegna valsins verður miðvikudaginn 7. mars en þá munu umsjónarkennarar leiðbeina þeim sem þurfa aðstoð.

Leiðbeiningar um val í Innu er að finna hér.

Ath. að þeir sem ekki skila vali í Innu verða ekki með í stundatöflugerð fyrir haustönn 2012.

Þannig gildir valið sem umsókn um skólavist.

Hægt er að gera námsáætlun í Innu 8 annir fram í tímann.

Umsjónarkennarar geta kallað á einstaka nemendur eða hóp nemenda í viðtalstíma vegna vals, þ.m.t. á fundartíma kl. 15:20 á miðvikudögum.

Upplýsingar um námsbrautir skólans

Kjörsviðsreglur stúdentsbrauta

Undanfarareglur áfanga.

Athugið vel að það að áfangi sé í boði þýðir ekki endilega að hann verði kenndur. Eftir því sem fleiri velja áfanga aukast líkurnar á að hann verði kenndur.

**Þeir, sem ætla að velja einhvern eða einhverja valáfanganna FÉL163, HOH193, ÍP102, JAR173, LÍF163, SKY101, SPÆ103 eða THH102 (sjá áfanga í boði) verða að gera það í síðasta lagi 4. mars nk.**

Endanlegt valframboð mun liggja fyrir mánudaginn 5. mars nk.

**3. Drög að próftöflu vorannar 2012.** Athugasemdir berist áfangastjóra í síðasta lagi 20. apríl.

**4. Brautaskipti:** Nemendur, sem vilja skipta um braut, t.d. af Almennri braut III yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við áfangastjóra sem allra fyrst.

## Húslestur 4. tbl. 2012 22. árg.

**1. Önnur fjarvistatalning annarinnar.** Viðmið er 94% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri. Mætingarreglur FSH

**2. Vali fyrir haustönn 2012 er lokið.** Þeim, sem hugsanlega "gleyndu" að velja er bent á að hafa samband við áfangastjóra

**3. Drög að próftöflu vorannar 2012.** Athugasemdir berist áfangastjóra í síðasta lagi 20. apríl.

**4. Nemendum, sem þjást af prófkvíða eða telja sig þurfa á sérúrræðum að halda við fyrirlögn prófa, er bent á að hafa samband við námsráðgjafa sem allra fyrst og alls ekki síðar en 27. apríl.**

**5. Umsókn um einingar fyrir félagsstörf.** Hægt er að sækja um einingar fyrir félagsstörf skv. reglum um námsmat. Sótt er um í tölvupósti til áfangastjóra. Umsóknarfrestur er til 30. apríl.

**6. Innritun eldri nemenda fæddra 1995 eða fyrr fyrir haustönn 2012 hefst 4. apríl og lýkur 31. maí.** Nemendur á vorönn 2012, sem hafa valið í Innu fyrir næstu önn þurfa ekki að innrita sig sérstaklega.

**7. Brautaskipti:** Nemendur, sem vilja skipta um braut, t.d. af Almennri braut III yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við áfangastjóra sem allra fyrst.

## Húslestur 5. tbl. 2012 22. árg.

**1. Fjórða fjarvistatalning annarinnar.** Viðmið er 92% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri. Mætingarreglur FSH

**2. Vali fyrir haustönn 2012 er lokið.** Þeim, sem hugsanlega "gleymdu" að velja er bent á að hafa samband við áfangastjóra

**3. Próftafla vorannar 2012.**

**4. Nemendum, sem þjást af prófkviða eða telja sig þurfa á sérúrræðum að halda við fyrirlögn prófa, er bent á að hafa samband við námsráðgjafa sem allra fyrst og alls ekki síðar en 27. apríl.**

**5. Umsókn um einingar fyrir félagsstörf.** Hægt er að sækja um einingar fyrir félagsstörf skv. reglum um námsmat. Sótt er um í tölvupósti til áfangastjóra. Umsóknarfrestur er til 30. apríl.

**6. Innritun eldri nemenda fæddra 1995 eða fyrr fyrir haustönn 2012 hefst 4. apríl og lýkur 31. maí.** Nemendur á vorönn 2012, sem hafa valið í Innu fyrir næstu önn þurfa ekki að innrita sig sérstaklega.

**7. Brautaskipti:** Nemendur, sem vilja skipta um braut, t.d. af Almennri braut III yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við áfangastjóra sem allra fyrst.



---

## Ræða skólameistara við skólaslit

---

### Brautskráning frá Framhaldsskólanum á Húsavík, 26. maí 2012

Kæru útskriftarnemar, starfsfólk, foreldrar og ástvinir útskriftarnema og góðir gestir - gleðilega hátíð.

Ég vil sérstaklega bjóða velkominn sendiherra Kanada á Íslandi herra Alan Bones, hann mun hér á eftir veita viðurkenningar þeim nemendum sem náð hafa bestum árangri í ensku frá sendiráði Kanada á Íslandi.

Það voru þau Líney Gyldfadóttir og Kristján Elinór Helgason sem fluttu okkur lagið Songbird, upprunalega flutt af hljómsveitinni Fleetwood Mac, en var hér flutt í útgáfu Evu Cassidy.

---

Í dag verða 40 nemendur brautskráðir frá Framhaldsskólanum á Húsavík 30 konur og 10 karlar. 24 nemendur verða brautskráðir með stúdentspróf og 17 með próf af starfsnámsbrautum.

Þá hafa samtals rúmlega 700 nemendur verið brautskráðir frá skólanum frá upphafi. Svo ánægjulega vill til að hér í dag verður jafnframt einn nemandi brautskráður frá Verkmenntaskólanum á Akureyri og er það mér mikil ánægja að fá að taka það að mér.

Óvenju hár meðalaldur útskriftarnema helgast af því að í ár brautskráist frá skólanum glæsilegur hópur kvenna, sem stundað hefur nám með brúarsniði á námsbrautum fyrir leiðbeinendur í leikskólum, stuðningsfulltrúa í grunnskólum og sjúkraliða. Hópurinn hefur stundað nám sitt undanfarnar fimm annir og luku raunar flestar náminu um síðustu áramót. Það er gaman að geta þess að hluti hópsins stundaði nám sitt hjá Símei á Akureyri og vil ég nota tækifærið og þakka starfsfólki þar ánægjulegt samstarf. Þá má einnig geta þess að sjúkraliðarnir sem brautskráðir verða í dag hafa stundað nám sitt að hluta í fjarnámi við VMA. Aðrir í okkar ágæta útskriftarhópi hafa verið í skólanum öllu lengur, flestir í þrjú til fimm ár. Framhaldsskólanum hefur tekist vel upp í þeirri viðleitni sinni að bjóða nemendum að ljúka námi á þeim hraða sem best hentar hverjum og einum, enda eitt af meginmarkmiðum skólans að mæta sem best einstaklingsbundnum þörfum nemenda í öllu sínu starfi.

Dagurinn í dag er dagurinn ykkar kæru útskriftarnemar, fyrir mörg ykkar markar hann ákveðin tímamót á vegferð ykkar á menntabrautinni. Í dag hafið þið sannarlega tilefni til að gleðjast, vera stolt og ekki síst þakklát. Þegar ég segi þakklát þá er vert að vera minnug þess að tækifæri til náms eru ekki jafn sjálfsögð og ætla mætti, það á ekki einungis við þegar við horfum til fjarlæggra landa, til allra þeirra jafnaldrar ykkar sem aldrei hafa fengið og munu aldrei fá tækifæri til menntunar, en þrá þó fátt heitar, - nei það þarf því miður ekki að leita langt. Athuganir hér á landi sýna að margir jafnaldrar ykkar eiga af ýmsum ástæðum erfitt með að stunda nám og þar með njóta þeirra tækifæra sem þó bjóðast. Í einhverjum tilvikum er það vegna bágs efnahags, lítils félagslegs stuðnings, erfiðrar félagslegrar stöðu eða vegna

líkamlegra- og/eða sálrænna erfiðleika.

Eitt af því sem skipt hefur sköpum og ráðið miklu um þann árangur sem þið hafið nú náð kærú útskriftarnemar, er sá stuðningur og hvatning sem þið hafið fengið frá foreldrum ykkar, ástvinum og öðrum þeim sem næst ykkur standa. Foreldrar ykkar og ástvinir hafa staðið með ykkur og stutt ykkur með ráðum og dáð - ekki síst þegar álag af allskonar verkefnum, ritgerðum og prófum var sliga ykkur og stressið og jafnvel örvæntingin var í hámarki. Foreldrar ykkar og ástvinir hafa líka fengið að deila með ykkur litlum og stórum sigrum og gleðistundum, eitt af því sem er svo gott við áskoranir skólstarfsins er einmitt gleðitilfinningin sem fylgir því sigrast á ótal viðfangsefnum og ná að ljúka hverri og einni önn, hvort heldur sem er í stórum eða smáum skrefum. Endilega munið því að vera þakklát og **þakka foreldrum ykkar og ástvinum fyrir ykkur sjálf** - þeir eiga það svo sannarlega skilið.

Í ár ber svo við að veðrið virðist ætla að leika við okkur, einhvern veginn finnst mér að hlýir vorvindar, sól og blíða tilheyri degi sem þessum. Það var því bæði notalegt og hátíðlegt að ganga hér að þessu fallega húsi, Húsavíkurkirkju, í morgun. Í þessu húsi hafið þið flest upplifað margar af ykkar stærstu stundum bæði í gleði og sorg. Eins og þið þekkið auðvitað best þá er Húsavíkurkirkja eitt helsta tákni Húsavíkur eða eins og hún Brynhildur hjá sendiráði Kanada á Íslandi sagði þegar ég var að útskýra fyrir henni hvar útskrifarathöfin færi fram – „maður þarf ekki sjá nema lítinn hluta af kirkjunni þá veit maður að þetta er mynd frá Húsavík“. Mig langar til þess að deila því með ykkur að einmitt þetta hús, Húsavíkurkirkja, varð mikill örlagavaldur í mínu lífi vorið 2008. Þannig var að ég hafði, að nokkuð vel ígrunduðu máli, tekið þá ákvörðun að hafna þeirri málaleitan menntamálaráðuneytisins að ráðast til starfa sem skólameistari við FSH til eins árs. Daginn sem ég tilkynnti um ákvörðun mína leit ég við hjá mínum ektamanni til þess m.a. að segja honum af samtali mínu við ráðuneytið. Í þann mund sem ég er að rölja út aftur verður mér lítið á lítinn bækling sem lá þar á hillu. Á bæklingnum var mynd af Húsavíkurkirkju, og þar sem ég stend þarna og virði fyrir mér myndina þá læðist sú hugsun að mér að hér sé komin vísbending um að ég hafi líklega ekki tekið rétta ákvörðun, enda fór það svo að þegar fyrri málaleitan var ítrekuð skömmu síðar, varð mér hugsað til þessarar *örlagastundar* við hilluna og ákvað að slá til... og sé svo sannarleg ekki eftir því, þessi ár hér á Húsavík hafa verið einstaklega ánægjuleg, lærdómsrík og gefandi á svo ótalmargan hátt.

---

Í ár fagnar Framhaldsskólinn á Húsavík 25 ára afmæli sínu, en skólinn var formlega stofnaður þann 1. apríl 1987 og settur í fyrsta sinn þann 15 september sama ár. Með stofnun skólans sköpuðust dýrmæt og langþráð tækifæri til framhaldsnáms í heimabyggð. Tilkoma skólans markaði tímamót í sögu bæjarins þar sem tilvist hans treysti mjög þær stoðir samfélagsins sem lutu að uppeldi og menntun. Fátt skiptir foreldra meira máli en öflug og traust umgjörð um menntun barna þeirra. Með tilkomu skólans sköpuðust jafnframt ný og áhugaverð atvinnutækifæri fyrir fólk með fjölbreytta háskólamenntun.

Ákveðið var að hinn nýstofnaði skóli fengi inni í húsnaði Gagnfræðaskólans, skólarnir deildu því húsnaði fyrstu árin eða allt þar til byggingarframkvæmdum við húsnaði Borgarhólsskóla

lauk og unglिंगadeildirnar fluttust þangað yfir. Það hlýtur að hafa verið mikið fjör á göngum skólans á þessum tíma, þar sem vel á þriðjahundrað unglingar voru þar saman komnir.

Fyrir stofnun Framhaldsskólans hafði Gagnfræðaskólinn raunar fóstorað tveggja ára námsbrautir á framhaldsskólastigi, þessar námsbrautir urðu síðan uppistaðan í nýstofnuðum framhaldsskóla. 25 ár er kannski ekki ýkja langur tími í sögu skóla, í ljósi þess er merkilegt til þess að hugsa að á ekki lengri tíma hefur hann búið við þrenn lög um framhaldsskóla. Nýjar aðalnámskrár byggja á menntastefnu yfirvalda á hverjum tíma og innleiðingu þeirra er ætíð ætlað að hafa tiltekin jákvæð áhrif á skólastarf í landinu. Stundum leiðir tíminn og reynslan þó að einhverju leyti annað í ljós. Þannig má fullyrða að á fyrstu 10 starfsárum skólans hafi námsframboð hans verið ótrúlega fjölbreytt, nemendum bauðst þá að stunda nám á sviði bóknáms, starfsnáms og iðnnáms. Sem dæmi má nefna að árið 1993, fjórum árum eftir stofnun skólans, voru nemendur brautskráðir af 12 námsbrautum, fjórum iðnbrautum, 4 starfsnámsbrautum og 4 stúdentsprófsbrautum. Lög um framhaldsskóla, sem sett voru árið 1996, mörkuðu nýja stefnu þar sem megináhersla var lögð á verkaskiptingu og aukna sérhæfingu framhaldsskólanna, einkum á svið starfs- og iðnnáms. Stefnubreytingin hafði þau áhrif að iðnám dróst víða mikið saman og lagðist jafnvel alveg af í þeim skólum sem ekki gátu boðið uppá fullnægjandi verknámsaðstöðu. Styttari starfsnámsbrautum fækkaði verulega auk þess sem sérskólarnir, sem áður höfðu tekið við nemendum með tveggja ára framhaldsskólanám, færðust uppá háskólastig. Bóknám til stúdentsprófs varð því í raun mikilvægara en áður á kostnað starfs- og iðnnáms. Listi yfir útskrifaða nemendur frá FSH vorið 2004 (nemendur voru þá útskrifaðir skv. nýrri námskrá) er lýsandi fyrir þá stefnubreytingu sem hér hefur verið lýst en það ár brautskráði skólinn nemendur af tveimur stúdentsprófsbrautum og almennri braut, (raunar fernskonar tilbrigðum við almenna námsbraut). Námskrárbreytingin tók jafnframt til baka það svigrúm sem skólarnir höfðu áður haft til þess að þjónusta nærumhverfi sitt, hver með sínum hætti, hin aukna miðstýringin varð því til þess að skólarnir fjarlægðust nærumhverfi sitt og urðu þar með verr í stakk búnir til mæta þörfum þess. Með lögum um framhaldsskóla frá árinu 2008 er algjörlega horfið frá þeirri miðstýringu og samræmingu sem einkenndi fyrri menntastefnu og framhaldsskólunum nú gert það frjálst að búa til námsbrautir og skilgreina námsframboð sitt út frá eigin forsendum, auk þess sem rík áhersla er nú lögð á mikilvægi þess að skólar vítt og breytt um landið taki mið af þörfum og/eða sérstöðu atvinnulífs á hverjum stað og á hverjum tíma. Á þeim 25 árum sem skólinn hefur starfað hefur hann leitast við að marka sér ýmiss konar sérstöðu. Sem dæmi má nefna Almennu verknámsbrautina sem starfsrækt var við skólann frá árinu 1991, í nánú samstarfi við atvinnulíf í bænum. Þetta verkefni vakti mikla og jákvæða athygli og þótti merkileg nýjung, þar sem leitast var við að bjóða þeim nemendum sem ekki fundu sig í hefðbundnu bók- eða starfsnámi ný námstækifæri. Þá er einnig vert að nefna samstarf skólans, félagsþjónustunnar og Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga um starfsendurhæfingu öryrkja. Í tengslum við verkefnið var stofnuð við skólann námsbraut um almenna endurmenntun, þar sem lögð var áhersla á að mæta sértækum þörfum þessa viðkvæma nemendahóps. Þetta verkefni skilaði mjög góðum árangri og hefur hlotið mikla athygli bæði hér innanlands og erlendis og hlotið alþjóðlega viðurkenningu. Þá hefur skólinn í mörg ár lagt áherslu á að bjóða nemendum nám á sviði frumkvöðlamennta og hlaut árið 2008 viðurkenningu Samtaka kennara í nýsköpunar- og frumkvöðlamenntum fyrir starf sitt á

Þessu sviði. Auk þess að bjóða nám í hefðbundnum dagskóla, hefur skólinn leitast við að þjónusta nærsamfélag sitt með því að skapa námstækifæri fyrir eldri nemendur. Farskóli var starfræktur við skólann til ársins 1999 svo og öldungadeild. Á seinni árum hefur nemendum boðist að sækja nám á starfsnámsbrautum síðdegis, að loknum vinnudegi. Þá hefur upplýsingatæknin gert skólanum kleift að þjónusta nemendur utan Húsavíkur með því að bjóða þeim að sitja fjarfundi og/eða stunda tölvustutt fjarnám. Allt eru þetta dæmi um þá stöðugu viðleitni skólans til að mæta ólíkum þörfum nemenda og stuðla sem mest og best að eflingu menntunar íbúa byggðarlagsins, samfélaginu öllu til framdráttar.

Nú þegar allt þetta frelsi til námskráargerðar er fengið er mikilvægt að vanda sig og taka vel ígrunduð skref inn í framtíðina. Skólinn hefur á undanförunum árum hlotið nokkra styrki til þess að vinna að uppbyggingu nýrra námsleiða. Í þeirri vinnu hefur einkum verið horft til þess Námsframboð skólans taki í **fyrsta lagi** mið af mismunandi áhuga og þörfum nemenda. Með lögum um framhaldsskóla frá árinu 2008 var nám á framhaldsskólastigi gert fræðsluskilyt til 18 ára aldurs. Þetta ákvæði setur þær skyldur á framhaldsskólana að þeir leggi sig alveg sérstaklega fram um að þjónusta þennan aldurshóp betur – og í raun það vel að ekki komi til brotthvarfs nemenda úr skóla. Námsframboð skólans þarf í **öðru lagi** að taka mið af þörfum atvinnulífs í nærumhverfi skólans eins og þær eru í dag og þá ekki síður eins og þær koma til með að verða í næstu framtíð. Í **þriðja lagi** er mikilvægt að skólinn bjóði nemendum sínum áfram traustan undirbúning undir háskólanám og í **fjórða lagi** þarf námsframboð skólans að marka honum eftirsóknarverða og jákvæða sérstöðu. Á þeim fjórum árum sem skólinn hefur unnið að námskráerverkefnum sínum hefur hann skilað til ráðuneytis vel útfærðum tillögum að tveggja ára námsbraut til framhaldsskólaprófs, námsbrautinni er m.a. ætlað að mæta þeim nemendum sem ekki finna sig í hefðbundnu námsframboði framhaldsskólans og er því jafnframt ætlað að draga úr hættu á brotthvarfi þeirra sem eiga að njóta fræðsluskilyldu. Í **öðru lagi** hefur skólinn gert drög að námsbraut á sviði ferðaþjónustu þar sem markmiðið er m.a. að gera nemendur hæfari til starfa á því sviði, en stór hluti nemenda okkar starfar með einum eða öðrum hætti við ferðaþjónustu yfir sumartímenn. Í tengslum við uppbyggingu námsins hefur sérstök áhersla verið lögð á að flétta grenndarfræði inn í flestar námsgreinar skólans. En þó svo að leitast sé við að auka námsframboð skólans þá er eins og áður segir, í **þriðja lagi**, afar mikilvægt að nemendur fái áfram traustan undirbúning undir háskólanám. Þar hefur skólinn verið að standa sig mæta vel eins og nýleg könnun á árangri nemenda okkar í HÍ sýnir. Nemendur skólans voru þar í 4. sæti af 37 skólum á menntavísindasviði, 9. sæti af 37 skólum á félagsvísindasviði, í 13. sæti af 37 skólum á hugvísindasviði, í 16. sæti af 37 skólum á verkfræði- og náttúruvísindasviði og í 27. sæti af 37 skólum á heilbrigðisviði. Það sem vekur sérstaka athygli er að nemendum úr fámennari framhaldsskólum úti á landi vegnar í mörgum tilvikum ekkert síður og jafnvel betur en nemendum stóru skólanna, sem margir hverjir velja einungis inn þá nemendur sem hæstar einkunnir hafa á grunnskólaprófi. Einn af megin styrkleikum fámennari skóla er fólgin í þeim virðisauka sem þeir skapa hjá þeim nemendum sem þurfa á hvað mestum stuðningi og þjónustu að halda. Vaðandi fjórða atriðið sem nefnt var hér áður og varðar sérstöðu skólans. Þá hefur skólinn leitast við að efla **sérstöðu sína** á sviði nýsköpunar- og frumkvöðlamennta. Til þess að styðja við það starf hlaut skólinn sl. sumar 900.000 króna styrk úr Sprotasjóði. Í vetur hafa kennarar skólans unnið að nýjum áfangalýsingum, undir



stjórn þeirra Herdísar Sigurðardóttur, Arnhildar Pálmadóttur og Ingólfs Freyssonar. Í uppbyggingu námsins hefur verið lögð sérstök áhersla á aukið samstarf kennara, með því m.a. að skapa þverfaglega nálgun við viðfangsefnið, auk þess sem rík áhersla verður lögð á virkni nemenda sköpunargleði þeirra, hugmyndaflug og ábyrgð þeirra á eigin námi. Auk vinnu við námskrágerð hefur í vetur verið leitast við að huga enn betur að þverfaglegum áherslum skólastarfsins, í samræmi við grunnþætti nýrrar menntastefnu. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að auka skapandi starf og virkni nemenda í kennslustundum, með því m.a. að brjóta upp hefðbundna kennsluhætti og leita fjölbreyttari leiða í námsmati.

Áframhald á vinnu skólans við innleiðingu á nýjum námsbrautum og námgreinum er mjög undir fjárveitingum komið, og því miður hafa fjárveitingar verið af afar skörum skammti. Það er því einlæg von mín að brátt sjái fyrir endann á niðurskurði og fjársveldi, þannig að tryggt verði að sú mikla og góða hugmyndavinna sem þegar hefur átt sér stað innan skólans geti orðið að veruleika, skólastarfi í FSH til framdráttar og nemendum okkar til farsældar.

Þegar þessi glæsilegi hópur sem hér situr hefur verið útskrifaður hafa rúmlega 700 nemendur brautskráðst frá skólanum frá upphafi. Stærstur hluti nemenda skólans er héðan frá Húsavík eða úr næsta nágrenni. Borgarhólsskóli hefur því skilað framhaldsskólanum flestum nemendum, frá upphafi hafa að meðaltali um 75% nemenda 10. bekkjar sótt skólann. Í ljósi þess er afar mikilvægt að gott samstarf sé á milli skólastiganna og raunar skólastiganna allra - með velferð og farsæld nemenda að leiðarljósi. Nemendur eru jú það dýrmætasta sem skólinn á, án þeirra væri skólinn óþarfur. Það traust sem foreldrar sýna skólanum með því senda honum börn sín er skólanum því mikilvægt. Skólinn byggir í raun tilvist sína og framtíð alla á trausti foreldra og samfélagsins sem honum er ætlað að þjóna. Skólinn okkar þarf því á hverjum tíma að vera traustsins verður, þar berum við starfsfólk hans mesta ábyrgð - ábyrgð okkar þarf að endurspeglast í öllu okkar daglega starfi, fagmennsku okkar og metnaði og ekki síst í umhyggju okkar, virðingu og velvild í garð nemenda. Gert er ráð fyrir því að 25 ára afmæli skólans verði fagnað með hátíðardagskrá á haustdögum.

---

Við upphaf skólaársins voru rúmlega 170 nemendur skráðir til náms við skólann sem er svipaður fjöldi og verið hefur. Nemendum fækkaði heldur á vorönn, einkum vegna þess að stór hluti nemenda okkar í brúarnámi lauk námi sínu um áramót. Tveir nýir starfsmenn voru ráðnir að skólanum sl. haust, Árný Þóra Ármannsdóttir tók við starfi náms- og starfsráðgjafa og Hafdís Hallsdóttir var ráðin í starf umsjónarmanns. Svanhildur Jónsdóttir fyrrum ritari skólans var ráðin til starfa á ný til að leysa Sæunni Helgu Björnsdóttur ritara skólans af í ársleyfi hennar. Þá voru þær Guðný Björnsdóttir og Dagbjört Erla Gunnarssóttir ráðnar sem stundakennara við skólann á haustönn, en þær önnuðust kennslu í nýjum valáfanga um Heilsu, húð og hár. Elfa Signý Jónsdóttir hefur haft umsjón með verknámi sjúkraliða í vetur og Arnhildur Pálmadóttir annaðist kennslu í listum og hönnum á vorönn. Þá var Halldór Valdimarsson fyrrum skólastjóri grunnskólans svo elskeygur að hlaupa í skarðið og sinna forfallakennslu hjá okkur í nokkrar vikur á haustönn. Sama á við um Mörtu Annesius sem tók að sér að ræstingar í húsum skólans í forföllum á vorönn og Heiðu Elínu Aðalsteinsdóttur sem hljóp í skarið fyrir Sigríði Hauksdóttur í fæðingarorlofi hennar nú í lok vorannar. Ég vil

nota tækifærið hér og þakka öllu þessum ágætu hjálparhellum okkar góð kynni og ánægjulegt samstarf í vetur.

Stjórn nemendafélagsins hefur að vanda haldið vel utan um félagslíf skólans í vetur. Í stjórn NEF voru þau Elsa Dóra Ómarsdóttir formaður, Haukur Sigurgeirsson gjaldkeri, Sigþór Hannesson ritari, Guðni Már Kjartansson íþróttafulltrúi og Aðalbjörn Jóhannsson upplýsingafulltrúi. Stjórnin stóð fyrir ýmsum viðburðum á skólaárinu, má þar m.a. nefna stórskemmtilega óvissuferð á haustdögum, kvöldvökurnar Gunnu og Jón, skógarferð á forvarnardegi gegn einelti, félagsvist og bingó á sal skólans, skíða- og brettakvöld og síðast en ekki síst fjölda fróðlegra og skemmtilegra viðburða á Dillidögum. Þá stóð árshátíðarnefnd fyrir glæsilegri árshátíð þar sem nemendur mættu í sínu fínasta pússi og skemmtu sér konunglega saman. Leikfélag skólans Píramus og Þispa setti á vordögum upp leikritið Gauragang í leikstjórn Sigurðar Illugasonar. Leikendur og allir aðstandendur sýningarinnar stóðu sig afskaplega vel og alltaf jafn gaman að sjá nemendur bregða sér í alveg ný hlutverk. Nemendur skólans tóku þátt í Gettu betur og kepptu við MRinga í fyrstu umferð en lutu þar í lægra haldi fyrir sigurliði keppinnar, í keppnisliði skólans voru þeir Andri Dan Traustason, Fannar Freyr Kristinsson og Hafþór Reinhardsson. Ruth Ragnarsdóttir var fulltrúi skólans í söngkeppni framhaldsskólanna, Ruth náði þeim frábæra árangri að hreppa þriðjasætið í keppninni. Ég vil sérstaklega þakka stjórn NEF fyrir gott samstarf í vetur og öllum þeim nemendum sem stóðu að viðburðum eða leituðust við að gera skólalífið skemmtilegra þakka ég einnig, gott félagslíf stuðlar og góðum og glöðum skólabrag og er því afar mikils virði.

Skólinn hóf í haust þátttöku í verkefninu heilsuefandi framhaldsskóli og hefur áherslan í vetur verið lögð á að efla hollustu og heilbrigði í tengslum við næringu, á næsta ári verður áhersla lögð á hreyfingu. Verkefninu fylgir afar jákvæð og góð vitundarvakning sem vonandi verður til þess að styðja bæði nemendum og starfsfólki í þeirri viðleitni að efla með sér heilbrigðan og jákvæðan lífsstíl.

Hefð er fyrir því að halda Dag íslenskrar tungu hátíðlegan þann 16. nóvember og að venju sáú nemendur um að flytja ljóð og texta í bundu og óbundnu máli. Í vetur höfum við verið þeirra ánægju aðnjótandi að hafa í skólanum hljómsveit skipaða nemendum á fyrsta ári. Þeir félagar hafa flutt frumsamin lög og texta við ýmiss tækifæri. Það er því óhætt að segja að skólinn hafi notið þess að hafa óvenju marga hæfileikaríka tónlistarnemendur í sínum röðum, þökk sé öflugum starfi tónlistarskólans hér á Húsavík.

Þemadagar voru haldnir í dillivíkunni, og voru að þessu sinni helgaðir viðfangsefninu **Okkar samfélag og okkar framtíð**. Góðir gestir sóttu skólann heim þessa daga og reyndu hver með sínum hætti að styðja við vinnu nemenda. Fyrirlestra héldu þau Guðmundur Oddur Magnússon eða Goddur, prófessor við Listaháskóla Íslands, Ágúst Ólafsson fréttá- og dagskrárgerðarmaður hjá RÚV, og Arnhildur Pálmadóttir arkitekt. Þemadögum lauk með opnu húsi þar sem gestum gafst kostur á að kynna sér hugmyndir og tillögur nemenda og greiða þeim atkvæði. Það var hópurinn **Framtíðin okkar rokkar** sem hlaut flest atkvæði kjósenda. Á þemadögum sýndu nemendur svo sannarlega hvað í þeim býr, á stuttum tíma tókst þeim að setja upp kynningu á fjölda frábærra hugmynda sem flestar voru til þess fallnar að efla sveitarfélagið þeirra Norðurþing með einum eða öðrum hætti.

Að venju var boðað til **skólafundar** á vordögum. Skólafundur er lýðræðislegur samráðs- og stefnumótunarettvangur nemenda og starfsfólks skólans. Skólafundir eru með svonefndu þjóðfundarsniði þar sem lögð er áhersla á að fá fram skoðanir allra þátttakenda á þeim málefnum sem fyrir fundinum liggja. Að þessu sinni var rætt um nám- og kennsluhætti og námsmat, og hins vegar um hugmyndir að viðburðum í tengslum við 25 ára afmæli skólans.

Loks get ég ekki látið hjá líða að nefna hér þann ótrúlega dugnað, útsjónarsemi og hugmyndaauðgi sem útskriftarnemarnir okkar hafa sýnt í vetur. Fyrir utan daglegan sjoppurekstur þá hefur hópurinn staðið fyrir fjölda arðvænlegra viðburða og uppákoma, bakað þrifið og boðið ýmsan varning til sölu. Hópurinn hefur verið einstaklega samtaka og á allan hátt til mikillar fyrirmyndar. Ég vona að útskriftarferðin ykkar til Mexíkó verði hvernar krónu virði – og efast raunar ekkert um að svo verði.

Óhætt er að fullyrða að skólastarfið hafi í heildina gengið vel í vetur, skólasókn nemenda hefur sjaldan eða aldrei verið betri og námsárangur nemenda í mörgum tilvikum afburða góður. Við trúum við því að sjálfsögðu að góð fylgni sé jafnan á milli ástundunar nemenda og árangurs þeirra í námi.

Og árangur skiptir vissulega máli – um það fáum við starfsfólk skólans afar skýr skilaboð frá ráðuneyti mennta- og menningarmála. Í skólasamningi sem gerður er á milli ráðuneytis og skóla eru gerðar kröfur um skólar setji sér mælanleg árangursviðmið varðandi alla þætti skólastarfsins. Auk þess að fylgjast vandlega með árangri og ástundun nemenda, var í vetur leitað eftir viðhorfum **foreldra, nemenda og starfsfólks** til skólans og skólastarfsins, þá fengum við einnig að sjá niðurstöður fyrir FSH úr viðmikilli könnun sem gerð var á vegum Rannsókn- og greininga Háskólans í Reykjavík haustið 2011 á líðan og lífsstíl ungs fólks.

Niðurstöður kannana sýna glögg að við erum á flestum sviðum á réttri leið og getum því verið **ánægð og stolt** af þeim árangri sem náðst hefur. Jafnframt er þó mikilvægt að rýna í þá þætti sem hægt er styrkja og efla enn frekar. Megintilgangur þess að setja skólastarfinu skýr markmið og leggja í kjölfarið mat á árangur starfsins er jú fyrst og síðast sá að **draga af niðurstöðunni lærdóm** - og í kjölfarið skilgreina leiðir sem miða að því að efla fagmennsku okkar og metnað í öllu okkar daglega starfi með nemendum. Árangur okkar starfsfólks skólans verður fyrst og síðast mældur í árangri nemendur okkar, eins og áður hefur komið fram. En kæru nemendur þegar horft er til árangurs ykkar eru það ekki einungis tölurnar á prófskírteininu ykkar sem skipta máli, árangur af skólastarfi er talsvert flóknara fyrirbæri og snýst þegar upp er staðið fyrst og fremst um hinn raunverulega ávinning, **hina eiginlegu menntun**, persónuþroska ykkar og aðra þá eiginleika sem ráða munu mestu um það hvernig ykkur muni reiða af í námi, starfi og einkalífi – já og yfirhöfðuð hvernig manneskjur þið eruð og komið til með að verða. Við sem hér erum saman komin í dag höfum vonandi gefið ykkur gott veganesti, foreldrar ykkar og ástvinir með umhyggju sinni og elsku, uppeldi, utanumhaldi, hvatningu, stuðningi og leiðsögn og við kennarar og starfsfólk skólans með uppfræðslu, leiðsögn, þjálfun, hvatningu, velvild og umhyggju.

Nokkrar breytingar verða í röðum starfsfólks skólans nú í vor. Sigríður Hauksdóttir, kennari og félagsmála- og forvarnafulltrúi skólans mun láta af störfum við skólann og þakka ég henni

einstaklega gott starf í þágu nemenda skólans, þá mun Árný Þóra Ármannsdóttir náms- og starfsráðgjafi láta af störfum í vor, ég þakka þeim báðum einstaklega gott samstarf og óska þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi. Þá mun Björgvin Rúnar Leifsson ljúka starfstíma sínum sem áfangastjóri í haust en hann hefur gengt starfi áfangastjóra í mörg undanfarin ár. Björgvin verður þó ekki laus allra mála alveg strax þar sem hann mun gegna starfi áfangastjóra þar til Herdísí Sigurðardóttur nýráðinn aðstoðarskólameistari snýr aftur til starfa að loknu fæðingarorlofi. Ég vil þó nota þetta tækifæri og þakka Björgvini traust og gott samstarf og störf hans við stjórnun skólans á liðnum árum.

---

## Kveðja

Kæru nemendur þá er komið að kveðjustund.

Það var ekki laust við að ég saknaði ykkar ágætu brúarnemar á vormisserinu, skólahúsið var hálf tómlegt síðdegis án ykkar - og þögult. Það var oft glatt á hjalla hjá ykkur og gaman að heyra ómynn af fjörugum samræðum inn eftir ganginum.

Ég þykist líka vita að upplifun ykkar af því að setjast aftur í skóla hafi verið önnur en hún var þegar þið sátuð á skólabekk sem unglingar. Lífsreynslan ljær fræðunum aðra merkingu, annað samhengi og dýpri skilning en ella hefði verið, og svo er metnaðurinn núna svo miklu meiri og allar hafið þið lagt mikið á ykkur til þess að ná þeim góða árangri sem nú er í höfn. Og ég hef enga trú á því að þið séuð alveg hættar, þvert á móti þá er það von mín að þessi áfangi verði ykkur hvatning til þess að halda áfram að bæta við þá þekkingu og reynslu sem þegar hefur verið aflað. Ég vona sannarlega að þið nýtið vel öll þau tækifæri sem ykkur gefast til þess að menntast í víðum skilningi þess orðs, svo lengi lærir sem lifir, og í hvert sinn sem maður lærir eitthvað nýtt þá er eins og maður stækki pínulítið innan í sér og það er býsna góð tilfinning. Störf ykkar með börnum, unglingum, fötludum, sjúkum og öldrudum reyna sannarlega á grundgildi mannlegra samskipta. Á hverjum degi hafið þið tækifæri til þess hlúa að og rækta manneskjur - og fá störf eru dýrmætari þó ekki sjái þess nú alltaf stað í launaumslaginu. Ég óska ykkur allra heilla í ykkar mikilvægu störfum.

Kæru nýstúdentar þið eruð flest rétt að byrja lífið og framtíðin bíður ykkar full af tækifærum og krefjandi verkefnum. Næstu ár verða mjög örlagarík. Fyrir ykkur liggur að taka ákvörðun um nám og störf, margir finna sér lífsförunaut, stofna heimili og takast á við foreldrahlutverkið.

Í einhverjum tilvikum verður jafnvel allt þetta í höfn þegar þið mætið hingað á ný á 10 ára stúdentsafmælinu.

Sérhver kynslóð heldur gjarnan að nú sé búið að uppgötva allt sem máli skiptir. Staðreyndin er hins vegar sú að skólar heimsins brautskrá á hverjum tíma nýja hópa af vel menntuðu fólki sem hafa það að einlæglega að markmiði að leggja þekkingarforða samtímans eitthvað nýtt til, stuðla að framförum og gera á allan hátt betur en kynslóðin á undan megnaði.

Það er von mín að þið finnið ykkur viðfangsefni í námi og starfi sem vekja hjá ykkur áhuga,

undrun og gleði. Það er einmitt undrunin, það að vera hissa og spyrja spurninga, sem er í raun mesti hvati allrar þekkingarsköpunar, undrunin leiðir af sér spurningu og þörfina fyrir að leita svara. Þekkingarforði mannkynsins saman stendur af svörum við óteljandi spurningum sem einhverjum hugkvæmdist að spyrja.

Og úrlausnarefnin sem bíða ykkar eru mörg og mikilvæg. Við erum einmitt nú að upplifa breytta og á margan hátt óvissa tíma, ekki síst þar sem efnahagskerfi heimsins eru annarsvegar. Þar eru hagsmunir okkar jarðarbúa orðnir svo samtvinnaðir að áföll á einum stað geta haft alvarleg áhrif á lífskjör fólks yfir höf og lönd. Upplýsingatæknin hefur gert það að verkum að aðgengi að upplýsingum og miðlun upplýsinga á sér í raun engin takmörk. Þetta hefur einnig þau áhrif að heimurinn verður sífellt minni, við getum ferðast án þess að færast úr stað. Upplýsingaflóðinu fylgja þó ýmsar hættur því ekki er allt sem sýnist og það er ekki allt satt og rétt – gott eða æskilegt sem birtist okkur á netinu. Nauðsynlegt að beita gagnrýninni hugsun og leggja mat á það sem fyrir augu og eyru ber og verjast þannig hugmyndum sem ógna grundvallargildum mannlegs samfélags. Aukin almenn velmegun ógnar auðlindum jarðar og aldrei fyrr hefur verið jafn mikilvægt að huga að möguleikum okkar til sjálfbærni á sem flestum sviðum og leitast þannig við að tryggja að komandi kynslóðir, afkomendur ykkar kæru nemendur, geti búið við bærilæg lífsskilyrði hér á jörð.

Öll munuð þið þurfa að stíga út fyrir þægindasviðið ykkar og sigrast á þeim hindrununum sem á vegi ykkar verða, og þá ekki síst þeim hindrunum sem **innra með ykkur búa**. Gott sjálfstraust, jákvæð sjálfsmynd og trúin á eigin getu mun þá skipta sköpum og hjálpa ykkur að taka af skarið og láta til ykkar taka.

Ég varð þess heiðurs aðnjótandi, á árshátíð skólans í vetur, að vera tilnefnd í stjörnumessunni í flokknum **brosgeisli ársins** ásamt þeim Ólafi Ármanni og Líneyju, - ekki slæmur félagsskapur það. *Eitt bros getur dimmu í dagsljós breytt* segir í kvæði eftir Einar Benediktsson og í ljóðinu **Brosið** eftir Sigmundur Ernir segir:

Okkur er gjarnt að gramsa  
í fórum okkar og varningi  
leita þar svars... en síður  
að þreifa á sjálfum okkur;  
sinum, vöðvum, beinum,  
halda um hjartað, heyra lungun,  
taka til í huganum,

Ég segi það hér og segi það  
hvarvetna, lykilinn að lífinu er brosið  
kviknakið ósjálfrátt brosið

Það spyr ekki um neitt  
en svarar öllu.

Kæru nemendur ekki spara við ykkur brosið það bætir ykkur sjálf og gerir um leið heiminn betri fyrir aðra. Þótt þið tækjuð ekkert annað með ykkur af þeim heilræðum sem ég hef hér reynt að gefa ykkur þá væri þetta ekki það sísta, trúið mér.

Ég þakka ykkur öllum ánægjulega samveru árin ykkar í skólanum, þið hafið verið skólanum ykkar og ykkur sjálfum til mikils sóma og ég óska ykkur farsældar og hamingju um ókomna framtíð.

Ég óska stoltum foreldrum og ættingjum innilega til hamingju með daginn.

Starfsfólki skólans og samfélaginu hér á Húsavík þakka ég af heilum hug samstarfið í vetur og ánægjuleg kynni, velvild og hlýhug þau fjögur ár sem ég hef starfað við skólann.

Megið þið öll eiga gott og gjöfult sumar.

**Framhaldsskólanum á Húsavík er slitið í 25. sinn.**

## **Námið**

### **Námið**

---

Skólinn starfar eftir áfangakerfi, sem segja má að sé þrjúþætt: eininga-, anna- og áfangakerfi. Einingakerfið gerir skólanum kleift að meta nám í mismunandi námsgreinum til eininga sem eru jafngildar. Þannig er unnt að meta að jöfnu óskýlt nám, en námslok miðast m.a. við að nemendur hafi lokið tilskildum einingafjölda. Skólaárinu er skipt niður í tvær jafnlangar annir, vorönn og haustönn. Námsgreinum er skipt niður í áfanga sem hver um sig tekur eina önn og lýkur með prófi eða öðru námsmati í annarlök. Aðalkostur áfangakerfisins er að það gerir skólastarfið sveigjanlegra, þannig að hægt er að koma til móts við nemendur með mismunandi áhugasvið, námsgetu og þarfir.

## **Reglur um nám, próf og einkunnir**

---

### **Prófareglur**

Öll venjuleg próf taka eina og hálf klukkustund.

Nemendur skulu koma stundvíslega til prófs og athuga á auglýsingatöflu skólans hverju sinni hvar þeim er ætlaður staður í prófinu. Komi nemandi of seint til prófs skerðist próftími hans sem því nemur. Komi nemandi meira en einni klukkustund of seint til prófs hefur hann glatað rétti sínum til að þreyta prófið.

Við skrifleg próf má nota þau gögn sem tilgreind eru á forsiðum prófa. Kennarar skulu vera búnir að kynna fyrir nemendum sínum leyfileg hjálpargögn fyrir prófið. Nemendum er óheimilt að veita eða þiggja hjálp meðan á próftöku stendur. Við brot á þessum ákvæðum skal vísa nemanda frá próf þegar í stað og leggja mál hans fyrir skólaráð, og geta viðurlög varðað brottvikningu úr skóla.

Prófverkefni skulu liggja á borðum þegar próf hefst.

Kennarar í prófgreinum skulu vera viðstaddir og koma a.m.k. tvisvar í hverja prófstofu meðan á prófi stendur.

Nemendur mega ekki yfirgefa prófstofu fyrr en eftir eina klukkustund. Þegar prófi lýkur þá skulu þeir nemendur sem eftir eru skila prófverkefni til yfirsetumanns og yfirgefa prófstofu tafarlaust.

Sé nemandi veikur á prófdegi skal hann tilkynna það áður en próf hefst.

Sjúkrapróf fara fram innan tveggja vikna frá reglulegu prófi í áfanganum. Þeir einir fá að taka sjúkrapróf sem leggja fram fullgild læknisvottorð um forföll sín eða gera á annan hátt gein fyrir þeim á fullnægjandi hátt, ef ekki er um veikindi að ræða. Sækja ber um sjúkrapróf til áfangastjóra.

Nemendur eiga rétt á að skoða prófúrlausnir sínar í viðurvist kennara í síðasta lagi innan þriggja daga frá afhendingu einkunna. Ef fram kemur skekkja í mati eða einkunnagjöf skal slíkt leiðrétt strax. Ef nemandi telur að hann hafi verið beittur órétti getur hann kært niðurstöður prófs til skólameistara sem þá kallar til óháðan prófdómara. Niðurstaða hans skal standa.

Endurtektarpróf fyrir 3ja og 4ra ára námsbrautir.

Nemandi, sem fellur á prófi, hefur rétt á að þreyta endurtektarpróf að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þau eru:

1. Nemandinn stundar nám á námsbraut þar sem meðalnámstími er 3 eða 4 ár.
2. Nemandinn hefur lokið helmingi eininga á brautinni.
3. Fallið í áfanganum verður óhjákvæmilega til þess að fresta námslokum nemandans (miðað við meðal námsframvindu).
4. Nemandinn hefur náð a.m.k. einkunninni 3 í áfanganum.
5. Nemandi getur aldrei þreytt fleiri en tvö endurtektarpróf á hverri önn.

## Reglur um námsmat

Í Framhaldsskólanum á Húsavík er lögð áhersla á að námsmati taki til sem flestra þátta námsins. Námsmatið á að taka tillit til þekkingar, færni, skilnings og viðhorfa. Námsmatið skal vera í samræmi við markmið náms eins og þau eru sett fram í skólanámskránni. Æskilegt er að námsmatið sé fjölbreytt, til dæmis:

1. símat á öllum námstímanum
2. munnleg eða skrifleg yfirlitspróf námsáfanga
3. mat á verkefnum og vinnuferli
4. sjálfsmat nemandans

Vægi þessara þátta getur verið misjafnt eftir áföngum. Einnig ber að meta hæfileika nemenda til samstarfs með öðrum, virkni í hópvinnu, frumkvæði, hugmyndaauðgi, sköpun, og sjálfstæði í vinnubrögðum. Símat á námstímanum á að vera upplýsandi fyrir nemanda og foreldra hans. Það gefur til kynna hvaða námsmarkmiðum hefur verið náð, hvað þurfi að bæta og hvaða leiðir nemandinn getur farið til að styrkja stöðu sína.

Vægi yfirlitsprófs í lok annar skal vera á bilinu 50-80% af endanlegu mati (lokaeinkunn). Í P og U áföngum getur vægi yfirlitsprófs verið 100%. Nánar skal kveðið á um vægi yfirlitsprófs og annarra námsþátta í kennsluáætlun. Einkunn á yfirlitsprófi skal ekki ráða því hvort aðrir námsþættir áfangans eru metnir samkvæmt kennsluáætlun. Við námsmat í verkefna- og verklegum áföngum er ekki krafist yfirlitsprófs í lok annar. Skólasókn skal ekki hafa sérstakt vægi í námsmati.

Gefa skal einkunnir í heilum tölum frá 1-10 og þarf nemandi að ná einkunninni 5 eða 45% námsmarkmiða til að teljast hafa lokið námsáfanga og öðlast einingar sem áfanginn gefur. Þá getur námsmat í áfanga einnig verið annað hvort staðið (merkt S í námsferli) eða fall (merkt F í námsferli). Nám frá öðrum skólum sem skólinn metur fær merkinguna M í námsferli. Kennarar meta úrlausnir nemenda og bera ábyrgð á námsmati.



## Miðannarmat

Miðannarmat er mat kennara á stöðu nemenda í einstökum áföngum um miðja önn. Það er gefið í bókstöfum:

- A Nemandinn hefur staðið sig mjög vel í áfanganum. Með sama áframhaldi ætti hann að fá 9-10 í lokaeinkunn.
- B Nemandinn hefur staðið sig vel í áfanganum en gæti gert enn betur. Með sama áframhaldi ætti hann að fá 7-8 í lokaeinkunn.
- C Nemandinn hefur staðið sig sæmilega í áfanganum og þarf að taka sig á. Með sama áframhaldi ætti hann að fá 5-6 í lokaeinkunn.
- D Nemandinn þarf nauðsynlega að bæta sig. Með sama áframhaldi á hann á hættu að ná ekki lágmarkseinkunni í áfanganum.

Athugið að miðannarmat er EKKI hluti af annareinkunn.

Miðannarmat fer fram um miðjan október á haustönn en í lok febrúar á vorönn.

### Mat á félagsstörfum og þátttöku í félagslífi á skólaári (tveimur önnum)

Nemandi sem gegnir formennsku í nemendafélagi skólans NEF getur mest fengið þrjár einingar metnar sem valeiningar á námsbraut. Nemendur sem sitja í stjórn NEF geta mest fengið tvær einingar.

Stjórnir klúbba NEF (þó aldrei fleiri en þrjár í hverjum klúbbi) geta fengið eina einingu.

Nemandi sem leikur í leikriti eða tekur þátt í leiklistarnámskeiði á vegum Píramusar og Þispu fær það metið til eininga í áfanganum LEI173. Sama á við um hljóðfæraleikara, hvíslara, aðstoðarleikstjóra og aðra sem starfa við leiksýningar.

Fyrir reglulega þjálfun og þátttöku í spurningakeppni framhaldsskólanna getur nemandi fengið allt að þrjár einingar.

Fyrir þátttöku í undankeppni skólans í söngkeppni framhaldsskólanna getur nemandi fengið eina einingu og eina einingu fyrir þátttöku í landskeppninni.

Nemandi sem æfir reglulega og syngur með skólakór fær það metið til einingar í áfanganum KÓR.

Hægt er að sækja um einingar fyrir önnur störf og þátttöku í félagslífi en hér er upp talið, enda sé um að ræða félagslíf á vegum skólans eða í samstarfi við skólann.

Við lok skólaárs fjallar skólaráð um allar tillögur og umsóknir sem fram hafa komið um veitingu eininga samkv. liðum a-f hér að framan og kveður upp úrskurð sinn. Enginn skal fá einingu metna nema hann hafi sannanlega unnið fyrir henni. Skólaráð getur kallað stjórn NEF og umsjónarmann félagsstarfs nemenda til samráðs við sig og sett nánari reglur ef þurfa þykir.

## Námsbrautir

### Almennar námsbrautir

#### Almenn braut

1. Grunnskólaeinkunnir í íslensku, stærðfræði og ensku undir viðmiði stúdentsbrauta\* eða:
2. Nemendur óákveðnir um brautarval eða:
3. Undirbúningur iðnnáms eða listnáms við aðra framhaldsskóla.

Lágmarks grunnskólaeinkunn á Félagsfræðibraut: íslenska og enska 6,0 og stærðfræði 5,0  
Lágmarks grunnskólaeinkunn á Náttúrufræðibraut: íslenska og stærðfræði 6,0 og enska 5,0

Grein	Kjarni	Ein	Kjörsvið	Ein	Val	Ein
Íslenska	ÍSL102 202	4			212	2
Stærðfræði	STÆ(192) 102	2			122,202	4
Enska	ENS102	2			202 212	4
Lífsleikni	LKN103	3				
Íþróttir	ÍÞR101 201	2				
Frumkvöðlanám			FRU193 293	6		
Listir og hönnun			LOH193 293	6		
Grunnteikning			GRT103 203	6		
Danska					DAN103	3

Nemendur með grunnskólaeinkunn 7 eða hærra í íslensku, ensku eða stærðfræði byrja í 103 áföngum í viðkomandi grein eða greinum.

Nemendur taka a.m.k. eitt af ofangreindum kjörsviðum.

Þeim, sem hyggja á iðnnám er eindregið ráðlagt að taka grunnteikningu, dönsku og STÆ122. Til að útskrifast á brautinni þarf lágmark 25 einingar.

**Almenn braut - endurmenntun**

Almenn námsbraut - endurmenntun (AE) er samstarfsverkefni Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga, Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga og Framhaldsskólans á Húsavík. Verkefnið er fyrst og fremst endurhæfingarúrræði fyrir þá sem hafa verið á örorkubótum og eru á endurhæfingarörorku.

Brautin er ætluð öryrkjum og þeim sem sótt hafa um endurhæfingarörorku. Hægt er að sækja um námið á þar til gerðum eyðublöðum hjá Framhaldsskólanum á Húsavík og hjá Félagsþjónustu Þingeyinga, sem sér um úrvinnslu umsókna.

Markmið námsins er að:

- Veita góða undirstöðu í námstækni og vinnuskipulagi.
- Efla og styrkja nemendur til að takast á við ný verkefni.
- Kynna fyrir nemendum tækifæri sem vinnumarkaðurinn býður upp á miðað við getu og áhuga hvers og eins.
- Kynna fyrir nemendum tækifæri sem felast í áframhaldandi námi miðað við getu og áhuga hvers og eins.
- Nemendur öðlist jákvæða sýn og færni í sjálfstæðum vinnubrögðum.
- Nemendur hafi bæði gagn og gaman af náminu.

Námstíminn er 2 annir.

Greinar		30 ein.
Íslenska	ÍSL193 293	6
Stærðfræði	STÆ193	3
Lífsleikni	LKN191 291	2
Líkamsrækt	ÍPR191 291	2
Frumkvöðlanám	FRU193	3
Félagsfræði	FÉL193 293	6
Verslunarreikningur	VER193	3
Hópefli	HÓP191 291	2
Upplýsinga- og tölvunám	UTN193	3

## Stúdentsbrautir

### Félagsfræðibraut

140 einingar, meðalnámstími er 8 annir.

Félagsfræðibraut er ætlað að veita nemendum góða og almenna undirstöðuþekkingu í bóklegu námi með áherslu á samfélagsgreinar. Brautin býr nemendur undir framhaldsnám í háskóla, einkum á sviði félagsvísinda.

Grein	Kjarni		Kjörsvið
Íslenska	ÍSL103 203 303 403 503	15 ein.	
Stærðfræði	STÆ103 203 303 403 503	15 ein.	313 413 603
Enska	ENS103 203 303	9 ein.	483
Danska	DAN103 203	6 ein.	
Þýska	ÞÝS103 203 303 403	12 ein.	
Félagsfræði	FÉL103	3 ein.	
Saga	SAG103 203	6 ein.	
Lífsleikni	LKN103	3 ein.	
Náttúrufræði	NÁT103 113 123	9 ein.	
Íþróttir	ÍÞR 8 einingar	8 ein.	
Eðlisfræði	EÐL103	3 ein.	203 303
Efnafræði	EFN103	3 ein.	203 303 313
Jarðfræði	JAR103	3 ein.	203 213
Líffræði	LÍF103	3 ein.	113 203
Kjörsvið, 10 áfangar, a.m.k. 3 línur		30 ein.	
Óbundnar valgreinar (frjálst val)		12 ein.	

Nemendur velja 2 áfanga af SÁL103, UPP103, REK103 OG ÞJÓ103 í kjarna.

Nemendur taka 98 ein. kjarna, 30 ein. úr kjörsviði og 12 ein. eru valgreinar.

Nemendur undir 18 ára aldri, sem innritast á Félagsfræðibraut með grunnskólaeinkunn lægri en 7 í íslensku, ensku og/eða stærðfræði hefja nám í viðkomandi námsgrein(um) í hægferðaráfanga eða áföngum. Sjá um röðun í áfanga undir inntökuskilyrði í FSH og um undanfarareglur hægferða.

**Náttúrufræðibraut**

140 einingar, meðalnámstími er 8 annir.

Námi á náttúrufræðibraut er ætlað að veita nemendum góða almenna undirstöðuþekkingu í bóklegum greinum með áherslu á sérsvið náttúruvísinda. Brautin býr nemendur undir framhaldsnám í háskóla í náttúruvísindum, stærðfræði og öðrum greinum sem byggjast á góðri undirstöðu í náttúruvísindum, s.s. heilbrigðisgreinum og landbúnaðarfræðum.

Nemendur taka 98 ein.kjarna, 30 ein. úr kjörsviði og 12 ein. eru valgreinar

Nemendur undir 18 ára aldri, sem innritast á Félagsfræðibraut með grunnskólaeinkunn lægri en 7 í íslensku, ensku og/eða stærðfræði hefja nám í viðkomandi námsgrein(um) í hægferðaráfanga eða áföngum. Sjá um röðun í áfanga undir inntökuskilyrði í FSH og um undanfarareglur hægferða.

Grein	Kjarni		Kjörsvið
Íslenska	ÍSL103 203 303 403 503	15 ein.	
Stærðfræði	STÆ103 203 303 403 503	15 ein.	313 413 603
Enska	ENS103 203 303	9 ein.	483
Danska	DAN103 203	6 ein.	
Þýska	ÞÝS103 203 303 403	12 ein.	
Félagsfræði	FÉL103	3 ein.	
Saga	SAG103 203	6 ein.	
Lífsleikni	LKN103	3 ein.	
Náttúrufræði	NÁT103 113 123	9 ein.	
Íþróttir	ÍÞR 8 einingar	8 ein.	
Eðlisfræði	EÐL103	3 ein.	203 303
Efnafræði	EFN103	3 ein.	203 303 313
Jarðfræði	JAR103	3 ein.	203 213
Líffræði	LÍF103	3 ein.	113 203
<b>Kjörsvið, 10 áfangar, a.m.k. 3 línur</b>		<b>30 ein.</b>	
Óbundnar valgreinar (frjálst val)		12 ein.	

### **Viðbótarnám til stúdentsprófs**

Nemendur sem ljúka skilgreindu starfsnámi á framhaldsskólastigi eiga kost á viðbótarnámi til undirbúnings námi á háskólastigi. Slíku námi lýkur með stúdentsprófi sem er samræmt í tilteknum greinum.

Til þess að fá starfsnám auk viðbótarnáms viðurkennt til stúdentsprófs skal heildarnám nemenda verða sem hér segir (velja skal aðra af eftirfarandi tveimur leiðum):

1. Viðbótarnámið geta nemendur skipulagt sjálfir í samráði við hlutaðeigandi framhaldsskóla miðað við skilgreind markmið um áframhaldandi nám á háskólastigi.
2. Nemendur geta lokið námi í ákveðnum greinum skv. Aðalnámsskrá Framhaldsskóla.

## Starfsnámsbrautir og brúarnám

### Félagsliðabraut

Hlutverk náms á Félagsliðabraut er að búa nemendur undir störf sem hafa að markmiði að aðstoða, veita umönnun og styðja þá sem þurfa í heimahúsum og á stofnunum. Um er að ræða fjögurra anna nám í skóla auk fjögurra mánaða starfsþjálfunar í heimaþjónustu eða á stofnunum. Námið á að veita nemendum góða undirstöðuþekkingu til starfa á sviði félagsþjónustu og umönnunar.

Inntökuskilyrði: Nemendur skulu hafa lokið grunnskólaprófi í íslensku og stærðfræði með lágmarkseinkunnina 5,0. Skólmeistara er heimilt að veita nemendum sem hafa náð 18 ára aldri inngöngu þótt þeir uppfylli ekki ofangreind skilyrði. Nauðsynlegt er að skila með umsókn öllum gögnum um fyrri skólavist.

Almennur hluti		13 ein.
Íslenska	ÍSL102	2 ein.
Enska	ENS102	2 ein.
Stærðfræði	STÆ102	2 ein.
Lífsleikni	LKN103	3 ein.
Íþróttir		4 ein.
<b>Sérgreinar</b>		
Aðstoð og umönnun		<b>50 ein.</b>
Félagsfræði	ASU104	4 ein.
Félagsleg virkni	FÉL103	3 ein.
Fjölskyldan og félagsleg þjónusta	FÉV102	2 ein.
Heilbrigðisfræði	FJF103	3 ein.
Hjálpartæki	HBF103	3 ein.
Hússtjórn og matreiðsla	HJÁ101	1 ein.
Líkamsbeiting	HÚS103	3 ein.
Lyfjafræði félagsliða	LÍB101	1 ein.
Næringsfræði	LYF113	3 ein.
Sálfræði	NÆR103	3 ein.
Samskipti	SÁL123, 303	6 ein.
Síðfræði	SAM112	2 ein.
Skyndihjálp	SÍÐ122	2 ein.
Umsjón og öryggi	SKY101	1 ein.
Uppeldisfræði	UMÖ101	1 ein.
Viðbrögð við áföllum og sorg	UPP122	2 ein.
Vinnan og vinnumarkaðurinn	VÁS102	2 ein.
<b>Val</b>	VVM101	1 ein.
Nemendur geta valið um eða tekið hvort tveggja:		
Öldrunarferli		<b>7 ein.</b>
Samfélagsþjónusta aldraðra eða		
Fötlun		
Fötlun og samfélag	ÖLD105	5 ein.
<b>Vinnustaðanám</b>	SFA102	2 ein.
Þriggja ára starfsreynsla		
	FTL103	3 ein.
	FOS104	4 ein.
		<b>16 ein.</b>

**Félagssliðabraut - brú**

Hlutverk náms á Félagssliðabraut er að búa nemendur undir störf sem hafa að markmiði að aðstoða, veita umönnun og styðja þá sem þess þurfa í heimahúsum og á stofnunum. Um er að ræða fjögurra anna nám í skóla auk fjögurra mánaða starfsþjálfunar í heimaþjónustu eða á stofnunum. Námið á að veita nemendum góða undirstöðuþekkingu til starfa á sviði félagssþjónustu og umönnunar.

Nám og kennsla á félagssliðabraut – brú er skipulagt samkvæmt námskrá menntamálaráðuneytisins, fyrir einstaklinga sem eru orðnir 22ja ára og hafa a.m.k. 3ja ára starfsreynslu. Að auki þurfa þeir að hafa lokið starfstengdum námskeiðum á vegum stéttarféлага, sveitarféлага eða annarra aðila sem sjá um námskeiðahald. Umfang námskeiða þarf að vera 220 til 230 stundir og skal það teljast jafngilda um 17 einingum af sérgreinum félagssliðabrautar. Formlegt nám við framhaldsskóla er metið í samræmi við ákvæði aðalnámskrá framhaldsskóla sé það sambærilegt við það nám sem er í boði á brúnni.

Sérgreinar		50 ein.
Aðstoð og umönnun	ASU104	4 ein.
Félagssfræði	FÉL103	3 ein.
Félagssleg virkni	FÉV102	2 ein.
Fjölskyldan og félagssleg þjónusta	FJF103	3 ein.
Heilbrigðisfræði	HBF103	3 ein.
Hjálpartæki	HJÁ101	1 ein.
Hússtjórn og matreiðsla	HÚS103	3 ein.
Líkamsbeiting	LÍB101	1 ein.
Lyfjafræði félagssliða	LYF113	3 ein.
Næringarfræði	NÆR103	3 ein.
Sálfræði	SÁL123, 303	6 ein.
Samskipti	SAM112	2 ein.
Siðfræði	SIÐ122	2 ein.
Skyndihjálp	SKY101	1 ein.
Umsjón og öryggi	UMÖ101	1 ein.
Uppeldisfræði	UPP122	2 ein.
Viðbrögð við áföllum og sorg	VÁS102	2 ein.
Vinnan og vinnumarkaðurinn	VVM101	1 ein.
<b>Val</b>		<b>7 ein.</b>
<b>Nemendur geta valið um eða tekið hvort tveggja:</b>		
Öldrunarferli	ÖLD105	5 ein.
Samfélagssþjónusta aldraðra	SFA102	2 ein.
eða		
Fötlun	FTL103	3 ein.
Fötlun og samfélag	FOS104	4 ein.
<b>Vinnustaðanáám</b>		<b>16 ein.</b>
Þriggja ára starfsreynsla		



**Námsbraut fyrir leiðbeinendur í leikskólum**

Í námi og kennslu aðstoðarfólks í leik- og grunnskólum er áhersla lögð á að búa nemendur undir að taka þátt í daglegu starfi á þessum skólastigum. Lokamarkmið námsins eru sett fram með hliðsjón af aðalnámsskrá leik- og grunnskóla og þeim lögum og reglugerðum sem tengjast þessum skólastigum. Í náminu er nemendum gefinn kostur á að takast við ákveðin störf í leik og fræðast um helstu atriði í uppeldi og kennslu. Stefnt er að því að nemendur fái innsýn í starfsemi leik- og grunnskóla og er leitast við að tengja saman hagnýta og fræðilega þætti námsins.

Inntökuskilyrði: Nemendur skulu hafa lokið grunnskólaprófi í íslensku og stærðfræði með lágmarkseinkunnina 5,0. Skólmeistara er heimilt að veita nemendum sem hafa náð 18 ára aldri inngöngu þótt þeir uppfylli ekki ofangreind skilyrði. Nauðsynlegt er að skila með umsókn öllum gögnum um fyrri skólavist.

<b>Almennur hluti</b>		<b>12 ein.</b>
Íslenska	ÍSL102	2 ein.
Erlend mál		2 ein.
Stærðfræði	STÆ102	2 ein.
Lífsleikni	LKN103	3 ein.
Íþróttir	ÍÞR101, 201, 301	3 ein.
<b>Sérgreinar</b>		<b>38 ein.</b>
Félagsfræði	FÉL103	3 ein
Fötlun	FÖT103	3 ein
Hegðun og atferlismótun	HOA103	3 ein
Íslenska	ÍSL633	3 ein
Leikur náms og þroska	LEN103	3 ein
Listir og skapandi starf	LSK103	3 ein
Matur og næring	MON102	2 ein
Samskipti og samstarf	SAS113	3 ein
Sálfræði	SÁL203	3 ein
Siðfræði	SÍÐ102	2 ein
Skyndihjálp	SKY101	1 ein
Uppeldisfræði	UPP103, 203	6 ein
Þroski og hreyfing	ÞRO103	3 ein
<b>Starfsþjálfun</b>		<b>9 ein.</b>
Starfsþjálfun	STL103, 203, 213	9 ein
<b>Samtals einingar</b>		<b>59 ein</b>

## Námsbraut fyrir leiðbeinendur í leikskólum - brú

Í námi og kennslu aðstoðarfólks í leik- og grunnskólum er áhersla lögð á að búa nemendur undir að taka þátt í daglegu starfi á þessum skólastigum. Lokamarkmið námsins eru sett fram með hliðsjón af aðalnámsskrá leik- og grunnskóla og þeim lögum og reglugerðum sem tengjast þessum skólastigum. Í náminu er nemendum gefinn kostur á að takast við ákveðin störf í leik og fræðast um helstu atriði í uppeldi og kennslu. Stefnt er að því að nemendur fái innsýn í starfsemi leik- og grunnskóla og er leitast við að tengja saman hagnýta og fræðilega þætti námsins.

Námið er fyrir einstaklinga sem eru 22 ára og hafa að baki a.m.k. þriggja ára starfsreynslu og starfa enn við umönnun, uppeldi og menntun barna í leik- eða grunnskóla og hafa að auki lokið starfstengdum námskeiðum á vegum sveitarfélaga eða stéttarfélaga. Umfang námskeiða þarf að vera 220-230 stundir og skal það teljast jafngilda um 17 einingum af sérgreinum Námsbrautar fyrir leiðbeinendur í leikskólum. Nemendur eiga þess kost að fá fyrra nám metið ef það er sambærilegt við áfanga aðalnámsskrár aðstoðarfólks í leik- og grunnskólum.

Kennslan fer fram síðdegis milli kl. 16:30 og 19:00 í skólanum eða í dreifnámi gegnum fjárfundabúnað eftir þörfum hverju sinni.

Sérgreinar		38 ein.
Félagsfræði	FÉL103	3 ein
Fötlun	FÖT103	3 ein
Hegðun og atferlismótun	HOA103	3 ein
Íslenska	ÍSL633	3 ein
Leikur náms og þroska	LEN103	3 ein
Listir og skapandi starf	LSK103	3 ein
Matur og næring	MON102	2 ein
Samskipti og samstarf	SAS113	3 ein
Sálfræði	SÁL203	3 ein
Síðfræði	SÍÐ102	2 ein
Skyndihjálp	SKY101	1 ein
Uppeldisfræði	UPP103, 203	6 ein
Þroski og hreyfing	ÞRO103	3 ein
<b>Starfsþjálfun</b>		<b>9 ein.</b>
Starfsþjálfun	STL103, 203, 213	9 ein
<b>Samtals einingar</b>		<b>47 ein.</b>

## Námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum

Í námi og kennslu aðstoðarfólks í leik- og grunnskólum er áhersla lögð á að búa nemendur undir að taka þátt í daglegu starfi á þessum skólastigum. Lokamarkmið námsins eru sett fram með hliðsjón af aðalnámsskrá leik- og grunnskóla og þeim lögum og reglugerðum sem tengjast þessum skólastigum. Í náminu er nemendum gefinn kostur á að takast við ákveðin störf í leik og fræðast um helstu atriði í uppeldi og kennslu. Stefnt er að því að nemendur fái innsýn í starfsemi leik- og grunnskóla og er leitast við að tengja saman hagnýta og fræðilega þætti námsins.

Inntökuskilyrði: Nemendur skulu hafa lokið grunnskólaprófi í íslensku og stærðfræði með lágmarkseinkunnina 4,5. Skólmeistara er heimilt að veita nemendum sem hafa náð 18 ára aldri inngöngu þótt þeir uppfylli ekki ofangreind skilyrði. Nauðsynlegt er að skila með umsókn öllum gögnum um fyrri skólavist.

<b>Almennur hluti</b>		<b>12 ein.</b>
Íslenska	ÍSL102	2 ein.
Erlend mál		2 ein.
Stærðfræði	STÆ102	2 ein.
Lífsleikni	LKN103	3 ein.
Íþróttir	ÍÞR101, 201, 301	3 ein.
<b>Sérgreinar</b>		<b>41 ein.</b>
Félagsfræði	FÉL103	3 ein
Fötlun	FÖT103	3 ein
Hegðun og atferlismótun	HOA 103	3 ein
Íslenska	ÍSL633	3 ein
Kennslustofan og nemandinn	KON103	3 ein
Leikur náms og þroska	LEN103	3 ein
Listir og skapandi starf	LSK103	3 ein
Matur og næring	MON102	2 ein
Samskipti og samstarf	SAS113	3 ein
Sálfræði	SÁL203	3 ein
Síðfræði	SÍÐ102	2 ein
Skyndihjálp	SKY101	1 ein
Uppeldisfræði	UPP103, 203	6 ein
Þroski og hreyfing	ÞRO103	3 ein
<b>Starfsþjálfun</b>		<b>9 ein.</b>
Starfsþjálfun	STG103, 203, 213	9 ein
<b>Samtals einingar</b>		<b>62 ein</b>

## Námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum - brú

Í námi og kennslu aðstoðarfólks í leik- og grunnskólum er áhersla lögð á að búa nemendur undir að taka þátt í daglegu starfi á þessum skólastigum. Lokamarkmið námsins eru sett fram með hliðsjón af aðalnámsskrá leik- og grunnskóla og þeim lögum og reglugerðum sem tengjast þessum skólastigum. Í náminu er nemendum gefinn kostur á að takast við ákveðin störf í leik og fræðast um helstu atriði í uppeldi og kennslu. Stefnt er að því að nemendur fái innsýn í starfsemi leik- og grunnskóla og er leitast við að tengja saman hagnýta og fræðilega þætti námsins.

Námið er fyrir einstaklinga sem eru 22 ára og hafa að baki a.m.k. þriggja ára starfsreynslu og starfa enn við umönnun, uppeldi og menntun barna í leik- eða grunnskóla og hafa að auki lokið starfstengdum námskeiðum á vegum sveitarfélaga eða stéttarfélaga. Umfang námskeiða þarf að vera 220-230 stundir og skal það teljast jafngilda um 17 einingum af sérgreinum Námsbrautar fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum. Nemendur eiga þess kost að fá fyrra nám metið ef það er sambærilegt við áfanga aðalnámsskrár aðstoðarfólks í leik- og grunnskólum.

Kennslan fer fram síðdegis milli kl. 16:30 og 19:00 í skólanum eða í dreifnámi gegnum fjárfundabúnað eftir þörfum hverju sinni.

Sérgreinar		41 ein.
Félagsfræði	FÉL103	3 ein
Fötlun	FÖT103	3 ein
Hegðun og atferlismótun	HOA103	3 ein
Íslenska	ÍSL633	3 ein
Kennslustofan og nemandinn	KON103	3 ein
Leikur náms og þroska	LEN103	3 ein
Listir og skapandi starf	LSK103	3 ein
Matur og næring	MON102	2 ein
Samskipti og samstarf	SAS113	3 ein
Sálfræði	SÁL203	3 ein
Síðfræði	SÍÐ102	2 ein
Skyndihjálp	SKY101	1 ein
Uppeldisfræði	UPP103, 203	6 ein
Þroski og hreyfing	ÞRO103	3 ein
<b>Starfsþjálfun</b>		<b>9 ein.</b>
Starfsþjálfun	STG103, 203, 213	9 ein
<b>Samtals einingar</b>		<b>50 ein.</b>

## **Skólaliðabraut**

Í námi og kennslu aðstoðarfólks í leik- og grunnskólum er áhersla lögð á að búa nemendur undir að taka þátt í daglegu starfi á þessum skólastigum. Lokamarkmið námsins eru sett fram með hliðsjón af aðalnámsskrá leik- og grunnskóla og þeim lögum og reglugerðum sem tengjast þessum skólastigum. Í náminu er nemendum gefinn kostur á að takast við ákveðin störf í leik og fræðast um helstu atriði í uppeldi og kennslu. Stefnt er að því að nemendur fái innsýn í starfsemi leik- og grunnskóla og er leitast við að tengja saman hagnýta og fræðilega þætti námsins.

Inntökuskilyrði: Nemendur skulu hafa lokið grunnskólaprófi í íslensku og stærðfræði með lágmarkseinkunnina 5,0. Skólmeistara er heimilt að veita nemendum sem hafa náð 18 ára aldri inngöngu þótt þeir uppfylli ekki ofangreind skilyrði. Nauðsynlegt er að skila með umsókn öllum gögnum um fyrri skólavist.

<b>Almennur hluti</b>		<b>11 ein.</b>
Íslenska	ÍSL102	2 ein.
Erlend mál		2 ein.
Stærðfræði	STÆ102	2 ein.
Lífsleikni	LKN103	3 ein.
Íþróttir	ÍÞR101, 201	2 ein.
<b>Sérgreinar</b>		<b>22 ein.</b>
Fötlun	FÖT103	3 ein
Leikur náms og þroska	LEN103	3 ein
Matur og næring	MON102	2 ein
Samskipti og samstarf	SAS113	3 ein
Skyndihjálp	SKY101	1 ein
Uppeldisfræði	UPP103, 203	6 ein
Þrif og umsjón	ÞRI101	1 ein
Þroski og hreyfing	ÞRO103	3 ein
<b>Starfsþjálfun</b>		<b>3 ein.</b>
Starfsþjálfun	STG103	3 ein
<b>Samtals einingar</b>		<b>36 ein.</b>

## Skólaliðabraut - brú

Í námi og kennslu aðstoðarfólks í leik- og grunnskólum er áhersla lögð á að búa nemendur undir að taka þátt í daglegu starfi á þessum skólastigum. Lokamarkmið námsins eru sett fram með hliðsjón af aðalnámsskrá leik- og grunnskóla og þeim lögum og reglugerðum sem tengjast þessum skólastigum. Í náminu er nemendum gefinn kostur á að takast við ákveðin störf í leik og fræðast um helstu atriði í uppeldi og kennslu. Stefnt er að því að nemendur fái innsýn í starfsemi leik- og grunnskóla og er leitast við að tengja saman hagnýta og fræðilega þætti námsins.

Námið er fyrir einstaklinga sem eru 22 ára og hafa að baki a.m.k. þriggja ára starfsreynslu og starfa enn við umönnun, uppeldi og menntun barna í leik- eða grunnskóla og hafa að auki lokið starfstengdum námskeiðum á vegum sveitarfélaga eða stéttarfélaga. Umfang námskeiða þarf að vera 220-230 stundir og skal það teljast jafngilda um 17 einingum af sérgreinum skólaliðabrautar. Nemendur eiga þess kost að fá fyrra nám metið ef það er sambærilegt við áfanga aðalnámsskrár aðstoðarfólks í leik- og grunnskólum.

Kennslan fer fram síðdegis milli kl. 16:30 og 19:00 í skólanum eða í dreifnámi gegnum fjárfundabúnað eftir þörfum hverju sinni.

Sérgreinar		22 ein.
Fötlun	FÖT103	3 ein
Leikur náms og þroska	LEN103	3 ein
Matur og næring	MON102	2 ein
Samskipti og samstarf	SAS113	3 ein
Skyndihjálp	SKY101	1 ein
Uppeldisfræði	UPP103, 203	6 ein
Þrif og umsjón	ÞRI101	1 ein
Þroski og hreyfing	ÞRO103	3 ein
<b>Starfsþjálfun</b>		<b>3 ein.</b>
Starfsþjálfun	STG103	3 ein
<b>Samtals einingar</b>		<b>25 ein.</b>

**Sjúkraliðabraut**

120 einingar, meðalnámstími er 6 annir auk 4 mánaða starfsþjálfunar.

Sjúkraliðabraut er ætlað að búa nemendur undir sjúkraliðastörf. Til viðbótar námi á brautinni verða nemendur að vinna fjóra mánuði á sjúkrastofnun og geta að því loknu sótt um löggildingu starfsheitis til heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis.

Hægt er að ljúka brúarnámi sjúkraliða (almennum greinum sleppt) að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

<b>Almennar greinar</b>		<b>25 ein.</b>
Móðurmál	ÍSL102, 202 / 103, 203	4
Erlend tungumál	DAN102/103	2
	ENS102/103	2
	+4 ein.	4
Stærðfræði	STÆ102/103 + 2 ein.	4
Lífsleikni	LKN103	3
Íþróttir	ÍÞR101, 201, 3x1, 4x1 + 2 ein.	6
<b>Sérgreinar</b>		<b>64 ein.</b>
Félagsfræði	FÉL103	3
Heilbrigðisfræði	HBF103	3
Hjúkrunarfræði, bókleg	HJÚ103, 203, 303, 403, 503	15
Hjúkrunarfræði, verkleg	HJV103	3
Líffæra- og lífeðlisfræði	LOL103, 203	6
Líkamsbeiting	LÍB101	1
Lyfjafræði	LYF103	3
Náttúrufræði	NÁT103, 123	6
Næringarfræði	NÆR103	3
Samskipti	SAM103	3
Sálfræði	SÁL103	3
Siðfræði	SIÐ102	2
Sjúkdómafræði	SJÚ103, 203	6
Skyndihjálp	SKY101	1
Sýklafræði	SÝK103	3
Upplýsinga- og tölvunám	UTN103	3
<b>Vinnustaðanám</b>		<b>15 ein.</b>
Verknám á stofnunum	VIN105, 205, 305	15
<b>Starfsþjálfun</b>		<b>16 ein.</b>
Starfsþjálfun	STÞ108, 208	16

## **Starfsbraut**

Starfsbraut er námstilboð fyrir nemendur sem geta einhverra hluta vegna geta ekki nýtt sér almenn tilboð framhaldsskólans. Námið einstaklingsmiðað og er bæði bóklegt og verklegt. Námið getur verið mjög breytilegt milli anna eða ára.

Meginmarkmið starfsbrautar er að efla nemendur til virkrar þátttöku í samfélaginu og gera þá sem mest sjálfbjarga í athöfnum daglegs lífs.





## Stundaskrá kennara haust 2011

DAGUR	TÍMI	Auður	Björgvin	Dóra	Dagbjört/ Guðný	Gunnar Árna	Gunnar Bald	Herdís	Ingólfur	Knútur	Svava	Sigga	Smári	Valdimar
MÁN	08.00-09.00	SÉR-100				SÁL-103	EFN-203		ÍþR		DAN-103		ENS-503	
MÁN	09.05-10.05	SÉR-100	STÆ-313			LKN-103		ÍSL-303	ÍþR	STÆ-122				
MÁN	10.20-11.20	SÉR-100		ÍSL-212					ÍþR	STÆ-303				STÆ-193
MÁN	11.25-12.25	SÉR-100	NÁT-103					ENS-102		STÆ-503			ENS-212	SAG-303
MÁN	12.25-13.00													
MÁN	13.00-14.00						EDL-303	ÍSL-103	FÉL-103				ENS-303	FÉL-303
MÁN	14.10-15.10			ÍSL-503				ENS-103	FRU-193				ÞÝS-303	
MÁN	15.20-16.20			ÍSL-102		SÁL-303	NÁT-123						ÞÝS-103	SAG-103
MÁN	16.30-17.30											FÉV-102		
MÁN	17.40-18.40											FÉV-102		
ÞRI	08.00-09.00	SÉR-100	NÁT-103					ENS-102		STÆ-503			ENS-212	SAG-303
ÞRI	09.05-10.05	SÉR-100		ÍSL-503				ENS-103	FRU-193				ÞÝS-303	
ÞRI	10.20-11.20	SÉR-100				SÁL-103	EFN-203				DAN-103		ENS-503	
ÞRI	11.25-12.25	SÉR-100	STÆ-313			LKN-103		ÍSL-303		STÆ-122				
ÞRI	12.25-13.00													
ÞRI	13.00-14.00			ÍSL-102		SÁL-303	NÁT-123		ÍþR				ÞÝS-103	SAG-103
ÞRI	14.10-15.10			ÍSL-212						STÆ-303				STÆ-193
ÞRI	15.20-16.20						JAR-103		UPP-103	STÆ-102	STÆ-103			SAG-313
ÞRI	16.30-17.30					UPP-203			UPP-203					
ÞRI	17.40-18.40					UPP-203			UPP-203					
MID	08.00-09.00	SÉR-100		ÍSL-102		SÁL-303	NÁT-123						ÞÝS-103	SAG-103
MID	09.05-10.05	SÉR-100		ÍSL-212						STÆ-303				STÆ-193
MID	10.20-11.20	SÉR-100		ÍSL-503				ENS-103	FRU-193				ÞÝS-303	
MID	11.25-12.25	SÉR-100					EDL-303	ÍSL-103	FÉL-103				ENS-303	FÉL-303
MID	12.25-13.00													
MID	13.00-14.00						JAR-103		UPP-103	STÆ-102	STÆ-103			SAG-313
MID	14.10-15.10		NÁT-103					ENS-102		STÆ-503			ENS-212	SAG-303
MID	15.20-16.20				THH-102									
MID	16.30-17.30				THH-102									
MID	17.40-18.40				THH-102									
FIM	08.00-09.00	SÉR-100					JAR-103		UPP-103	STÆ-102	STÆ-103			SAG-313
FIM	09.05-10.05	SÉR-100		ÍSL-102		SÁL-303	NÁT-123		ÍþR				ÞÝS-103	SAG-103
FIM	10.20-11.20	SÉR-100	STÆ-313			LKN-103		ÍSL-303		STÆ-122				
FIM	11.25-12.25	SÉR-100				SÁL-103	EFN-203				DAN-103		ENS-503	
FIM	12.25-13.00													
FIM	13.00-14.00			ÍSL-212					ÍþR	STÆ-303				STÆ-193
FIM	14.10-15.10						EDL-303	ÍSL-103	FÉL-103				ENS-303	FÉL-303
FIM	15.20-16.20			ÍSL-503				ENS-103	FRU-193				ÞÝS-303	
FIM	16.30-17.30					HOA-103								
FIM	17.40-18.40					HOA-103								
FÖS	08.00-09.00	SÉR-100	STÆ-313			LKN-103		ÍSL-303	ÍþR	STÆ-122				
FÖS	09.05-10.05	SÉR-100				SÁL-103	EFN-203		ÍþR		DAN-103		ENS-503	
FÖS	10.20-11.20	SÉR-100					EDL-303	ÍSL-103	FÉL-103				ENS-303	FÉL-303
FÖS	11.25-12.25	SÉR-100					JAR-103		UPP-103	STÆ-102	STÆ-103			SAG-313
FÖS	12.25-13.00													
FÖS	13.00-14.00		NÁT-103					ENS-102		STÆ-503			ENS-212	SAG-303
FÖS	14.10-15.10													
FÖS	15.20-16.20													
FÖS	16.30-17.30													
FÖS	17.40-18.40													

## Stundaskrá kennara vor 2012

	Tími	Auður	Arnildur	Björgvin	Dóra	Gunnar Árna	Gunnar Bald	Herdís	Ingólfur	Knútur	Svava	Smári	Valdimar
MÁN	08.00-09.00	SÉR100				UPP203	EFN303	ÍSL203	ÍÞR	STÆ202-2			
MÁN	09.05-10.05	SÉR100		LÍF103			NÁT113		ÍÞR			ENS403	LAN103
MÁN	10.20-11.20	SÉR100	LOH193		ÍSL403		NÁT123		ÍÞR		DAN203		
MÁN	11.25-12.25	SÉR100		STÆ413	ÍSL202			FÉL203		STÆ403		ENS203	
MÁN	12.25-13.00												
MÁN	13.00-14.00					SÁL203		ENS202	FÉL103	STÆ203			SAG203-2
MÁN	14.10-15.10								FRU293	STÆ202		ÞÝS403	SAG403
MÁN	15.20-16.20			NÁT103			JAR203					ÞÝS203	SAG203
MÁN	16.30-17.30					SÁL303							
MÁN	17.40-18.40												
ÞRI	08.00-09.00	SÉR100		STÆ413	ÍSL202				FÉL203	STÆ403		ENS203	
ÞRI	09.05-10.05	SÉR100							FRU293	STÆ202		ÞÝS403	SAG403
ÞRI	10.20-11.20	SÉR100				UPP203	EFN303	ÍSL203		STÆ202-2			
ÞRI	11.25-12.25	SÉR100		LÍF103			NÁT113					ENS403	LAN103
ÞRI	12.25-13.00												
ÞRI	13.00-14.00			NÁT103			JAR203		ÍÞR			ÞÝS203	SAG203
ÞRI	14.10-15.10		LOH193		ÍSL403		NÁT123				DAN203		
ÞRI	15.20-16.20				ÍSL303	SÁL403					DAN203-2		
ÞRI	16.30-17.30												
ÞRI	17.40-18.40												
MÍÐ	08.00-09.00	SÉR100		NÁT103			JAR203					ÞÝS203	SAG203
MÍÐ	09.05-10.05	SÉR100	LOH193		ÍSL403		NÁT123				DAN203		
MÍÐ	10.20-11.20	SÉR100							FRU293	STÆ202		ÞÝS403	SAG403
MÍÐ	11.25-12.25	SÉR100				SÁL203		ENS202	FÉL103	STÆ203			SAG203-2
MÍÐ	12.25-13.00												
MÍÐ	13.00-14.00				ÍSL303	SÁL403					DAN203-2		
MÍÐ	14.10-15.10			STÆ-413	ÍSL202				FÉL203	STÆ403		ENS203	
MÍÐ	15.20-16.20												
MÍÐ	16.30-17.30												
MÍÐ	17.40-18.40												
FIM	08.00-09.00	SÉR100			ÍSL303	SÁL403					DAN203-2		
FIM	09.05-10.05	SÉR100		NÁT103			JAR203		ÍÞR			ÞÝS203	SAG203
FIM	10.20-11.20	SÉR100		LÍF103			NÁT113					ENS403	LAN103
FIM	11.25-12.25	SÉR100				UPP203	EFN303	ÍSL203		STÆ202-2			
FIM	12.25-13.00												
FIM	13.00-14.00		LOH193		ÍSL403		NÁT123		ÍÞR		DAN203		
Mikilvægt er að starfsfólk Framhaldsskólans á Húsavík sé í stakk búið að laga sig að síbreytilegum kröfum sem starfið gerir til þess. Framhaldsskólinn á Húsavík vill tryggja starfsmönnum sínum starfsþróun til þess að hún geti orðið bæði starfsmönnum og stofnuninni til hagsbóta. Starfsþróun er ekki einhliða aðgerð stjórnenda eða starfsmanns heldur er hún á ábyrgð beggja og hluti af þátttöku starfsmanns í starfsmannasamtölum, símenntun og daglegri samvinnu. Hún á sér einnig stað þegar starfsmaður tekst á við starf sem gerir auknar kröfur til hans. Starfsþróun og starfsöryggi tengjast með beinum hætti. Framhaldsskólinn á Húsavík vill skapa starfsmönnum möguleika á samfelldum starfsferli með því að hvetja starfsmenn til að auka frumkvæði og hæfni til að takast á við ný verkefni.

## Símenntun og endurmenntun

Framhaldsskólinn á Húsavík leggur áherslu á að starfsmenn eigi kost á símenntun, bæði innan og utan skólans, til að auka þekkingu sína og faglega hæfni. Starfsmenn og stjórnendur bera jafna ábyrgð á að viðhalda og bæta þá þekkingu og hæfni sem nauðsynleg er starfsins vegna.

## Starfsmannasamtöl

Í Framhaldsskólanum á Húsavík skulu starfsmannasamtöl fara fram einu sinni á ári. Tilgangur samtalanna er að stuðla að velferð starfsmanna, bættum starfsárangri og gagnkvæmri upplýsingamiðlun. Samtölunum er ætlað að auðvelda starfsmönnum og stjórnendum að ná settum markmiðum í starfi skólans, að skerpa vitundina um þessi markmið og þá ábyrgð sem þeim fylgir. Starfsmannasamtölin eiga einnig að byggja upp gagnkvæmt traust og þar fer fram umræða um líðan starfsmanna á vinnustað. Þess skal gætt að starfsmannasamtöl séu vel undirbúin og að í þeim sé fyllsta trúnaðar gætt. Mikilvægt er að unnið sé úr þeim markmiðum sem rætt er um í starfsmannasamtölum og þeim sé fylgt eftir.

## 3. Jafnrétti

Framhaldsskólinn á Húsavík hefur markað sér jafnréttisstefnu sem aðgengileg er á heimasíðu skólans. Líkt og þar kemur fram er megináhersla lögð á að jafnréttis og jafnræðis sé gætt á öllum sviðum skólastarfsins. Í því felst að óheimilt er að mismuna starfsmönnum eftir aldri, kynþætti, kynhneigð, trúarskoðunum, stjórnmálaskoðunum eða af öðrum ómálefnalegum ástæðum. Mikilvægt er að starfsmenn virði jafnréttisstefnuna og vinni í anda hennar.

## 4. Samskipti og boðmiðlun

### Samskipti

Framhaldsskólinn á Húsavík leggur mikið upp úr starfsánægju, góðum starfsanda og vellíðan starfsmanna. Lögð er áhersla á að starfsmenn temji sér kurteisi og háttvísi í framkomu og komi fram hver við annan af virðingu, umburðarlyndi og með jákvæðu viðmóti. Þróuð hefur verið eineltisáætlun fyrir skólann sem aðgengileg er á heimasíðu hans. Þar kemur fram að verði starfsmenn uppvísir að ósæmilegri framkomu í garð samstarfsmanna sinna, s.s. einelti, kynferðislegri eða kynbundinni áreitni, teljast þeir brotlegir við grundvallarreglur um samskipti á vinnustað. Slíkt getur leitt til áminningar og jafnvel uppsagnar.

### Boðmiðlun

Lögð er áhersla á að starfsmenn hafi greiðan aðgang að gögnum með markvissri miðlun upplýsinga. Stjórnendum ber að upplýsa starfsmenn um málefni er varða starfsemi skólans

með reglulegum fundum, tölvupóstsamskiptum og öðrum leiðum. Fundargerðir og aðrar upplýsingar um stefnu og starfsemi Framhaldsskólans á Húsavík skulu vera starfsmönnum aðgengilegar á heimasíðu skólans.

### **5. Laun, starfsskilyrði og vinnuvernd**

Framhaldsskólinn á Húsavík kappkostar að tryggja hverjum starfsmanni þau skilyrði og þá aðstöðu sem hann þarf til að rækja starf sitt vel. Jafnframt er leitast við að tryggja starfsöryggi eins og unnt er.

#### **Launamál**

Framhaldsskólinn á Húsavík vill ráða til sín og halda í hæft starfsfólk. Í því skyni leitast skólinn við að búa starfsmönnum sínum eins góð launakjör, starfsskilyrði og starfsaðstöðu og unnt er. Laun skulu ákvörðuð með sanngjörnum hætti á grundvelli starfslýsingar og gildandi kjara- og stofnanasamnings. Starfsmaður getur óskað eftir launaviðtali þegar honum þykir ástæða til þess.

#### **Vinnutími**

Við Framhaldsskólann á Húsavík er áhersla lögð á að starfsmenn séu stundvísir og stundi starf sitt vel. Skólameistara ber að fylgjast með stundvísi, fjarveru í vinnutíma og brotthvarfi af vinnustað áður en reglulegum vinnutíma lýkur, kanna ástæður fyrir slíku og lagfæra í samræmi við lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, kafla IV.

#### **Fjölskylduábyrgð**

Að jafnaði skal vinnuálagi starfsmanna við Framhaldsskólann á Húsavík stillt í hóf. Skólinn vill eftir megni taka tillit til óska starfsmanna um vinnutíma og starfshlutfall. Starfsmönnum skal, eftir því sem unnt er, gefinn kostur á tímabundinni lækkun á starfshlutfalli og sveigjanlegum vinnutíma vegna fjölskylduábyrgðar án þess að það hafi áhrif á starfsframa þeirra. Skólinn hvetur feður sérstaklega til þess að nýta sér möguleika sína til að samræma starfs- og fjölskylduábyrgð.

#### **Öryggi starfsmanna**

Vinnuumhverfi í Framhaldsskólanum á Húsavík skal vera í samræmi við lög og reglugerðir um öryggi á vinnustöðum. Í öryggisstefnu skólans, sem aðgengileg er á heimasíðu hans, kemur fram að skólinn skal leitast af fremsta megni við að útvega starfsfólki sínu starfsaðstöðu sem fullnægir kröfum um öryggi, hollustu og vinnuvernd. Öryggisfulltrúi Framhaldsskólans á Húsavík er til leiðbeiningar í þeim efnum. Starfsmenn bera sjálfir ábyrgð á að fylgja kröfum sem gerðar eru til þeirra um aðgát í starfi. Í skólanum skal boðið upp á námskeið í skyndihjálpi og viðbrögðum við eldsvoða og jarðskjálfta með reglulegu millibili.

#### **Starfsaðstaða**

Skólanum ber að útvega hverjum starfsmanni aðstöðu sem gerir honum kleift að sinna starfi sínu vel. Stjórnendur skólans meta þörf starfsmanna fyrir þá aðstöðu, s.s. rými, húsgögn og tækjakost, sem starf þeirra útheimtir. Taka skal sérstakt tillit til starfsmanna með fötlun og sjúkdóma.

#### **Heilbrigði starfsmanna**

Framhaldsskólinn á Húsavík hvetur starfsfólk sitt til að leggja rækt við eigin heilsu og ástunda heilbriggt lífni. Skólinn tekur þátt í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli og ber

Því að sjá til þess að starfsfólk hafi greiðan aðgang að heilsusamlegu fæði. Jafnframt hvetur skólinn starfsfólk sitt til að stunda líkamsrækt og fylgjast vel með heilsu sinni. Skólinn er áfengis-, tóbaks- og vímuefnalaus vinnustaður. Öll svæði skólans skulu vera reyklaus, bæði hús og lóð. Starfsfólki er óheimilt að vera undir áhrifum áfengis og annarra vímuefna í starfi. Komi í ljós að starfsmaður eigi við áfengis- og/eða vímuefnavanda að stríða ber stjórnendum og/eða starfsmönnum að bregðast við og leita úrlausnar í samráði við skólameistara.

## **6. Sjálfsmat**

Árlega framkvæmir Framhaldsskólinn á Húsavík formlegt sjálfsmat skv. VII kafla nýrra laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og er það liður í sívirku umbótastarfi skólans. Niðurstöður matsins eru birtar á heimasíðu skólans um leið og unnið hefur verið úr þeim.

Framhaldsskólinn á Húsavík leggur áherslu á að stöðugt sé unnið að innra mati skólans og að allir starfsmenn komi að þeirri vinnu. Lesa má nánar um sjálfsmat á heimasíðu skólans.

## **7. Stjórnunarhættir**

Við Framhaldsskólann á Húsavík er lögð áhersla á að innra starf sé vel skipulagt. Stefnt skal að því að allir starfsmenn hafi skýra hugmynd um hlutverk sitt innan skólans og að allir starfsmenn taki, í samræmi við hæfni þeirra og eðli starfsins, virkan þátt í stjórnun skólans og ákvarðanatöku innan hans. Stuðlað skal að góðum og nútímalegum stjórnunarháttum sem felast m.a. í jákvæðu viðhorfi stjórnenda til starfsmanna og virku upplýsingastreymi. Stjórnendur skulu að jafnaði leita samráðs við starfsmenn um þau málefni vinnustaðarins er þá varða og beita sér fyrir sem víðtækastri sátt um þau. Ákvörðunarvald og ábyrgð stjórnenda gagnvart starfsmönnum skal vera vel skilgreind og starfsmönnum ljós. Stjórnendur skulu vinna að settum markmiðum í skólastarfi og veita starfsmönnum tækifæri til að taka faglegum og persónulegum framförum. Skipurit skal kynnt reglulega fyrir starfsmönnum skólans og þess gætt að það sé starfsfólki aðgengilegt og upplýsingar í því réttar.

## **8. Starfslok**

Í Framhaldsskólanum á Húsavík er áhersla lögð á að komið sé til móts við óskir starfsmanna um starfslok, t.d. með breyttu starfshlutfalli eða starfsskyldum síðustu misserin í starfi. Fastráðnum starfsmönnum skal gefinn kostur á starfslokaviðtali hjá skólameistara. Viðtalið gefur skólanum tækifæri til að draga lærdóm af ábendingum starfsmanna um það sem betur má fara í skólastarfinu. Starfsmenn Framhaldsskólans á Húsavík skulu láta af störfum eigi síðar en í lok þess mánaðar sem þeir verða 70 ára, sbr. 43. grein laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

## **9. Framkvæmd og eftirfylgd starfsmannastefnu**

Stefnt skal að því að við Framhaldsskólann á Húsavík verði með reglubundnum hætti gerðar formlegar kannanir á viðhorfum og líðan starfsmanna. Skólameistari ber ábyrgð á því að starfsmannastefnu skólans sé framfylgt.

# **Jafnréttisstefna**

---

## Jafnréttisáætlun Framhaldsskólans á Húsavík

### 1. Inngangur

18. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 er kveðið á um að öll fyrirtæki og stofnanir með fleiri en 25 starfsmenn skuli setja sér jafnréttisáætlun eða sambætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Þrátt fyrir að við Framhaldsskólann á Húsavík starfi færri en 25 manns leggur skólinn áherslu á að jafnréttissjónarmið séu höfð að leiðarljósi í öllu starfi hans og vill setja starfsfólki sínu og nemendum gott fordæmi í þessum efnum.

Jafnréttisáætlun Framhaldsskólans á Húsavík er mótuð í samræmi við jafnréttislögin nr. 10 árið 2008. Markmið hennar er að stuðla að jafnrétti kynja í skólanum, jafnri stöðu og virðingu kvenna og karla innan skólans, ennfremur að minna stjórnendur, nemendur og starfslið skólans á mikilvægi þess að allir fái notið hæfileika sinna án tillits til aldurs, búsetu, fötlunar, kyns, kynhneigðar, litarháttar, lífsskoðana, menningar, stéttar, trúarbragða, tungumáls, ætternis, þjóðernis eða annarra þátta sem kunna að greina einn einstakling frá öðrum. Líkt og fram kemur í menntasýn FSH er í skólanum lögð áhersla á að:

*. . . nemendur öðlist dýpri skilning á hugtökum á borð við frelsi, jafnrétti og systkinalag með því að þeir fái frelsi til að tjá skoðanir sínar og taka ákvarðanir um nám sitt, hafi jöfn tækifæri til þátttöku og áhrifa án tillits til félags- og efnahagslegrar stöðu, hæfni, reynslu, aldurs, kynferðis, kynhneigðar, trúarafstöðu, kynþáttar eða þjóðernis. Að nemendur efli samskiptahæfni sína með því að vinna með öðrum að fjölbreyttum viðfangsefnum, læri að leysa úr ágreiningi, vinni gegn mismunun og einelti, öðlist meiri sjálfsaga og taki ábyrgð á eigin gerðum.*

Jafnréttisstefna er því ekki aðeins bundin við kynjajafnrétti heldur ýmsa aðra þætti sem kunna að skapa mun á milli einstaklinga. Mikilvægt er að bæði nemendur skólans og starfsfólk séu upplýst um jafnréttisstefnu skólans og fylgi henni í hvívetna.

Við FSH starfar jafnréttisfulltrúi. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi í skólanum og að jafnréttisstefnu skólans sé framfylgt. Jafnréttisfulltrúi sendir Mennta- og menningarmálaráðuneyti árlega greinargerð um jafnréttisstarf skólans sbr. 13. gr. laga um jafna stöðu kvenna og karla nr. 10/2008.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir jafnréttisáætlun Framhaldsskólans á Húsavík í nokkrum hlutum. Kafli 2 snýr að starfsfólki skólans en kafli 3 að nemendum. Í kafla 4 er svo gerð grein fyrir framkvæmd og eftirfylgd jafnréttisstefnunnar.

### 2. Starfsfólk

Framhaldsskólinn á Húsavík telur mikilvægt að nýta til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfum bæði kvenna og karla. Í öllu starfi skólans skal unnið markvisst gegn viðhorfum sem leiða til aðstöðumunar karla og kvenna. Í starfsmannastefnu skólans, sem aðgengileg er á heimasíðu hans, er skýrt kveðið á um mikilvægi þess að starfsfólk virði jafnréttisstefnuna og vinni í anda hennar.

### Ráðningar og starfsauglýsingar

Jafnréttissjónarmið skulu höfð að leiðarljósi til jafns við önnur sjónarmið þegar ráðið er í stöður við skólann. Í auglýsingum um laus störf við skólann skal vísað í jafnréttisstefnu skólans, störf skulu þar vera ókyngreind og höfða jafnt til beggja kynja. Stefnt skal að því að í hópi starfsfólks sé fjöldi karla og kvenna sem jafnastur. Gæta skal þess að einstaklingum sé ekki mismunað vegna kynferðis við úthlutun verkefna eða þegar teknar eru ákvarðanir um framgang í störfum. Jafnframt skulu bæði kyn njóta sömu tækifæra til að axla ábyrgð.

### **Launakjör**

Við ákvörðun launa skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf. Kynjajafnréttis skal gætt við úthlutun hvers konar þóknunar og hlunninda, beinna og óbeinna. Einnig skulu kynin njóta sömu kjara hvað varðar lífeyris- orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur starfskjör eða réttindi sem metin verða til fjár.

### **Þátttaka í nefndum og ráðum**

Stefnt skal að því að fjöldi karla og kvenna í nefndum og ráðum á vegum skólans sé sem jafnastur.

### **Endurmenntun og starfsþjálfun**

Starfsfólki skulu tryggðir möguleikar til endurmenntunar og starfsþjálfunar óháð kyni. Leitast skal við að höfða til beggja kynja í tilboðum er lúta að starfsþjálfun og endurmenntun.

### **Áætlanagerð og rekstur**

Við áætlanagerð fyrir skólann skal sérstaklega hugað að kynjasjónarmiðum við forgangsroðun verkefna og skiptingu fjármuna. Þegar þörf er hagræðingar í rekstri skólans skal jafnréttis- og kynjasjónarmiða gætt. Huga þarf að því að við slíkar aðgerðir halli ekki á annað kynið.

### **Samræming fjölskyldulífs og vinnu**

Starfsfólki Framhaldsskólans á Húsavík skal gert kleift að samræma fjölskyldulíf og vinnu, meðal annars með sveigjanlegum viðverutíma í skólanum. Starfsfólki af báðum kynjum skal gert kleift að sinna tímabundinni fjölskylduábyrgð sem skapast af veikindum barna, maka eða foreldra. Ekki skal líta á það sem mismunun að tekið sé tillit til kvenna vegna þungunar og barnsburðar.

### **Einelti, kynferðisleg og kynbundin áreitni**

Allir starfsmenn eiga rétt á að komið sé fram við þá af virðingu og að þeir sæti ekki einelti, kynferðislegri eða kynbundinni áreitni. Einelti er ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni er kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Kynbundin áreitni er hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi hegðun, sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður. Áreitni getur

verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Veita skal starfsfólki fræðslu um einelti og kynferðislega og kynbundna áreitni til að stuðla að því að allt starfsfólk verði meðvitað um slík málefni, geti greint þau og brugðist við þeim þegar þau koma upp. Verði starfsfólk uppvíst að ósæmilegri framkomu í garð samstarfsfólks, s.s. einelti, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni teljast þeir brotlegir við grundvallarreglur um samskipti á vinnustað. Slíkt getur leitt til áminningar og jafnvel uppsagnar sbr. 21. grein laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Ef starfsmaður telur að brotið sé gegn jafnréttissjónarmiðum innan Framhaldsskólans á Húsavík, eða þarfnast ráðgjafar um meðferð jafnréttismála innan skólans, skal hann leita til skólameistara eða jafnréttisfulltrúa og finna málinu farveg í samvinnu við hann. Þessar upplýsingar skulu jafnframt vera aðgengilegar í skipuriti skólans.

### 3. Nemendur

Samkvæmt Aðalnámskrá framhaldsskóla skal menntun í jafnrétti vera einn af grunnþáttum menntunar í íslenskum framhaldsskólum. Í Aðalnámskrá segir: „Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis“ (bls. 15).

Í Aðalnámskrá segir ennfremur: „Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni, þjóðerni. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks“ (bls. 15).

Í ljósi þessa þarf að skoða eftirfarandi atriði sérstaklega:

#### Líðan og árangur

Skólinn leitast við það í öllu sínu starfi að koma til móts við áhuga og þarfir nemenda sbr. hér að framan. Jafnframt er lögð áhersla á að starfsfólk skólans beri ábyrgð á uppeldislegum samskiptum sínum við nemendur með því að sýna þeim virðingu, umhyggju, velvild, aðhald og þolinmæði og vænta ætíð árangurs. Lögð er áhersla á að nemendum líði vel og að þeir sýni framfarir og nái árangri á sem flestum sviðum. Kanna þarf með reglubundnum hætti líðan nemenda og viðhorf þeirra til skólans og starfsemi hans. Þá er einnig mikilvægt að skoða einkunnir nemenda og greina árangur þeirra í námi eftir kyni. Ef í ljós kemur verulegur munur á líðan, viðhorfum eða árangri nemenda eftir kyn þeirra þarf að grípa til sérstakra aðgerða með það fyrir augum að staða kynjanna verði sem jöfnust. Hér gæti m.a. komið til greina að breyta kennsluháttum, námsefni, samsetningu námshópa og/eða auka tímabundið stuðning við nemendur.

#### Námsefni

Allar námsgreinar tengjast jafnrétti beint og óbeint. Kennarar verða að vera vakandi fyrir því hvort kennsluefni byggist á jafnréttishugmyndum með því að skoða og meta það út frá

jafnréttissjónarmiðum. Skoða þarf viðfangsefni skólastarfsins út frá sem flestum sjónarhornum og nota ólíkar heimildir s.s. að vitna í sérfræðinga af báðum kynjum.

### **Kennsluhættir**

Kennsluhættir þurfa að vera fjölbreyttir og þannig leitast við að sem flestir nemendur nái að tileinka sér þau viðfangsefni sem til umræðu eru hverju sinni. Mikilvægt er að hópaverkefni séu sem mest unnin í kynjablönduðum hópum. Þannig er líklegast að bæði kynin fái kennslu við hæfi og ólík reynsla og gildismat fái notið sín. Jafnréttisfræðslu þarf að samþætta námi og kennslu í sem flestum áföngum. Huga þarf sérstaklega að jafnréttisfræðslu í lífsleikni fyrir nýnema svo tryggt sé að stefnumið skólans í jafnréttismálum komi skýrt fram strax í upphafi náms við Framhaldsskólann á Húsavík. Gæta þarf hlutlægni bæði í umræðum og námsefni og benda nemendum á leiðir til að koma auga á og vinna gegn misrétti. Þar má t.d. hafa í huga atriði eins og aldur, búsetu, fötlun, kyn, kynhneigð, litarhátt, lífsskoðun, menningu, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni, þjóðerni eða annað sem kann að aðgreina einn einstakling frá öðrum.

### **Tómstundastarf og nemendaráð**

Hafa þarf að leiðarljósi að hlutur kynjanna sé sem jafnastur í þátttöku nemenda í nemendaráði. Einnig þurfa kynjahlutföll að vera sem jöfnust í öðru tómstundastarfi, s.s. nefndum og klúbbum skólans, spurningaliði og yfirleitt þar sem nemendur koma fram fyrir skólans hönd. Við gerð skólablaðsins skal þess sérstaklega gætt að kynjunum sé gert jafnhátt undir höfði, bæði í vinnu við blaðið og í allri umfjöllun sem þar kemur fram.

### **Stoðþjónusta**

Meta þarf stoðþjónustu skólans með reglulegu millibili. Með stoðþjónustu er átt við náms- og starfsráðgjöf, aðstoð við nemendur með sértæka námsörðugleika, aðstoð við nemendur með fötlun, aðstoð í tölvuveri, þjónustu á bókasafni, þjónustu hjúkrunarfræðings og ýmis önnur úrræði sem skólinn stendur fyrir.

### **Sveigjanleiki gagnvart eldri nemendum og nemendum sem eiga börn**

Framhaldsskólinn á Húsavík leggur áherslu á að koma til móts við eldri nemendur og barnafólk m.a. með sveigjanlegum reglum um skólasókn.

### **Aðbúnaður nemenda með fötlun**

Í allri endurskipulagningu á húsnaði skólans skal leitast við að hlúa sem best að nemendum með fötlun m.t.t. aðstöðu til náms, undirbúnings, tölvunotkunar, mataraðstöðu og salernisaðstöðu. Taka skal tillit til sértækra þarfa hvers og eins nemenda á hverjum tíma.

### **Einelti, kynferðisleg og kynbundin áreitni**

Allir nemendur eiga rétt á að komið sé fram við þá af virðingu og að þeir sæti ekki einelti, kynferðislegri eða kynbundinni áreitni. Líkt og fram kemur í 2. kafla jafnréttisáætlunarinnar er einelti ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni er kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn



og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Kynbundin áreitni er hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi hegðun, sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður. Áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Gera þarf nemendum ljóst að einelti, kynferðisleg og kynbundin áreitni er ekki liðin við Framhaldsskólann á Húsavík, hvort sem hún er af hálfu starfsmanns gagnvart nemanda, af hálfu nemanda gagnvart starfsmanni eða á milli nemenda. Hér þarf sérstaklega að hafa í huga þær leiðir sem tæknin hefur í för með sér, s.s. í gegnum tölvu eða síma. Um meðferð mála má lesa nánar í skólareglum sem aðgengilegar eru á heimasíðu skólans.

### **Kynhneigð**

Starfsfólk Framhaldsskólans á Húsavík skal gæta þess að gera ráð fyrir að nemendur hafa mismunandi kynhneigð. Mikilvægt er að þetta sé haft í huga í námi, kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur.

Telji nemandi að brotið hafi verið gegn jafnréttisstefnu innan Framhaldsskólans á Húsavík, eða vill fá ráðgjöf um meðferð jafnréttismála innan skólans, getur hann leitað til skólameistara, jafnréttisfulltrúa, námsráðgjafa eða umsjónarkennara og fundið málinu farveg.

### **4. Framkvæmd og eftirfylgd jafnréttisstefnu**

Jafnréttisstefna er lifandi verkefni og þarf að vera í stöðugri þróun. Líta má á jafnréttisáætlun sem viljayfirlýsingu um að jafnréttissjónarmið séu höfð að leiðarljósi í öllu skólastarfi. Líkt og fram kemur í inngangi gerir jafnréttisfulltrúi árlega grein fyrir því hvort jafnréttisstefnunni hafi verið framfylgt og gerir athugasemdir þegar þurfa þykir. Á tveggja ára fresti er æskilegt að endurskoða áætlunina í heild sinni meðal annars með tilliti til breytinga í skólastarfi og lagabreytinga og gera þær ráðstafanir sem þarf til að nemendur og starfsfólk skólans njóti samstarfs og samneytis á grundvelli jafnréttis. Það er á ábyrgð skólameistara að jafnréttisstefnu sé fylgt í hvívetna og hann skal sjá til þess að í skólanum ríki sú skólamenning sem endurspeglar þann fjölbreytta hóp sem þar starfar.

## **Forfallaáætlun**

---

Framhaldsskólinn á Húsavík hefur markað sér stefnu varðandi fjarveru kennara og starfsfólks á starfstíma skólans. Stefnunni er ætlað að skapa samfellu í starfi skólans og vinnu nemenda.

### **Fjarvistastefna FSH**

#### **MARKMIÐ:**

Meginmarkmið fjarvistastefnu skólans er að skýra verklag og viðbrögð vegna fjarveru starfsfólks á starfstíma skólans vegna veikinda eða leyfa. Henni er þannig ætlað að treysta *samfellu* í námi og starfi nemenda og stuðla að nauðsynlegri festu í daglegu starfi skólans. Stefnunni er einnig ætlað að styðja við jákvæða endurkomu starfsfólks til starfa á ný eftir

veikindi. Þá er í stefnunni leitast við að skilgreina og að treysta verklag skólans við upplýsingamiðlun og skráningu á fjarvistum starfsfólks og mögulegum úrræðum.

### 1. Um tilkynningu veikinda

- a) Starfsfólki ber að tilkynna forföll til skólameistara. Veikindi skulu tilkynnt eigi síðar en kl. 07.45 dag hvern.
- b) Skólameistari leitast við virkjar þau úrræði sem tiltæk eru hverju sinni.
- c) Gefist ekki ráðrúm til að skipuleggja forföll í fyrstu kennslustund ber að tilkynna um forföll í þessari tilteknu kennslustund (bleikur miði) og leita leiða til skipuleggja nám nemenda í forföllum kennara
- d) Skólameistari ber ábyrgð á auglýsingu forfalla, með aðstoð skólarita, með því að:
  - a. Auglýsa forföll með smáskilboðum í SMS/tölvupósti til nemenda og foreldra ólögráða nemenda.
  - b. Auglýsa forföll í Húslestri á heimsíðu skólans, [www.fsh.is](http://www.fsh.is)
  - c. Auglýsa forföll með bleikum eða grænum miða á auglýsingatöflu skólans.

### 2. Um skráningu veikinda/forfalla.

- a. Skólameistari annast skráningu fjarvista starfsfólks.
  - i. Á eyðublöð fjármálaráðuneytisins (allir starfsmenn)
  - ii. Í INNU – kennarar
- b. Skólameistari annast samantekt á fjarveru í lok skólaárs og skilar skýrslu til skólanefndar.

### 3. Vottorð vegna veikinda

- a. Eftir fimm veikindatilvik (miðað við skólaárið) ber starfsmanni að skila læknisvottorði, og í hvert sinn eftir það.
- b. Skólinn greiðir fyrir vottorð.

### 4. Réttindi starfsfólks til töku veikindadaga og orlofs er samkvæmt gildandi kjarasamningum viðkomandi starfsmanns.

Sjá nánar í gildandi kjarasamningum.

KÍ-FF <http://ff.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=836> (síða 29- )  
<http://ff.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=13318>

BHM <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1996070.html>

SFR [http://sfr.is/files/1483408620SFR\\_rikid\\_2005-bæklingur.pdf](http://sfr.is/files/1483408620SFR_rikid_2005-bæklingur.pdf) (bls. 33- )

[http://sfr.is/files/SFR%20riki%20kjarasamningur%202011%20finale\\_2038886517.pdf](http://sfr.is/files/SFR%20riki%20kjarasamningur%202011%20finale_2038886517.pdf)

## 5. Endurkoma starfsfólks til vinnu eftir langvarandi veikindi

(sjá leiðbeiningar frá VIRK <http://www.virk.is/> )

- a) Skólameistari og viðkomandi starfsmaður ræði saman um endurkomu starfsmanns til starfa.
  - a. Mikilvægt er að ræða möguleika á aðlögun á vinnufyrirkomulagi og/eða vinnustað til að auðvelda starfsmanninum endurkomu til vinnu.
  - b. Leita skal lausna til að aðlaga vinnustaðinn svo starfsmaður geti sinnt verkefnum sínum og komið fljótt og örugglega aftur í sitt fyrra starf eða fái önnur verkefni við hæfi.
  - c. Stuðla ber að sem árangursríkasti endurkomu starfsmanns til starfa á ný þannig að hún uppfylli sem best þarfir starfsmannsins og lágmarki á sama tíma þau óþægindi sem aðrir starfsmenn gætu orðið fyrir vegna hennar.

## 6. Um forfallakennslu vegna veikinda og leyfa kennara

- a) Kennarar sem taka að sér forfallakennslu merkja við nemendur og verkstýra þeim í samræmi við kennsluáætlun viðkomandi kennara.
- b) Þurfi kennari að taka veikindaorlof í lengri tíma samfelld en sem nemur **viku** ber að ráða forfallakennara í hans stað.
- c) Verði kennari frá kennslu í meira en viku, án þess að unnt sé mæta forföllum hans með fyrrgreindum hætti, getur reynst **nauðsynlegt að endurskoða kennsluáætlanir** hans með tilliti til þess. Ef gera þarf breytingar á kennsluáætlun þarf slíkt að gerast í samráði við skólameistara og tilkynna þær áfangastjóra. Nýrri kennsluáætlun þarf að skila til ritara, til varðveislu í skjalasafni skólans, og kynna hana nemendum.

## 7. Almenn um leyfi umfram sammingsbundna orlofsdaga.

Starfsfólk getur óskað eftir því við skólameistara að fá leyfi frá störfum. Almenn gildir sú regla að orlofsdagar umfram þá sem skilgreindir eru í kjarasamningum eru dregnir frá launum nema sérstaklega sé samið um annað.

- a) Kennari sem fær leyfi á starfstíma skóla getur samið við samkennara um forfallakennslu, í slíkum tilvikum gera hlutaðeigandi með sér samkomulag um fyrirkomulag greiðslu.
- b) Geti kennari ekki samið við samkennara með fyrrgreindum hætti koma leyfis dagar umfram umsamda orlofsdaga til frádráttar launum.
- c) Heimilt er að semja um skilgreint vinnuframlag í stað leyfis.

**Starfsfólk (aðrir en kennarar)**

- d) Heimilt er að fá yfirvinnu greidda í formi frídaga.
- e) Heimilt er að færa sumarorlofsdaga á aðra daga á orlofsárinu.
- f) Heimilt að lengja daglegan vinnutíma og ávinna sér með þeim hætti frídaga umfram þá orlofsdaga sem skilgreindir eru í kjarasamningi.

Allt ofantalið er háð samkomulagi viðkomandi starfsmanns við skólameistara.

Starfsfólk semji við skólameistara um liði *e* og *f* við upphaf hvers orlofsárs (1. maí).

**8. Um afleysingu í forföllum (veikindum/leyfum) annarra starfsmanna**

*Sjá fyrirkomulag í viðbragðsáætlun skólans vegna influensufaraldurs.*

**Skipulag á afleysingu í veikindaforföllum starfsfólks skólans.**

<b>Starfsmaður:</b>	<b>Afleysing:</b>
Skólameistari	Áfangastjóri
Áfangastjóri	Skólameistari
Fjármálastjóri	Skólameistari
Bókavörður	Umsjónarmenn húsa hafa umsjón með nemendum á bókasafni skólans
Námsráðgjafi	Umsjónarkennarar og skólastjórnendur
Félagsmála- og forvarnafulltrúi	Skólastjórnendur
Umsjónarmaður tölvumála	Sérfræðingar starfandi utan skólans
Ritari	Stjórnendur (varðandi almenna upplýsingagjöf), umsjónarmenn (símsvörun)
Umsjónarmaður II	Umsjónarmaður I (umsjón með húsum skólans og þrif).
Umsjónarmaður I	Umsjónarmaður II (umsjón með húsum skólans og þrif).

**9. Umbun fyrir góða mætingu – samkomulag um greiðslu viðbótarlauna**

Samkvæmt samningi sem gerður var árið 2007 í samræmi við viðmiðunarreglur frá fjármálaráðuneyti, fá þeir starfsmenn sem hafa verið fjarverandi í tvo eða færri vinnudaga greidd viðbótarlaun við lok annar að upphæð 30.000 krónur. Fjarvera vegna náms-/námskeiða eða funda á vegum skólans er undanskilin talningu á fjarvistadögum.

Greiðslur viðbótarlauna skulu rúmast innan fjárheimilda skólans.

---

## Viðbragðsáætlun gegn einelti

---

Framhaldsskólinn á Húsavík hefur mótað viðbragðs- og aðgerðaáætlun gegn einelti á vinnustað. Við móttöku áætlunarinnar var stuðst við *Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980*, og reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustað nr. 1000/2004.

### Stefna og viðbragðsáætlun Framhaldsskólans á Húsavík gegn einelti á vinnustað

Það er stefna skólans að starfsmenn sýni samstarfsfólki sínu alltaf kurteisi og virðingu í samskiptum. Einelti og kynferðisleg áreitni verður undir engum kringumstæðum umborin á vinnustaðnum. Meðvirkni starfsmanna í einelti er fordæmd.

Skilgreining skólans á hvað einelti og kynferðisleg áreitni er, byggir á reglugerð nr. 1000/2004 en þar segir í 3. gr.:

*Einelti: Ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir.*

Stjórnendur bera ekki ábyrgð á störfum starfsfólks heldur einnig á því að grundvallarreglur samskipta á vinnustað séu virtar. Nýjum starfsmönnum er kynnt stefna og viðbragðsáætlun fyrirtækisins í eineltismálum strax við upphaf starfs. Stefnan og viðbragðsáætlunin eru rifjaðar upp reglulega á starfsmannafundum.

Á vinnustöðum geta komið upp ágreiningsmál og hagsmunaárekstrar sem valdið geta óþægindum. Mikilvægt er að leysa slík mál án tafar áður en þau þróast til verri vegar. Tekið verður á fólkskum ásökunum um einelti af sömu festu og einelti almennt.

Komi upp einelti skulu þolendur leita til næsta yfirmanns. Ef yfirmaðurinn er gerandinn eða hundsar vandamálið er hægt að leita til tveggja annarra aðila (sjá næsta kafla). Þessir aðilar skulu sýna þolanda fullan trúnað.

Fyrirtækið mun grípa til aðgerða gagnvart starfsmönnum sem leggja aðra í einelti, t.d. með áminningu, tilflutningi í starfi eða uppsögn. Alvarleg atvik verða hugsanlega kærð að höfðu samráði við þolanda. Gerandi eineltis verður látinn axla ábyrgð.

### VIÐBRÖGÐ

Starfsmaður sem verður fyrir einelti eða kynferðislegri áreitni skal snúa sér hið fyrsta til næsta yfirmanns og tilkynna um atvikið. Ef næsti yfirmaður er gerandi málsins eða sinnir því ekki er hægt að snúa sér til tveggja annarra trúnaðaraðila. Þegar yfirmaður eða trúnaðaraðilar fyrirtækisins fá vitneskju um einelti munu þeir bregðast við samkvæmt eftirfarandi viðbragðsáætlun. Strax er metin þörf

þolanda fyrir bráðan stuðning og hann veittur. Lögð verður áhersla á að leysa málið hið fyrsta og koma í veg fyrir frekara einelti.

Auk yfirmanna fyrirtækisins eru eftirfarandi trúnaðaraðilar tilbúnir að ræða við starfsmenn um meint einelti á vinnustaðnum.

1. Brynhildur Gísladóttir, hjúkrunarfræðingur
2. Auður Jónasdóttir, öryggistrúnaðarmaður.

Sá aðili, sem samband er haft við, ákvarðar síðan í samráði við þolandann hvert framhaldið verður. Hægt er að velja á milli óformlegrar eða formlegrar málsmeðferðar.

### **Óformleg málsmeðferð**

Slík málsmeðferð felur í sér að leitað er upplýsinga hjá þolanda og honum veittur stuðningur með trúnaðarsamtali eða ráðgjöf. Aðrir innan vinnustaðarins eru ekki upplýstir um málið.

### **Formleg málsmeðferð**

Gerð er hlutlaus athugun á málsatvikum. Rætt er við þolanda, geranda og aðra sem veitt geta upplýsingar um málið. Mikilvægt er að leita upplýsinga um tímasetningar og fá fram gögn ef einhver eru, s.s. tölvupósta, sms-skilaboð eða annað.

Fundin verður lausn sem m.a. getur falist í breytingum á vinnustaðnum, vinnubrögðum eða vinnuskipulagi. Gerandi mun fá leiðsögn og aðvörun, hann gæti líka verið færður til í starfi.

Málinu verður fylgt eftir og rætt við aðila þess að ákveðnum tíma liðnum. Fylgst verður með samskiptum aðila málsins.

Láti gerandi ekki segjast og viðheldur eineltinu leiðir það til uppsagnar hans úr starfi.

---

## **VIÐAUKI – HEIMILDIR**

### **Lög, reglugerðir og fræðslurit um eineltismál:**

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, svokölluð vinnuverndarlög.

Reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustað nr. 1000/2004.

Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum nr. 920/2006.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Stefanía Traustadóttir: Kynferðisleg áreitni vinnustöðum. Skrifstofa jafnréttismála

og Vinnueftirlit Ríkisins. Reykjavík, 1998.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Ása Guðbjörg Ásgeirsdóttir og Þóra Magnea Magnúsdóttir (umsjón): Einelti og

kynferðisleg áreitni á vinnustöðum. Forvarnir og viðbrögð. Vinnueftirlitið. Reykjavík, 2004.

---

## Stefna um endurmenntun og starfsþjálfun

---

Framhaldsskólinn hefur mótað sér stefnu í málum er varða endurmenntun og starfsþróun starfsfólks skólans. Stefnan tekur mið af starfsmannastefnu skólans og þeim verkefnum sem mikilvægt er að vinna að hverju sinni.

### Endurmenntun og starfsþróun starfsfólks í FSH

#### Markmið skólans í endurmenntunar- og starfsþróunarmálum (sjá nánar í starfsmannastefnu skólans)

##### Starfsþróun

Mikilvægt er að starfsfólk Framhaldsskólans á Húsavík sé í stakk búið að laga sig að síbreytilegum kröfum sem starfið gerir til þess. Framhaldsskólinn á Húsavík vill tryggja starfsmönnum sínum starfsþróun til þess að hún geti orðið bæði starfsmönnum og stofnuninni til hagsbóta. Starfsþróun er ekki einhliða aðgerð stjórnenda eða starfsmanns heldur er hún á ábyrgð beggja og hluti af þátttöku starfsmanns í starfsmannasamtölum, símenntun og daglegri samvinnu. Hún á sér einnig stað þegar starfsmaður tekst á við starf sem gerir auknar kröfur til hans. Starfsþróun og starfsöryggi tengjast með beinum hætti. Framhaldsskólinn á Húsavík vill skapa starfsmönnum möguleika á samfelldum starfsferli með því að hvetja starfsmenn til að auka frumkvæði og hæfni til að takast á við ný verkefni.

##### Símenntun og endurmenntun

Framhaldsskólinn á Húsavík leggur áherslu á að starfsmenn eigi kost á símenntun, bæði innan og utan skólans, til að auka þekkingu sína og faglega hæfni. Starfsmenn og stjórnendur bera jafna ábyrgð á að viðhalda og bæta þá þekkingu og hæfni sem nauðsynleg er starfsins vegna.

##### Starfsmannasamtöl

Í Framhaldsskólanum á Húsavík skulu starfsmannasamtöl fara fram einu sinni á ári. Tilgangur samtalanna er að stuðla að velferð starfsmanna, bættum starfsárangri og gagnkvæmri upplýsingamiðlun. Samtölunum er ætlað að auðvelda starfsmönnum og stjórnendum að ná settum markmiðum í starfi skólans, að skerpa vitundina um þessi markmið og þá ábyrgð sem þeim fylgir.

#### Stefna skólans í endurmenntunar- og starfsþróunarmálum frá 2008 til 2014

1. Meginverkefni skólans frá hausti 2008 til vors 2015 eru fólgin í innleiðingu laga um framhaldsskóla nr. 82/2008 og aðalnámskrár fyrir framhaldsskóla frá 2011. Endurmenntun og starfsþróun starfsfólks skólans er ætlað að stuðla að farsælli innleiðingu þeirra breytinga sem taka mið af stefnu og meginmarkmiðum skólans og almennri skólaþróun í þágu nemenda.



2. Sérhver starfsmaður ber ábyrgð á því að nýta þau tækifæri sem bjóðast til endurmenntunar og starfsþróunar á sérsviði sínu og viðhalda og efla með þeim hætti faglegri og persónulegri hæfni í starfi.
3. Skólameistari ræðir við starfsfólk um endurmenntunaráform þess í starfsþróunarsamtölum og hvetur starfsfólk til að nýta fyrrgreind tækifæri m.a. með því að skapa því nauðsynlegt svigrúm til náms og þjálfunar meðfram starfi.

## Yfirlit yfir endurmenntunar- og starfsþróunarverkefni starfsfólks FSH frá árinu 2008

### Skólaárið 2011 - 2012

- **Haustönn**
  - Námskeið og vinnufundur um markmið, leiðir og mat á skólastarfi, umsjón Laufey Petrea Magnúsdóttir.
  - Námskeið í notkun náms- og kennslukerfisins Moodle, leiðbeinandi Bára Mjöll Jónsdóttir.
  - Þátttaka á Haustþingi SAMNOR í MA.
- **Vorönn**
  - Heimsókn í Menntaskólann á Akureyri með það að markmiði að kynna námskrárbreytingum sem þar hafa verið gerðar og þá einkum nýjum Íslandsáfangam. Þátttakendur voru Arnhildur Pálmadóttir, Herdís Sigurðardóttir, Ingólfur Freysson og Laufey Petrea Magnúsdóttir.
  - Erindi fyrir starfsfólk um skapandi skólastarf, Guðmundur Oddur Magnússon prófessor við LÍ.
  - Vettvangsnám fyrir kennara á starfsbrautum. Auður Jónsdóttir tók þátt.

### Skólaárið 2010 - 2011

- **Haustönn**
  - Námskeið fyrir kennara í frumkvöðlafræði og nýsköpun, leiðbeinandi Svanborg R. Jónsdóttir.
  - Þátttaka í ráðstefnunni Samræða skólastiganna á Akureyri.
- **Vorönn**
  - Heimsókn starfsfólks Framhaldsskólans til Wales. Áhersla var lögð á að kynna starfsemi í skólum sem þykja hafa skarað frammúr á sviði nýsköpunar- og frumkvöðlamennta. Heimsóttir voru skólarnir Bridgend College og Yale College.

- Vettvangsnám fyrir kennara í raungreinum. Gunnar Baldursson og Björgvin Rúnar Leifsson tóku þátt.

### Skólaárið 2009 – 2010

#### • Haustönn

- Námskeið og vinnufundur um námskrágerð, leiðbeinandi Laufey Petrea Magnúsdóttir
- Kynnisferð til Hollands á vegum Samtaka kennara í nýsköpunar- og frumkvöðlamennt. Þátttakendur Auður Jónasdóttir og Ingólfur Freysson.
- Þátttaka á Haustþingi SAMNOR í VMA.
- Kynning fyrir kennara á fyrirkomulagi náms og kennslu í Framhaldsskólanum á Laugum í umsjón Arnórs Benónýssonar, Halls B. Reynissonar og Jóhönnu Eydísar Þórarinsdóttur.
- Námskeið í beitingu raunfærnimats. Þátttakendur Auður Jónasdóttir, Herdís Sigurðardóttir og Sigríður Hauksdóttir.

#### • Vorönn

- Námskeið um grenndarkennslu, leiðbeinandi Bragi Guðmundsson prófessor við HA.
- Námskeið á vegum EHÍ um uppbyggingu námsbrauta skv. nýjum lögum um framhaldsskóla. Þátttakendur: Björgvin Rúnar Leifsson, Gunnar Baldursson, Herdís Sigurðardóttir og Ingólfur Freysson.
- Kynning á skipan náms og kennslu skv. nýrri námskrá í MA, umsjón Alma Oddgeirsdóttir og Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir.
- Heimsókn í Fjölsmiðjuna í Kópavogi, Ingólfur Freysson.
- Heimsókn starfsfólks skólans í Framhaldsskólann á Laugum, Verkmenntaskólann á Akureyri, Menntasmiðju ungafólksins á Akureyri og Fjölsmiðjuna á Akureyri.

### Skólaárið 2008 – 2009

#### • Haustönn

- Námskeið í hópefli, leiðbeinendur voru Dr. Sigrún Sveinbjörnsdóttir og Dr. Kristín Aðalsteinsdóttir.
- Námskeið og vinnufundur um stefnumótun, leiðbeinandi Laufey Petrea Magnúsdóttir.

- Námskeið í notkun náms- og kennslukerfisins Moodle, leiðbeinandi Viðar Guðmundsson
- Þátttaka í ráðstefnunni Samræða skólastiganna á Akureyri.
  
- **Vorönn**
  - Námskeið í hópefli, leiðbeinendur voru Dr. Sigrún Sveinbjörnsdóttir og Dr. Kristín Aðalsteinsdóttir
  - Kynning á lykilhugtökum í nýjum lögum um framhaldsskóla, Sölvi Sveinsson verkefnastjóri hjá mnr.
  - Málþing um nýsköpunar- og frumkvöðlamennt. Þátttakendur Ingólfur Freysson og Laufey Petrea Magnúsdóttir.



## Ýmsar skýrslur

### **Skýrsla félagsmálafulltrúa**

---

#### SKÝRSLA FÉLAGSMÁLA- OG FORVARNARFULLTRÚA 2011 – 2012



Undirrituð hefur gegnt stöðu félagsmála- og forvarnarfulltrúa síðan haustið 2006 og vissi því að hverju hún gekk. Mikilvægt er að þeir sem sinna slíkum störfum hafi að einhverju að ganga þegar þeir eru að hefja störf og það er ástæða þess að þessi skýrsla er rituð. Það þarf ekki alltaf að finna upp hjólið heldur á að vera hægt að nýta sér það sem áður hefur verið gert og gengið vel.

### **Kosið í stjórn Nef**

Kosið var í stjórn nef í haustið 2011, auglýst var eftir frambjóðendum en það gekk frekar illa að fá fólk til að bjóða sig fram og þurfti hreinlega að ganga á eftir fólki. Það hafðist þó fyrir rest.

### **STJÓRN NEF**

**Hlutverk stjórnarinnar er að halda utan um viðburði, sérstakar hefðir og fjármál, skipuleggja og koma með skemmtilegar hugmyndir að félagsstarfi. Stjórnin fundar vikulega og er með fastan fundartíma, oftast eða sjaldnar eftir þörfum.**

Formaður – Elsa Dóra Ómarsdóttir

Meðstjórnandi – Aðalbjörn Jóhannsson

Meðstjórnandi – Guðni Már Kjartansson

Gjaldkeri – Haukur Sigurgeirsson

Ritari – Sigþór Hannesson

### **STJÓRN PÍRAMUSAR OG ÞISPU**

Anna Jónína Valgeirsdóttir

Inga Ósk Jónsdóttir

Jóhanna Margrét Gunnarsdóttir

### **UMSJÓN MEÐ HEIMASÍÐU**

Elma Rún Þráinsdóttir

Lilja Björk Hauksdóttir

### **ÁRSHÁTÍÐARNEFND**

**Skipuleggur árshátíð skólans frá a-ö. Mikilvægt er að undirbúningur hefjist strax um haustið því það er að ýmsu að huga. Nefndin er með fastan fundartíma í hverri viku og fundar svo eftir þörfum, meira eftir því sem nær dregur viðburðinn.**

Andri Dan Traustason

Anna Jónína Valgeirsdóttir

Fannar Freyr Kristjánsson

Hafþór Reinhardsson

Magnea Ósk Örvarsdóttir

Sigurveig Gunnarsdóttir

### **TÚNRÁÐ**

**Heldur utan um starfið, skipuleggur og vinnur í Túni.**

Andri Dan Traustason  
Elma Rún Þráinsdóttir  
Fannar Freyr Kristinsson  
Hafþór Reinhardsson  
Lilja Björk Hauksdóttir  
Ragnar Pálsson  
Snorri Traustason

### **RITSTJÓRN SKÓLABLAÐS**

Aðalbjörn Jóhannsson  
Brynja Rún Benediksdóttir  
Jóhanna Margrét Gunnarsdóttir  
Sigrún Lilja Sigurgeirsdóttir  
Sonja Sif Þórólfsdóttir

### **SKÓLARÁÐ/SKÓLANEFND**

#### **Fundar eftir þörfum/fundatöflu.**

Skólaráð = Sigrún Edda Kristjánsdóttir og Hafþór Reinhardsson/ Varamaður Brynja Rún Benediksdóttir sem kom inn sem aðalmaður um áramót þegar Sigrún Edda kláraði skólann  
Skólanefnd = Inga Ósk Jónsdóttir/ Varamaður Silja Rún Árnadóttir

### **SAMNINGUR VIÐ GLITNI**

Í byrjun annar var farið í viðræður við Glitnismenn sem tóku vel á móti okkar að vanda. Gengið var frá því að þeir myndu styrkja ákveðna viðburði eins og Dillidaga og árshátíð. Sjá þar til gerðan samning. Gömul hefð er fyrir því að þeir styrki kaup á skólapeysum en mikilvægt er að henda því út úr samningnum þar sem NEF hefur ekki verið með skólapeysur á sínum snærum síðustu ár en útskriftarnemar seldu peysur í vetur og eru með sérsamning við Glitni um það.

### **BUSAVÍGSLA FÓR FRAM 29. ÁGÚST**

Fundað var með útskriftarnemum sem hafa umsjón með vígslunni og lagðar línur sem lögð var áhersla á að farið yrði eftir. Útskriftarnemar komu með þá skemmtilegu nýbreytni að bjóða upp á þrautabraut á túninu fyrir framan skólann sem gafst mjög vel og var skemmtileg tilbreyting frá því sem áður hefur verið í gangi. Síðan trítluðu nemendur upp á andapoll og fóru með Trúarjátningu BUSA! Eftir það bauð skólinn upp á skúffuköku og drykk.

### **SKEMMTIFERÐ 14. SEPTEMBER**

Hefð er fyrir því að hefja veturinn á því að fara í skemmtiferð með nemendur og hrista saman nýnemana og eldri nemendur. Undan farin ár hefur verið farið í ferð inn á Akureyri og við breyttum ekkert út af vananum í ár en dagskráin var með allt öðru sniði. Rúnar og Bendi sóttu okkur stundvíslega klukkan 15:00. Nemendum var skipt niður í hópa og

hóparnir voru saman í rútum. Þegar við komum inn á Akureyri hófst æsispennandi þrautaratleikur þar sem nemendur þurftu að leysa margar skemmtilegar og krefjandi þrautir eins og myndirnar sýna. Á listanum var t.d. sjósund, að hlaupa upp kirkjutröppurnar á brókinni, að sníkja ókeypis mat, að fá að bregða sér á salernið hjá ókunnugum, að biðja einhvern um að giftast sér og margt margt fleira skemmtilegt sem stjórn NEF með sitt frjóa hugmyndaflug hugkvæmdist. Leikurinn heppnaðist gífurlega vel og veðrið lék við okkur. Að leik og keppni lokinni lá leiðin á Greifan þar sem glórhungraðir namar rifu í sig dýrindis pítsur, brauðstangir og franskar sem klikkaði ekki frekar enn fyrri daginn hjá þeim Greifamönnum. Pakkksaddir namar skelltur sér svo í Borgarbíó þar sem hægt var að velja á milli spennutryllis og gríntryllis. Það voru afskaplega sælir og sáttir namar sem renndu upp að FSH rétt fyrir miðnætti þetta kvöld og á Stjórn NEF hrós skilið fyrir flott skipulag og frábæra ferð.

### **NAFNASAMKEPPNI**

Skorað var á nemendur að koma með nöfn á sjoppuna og nýju nemendaaðstöðuna í kjallaranum en það stóð eitthvað í nemendum?

### **FRÍTT Í SUND**

Samningurinn frá í fyrra var framlengdur og meðlimir NEF fengu áfram frítt í sund með því að framvísa skírteini. Haldið var utan um mætinguna í sundlauginni sem var nokkuð góð.

### **FORELDRAFUNDUR 13. SEPT**

Þetta þriðjudagskvöld tóku fulltrúar NEF og forvarnar- og félagsmálafulltrúi þátt í kynningu á félagsstarfinu fyrir foreldra nýnema. Unnin var sérstök glærukynning af þessu tilefni.

### **PÍRAMUS & ÞISPA**

#### **21. sept 2011 – 1. fundur vetrar**

Fundur fyrir alla þá sem áhuga hafa á leiklist og leikhúsi á einn eða annan hátt eru hvattir til að mæta og kynna sér starf leikfélagsins. Hvað er framundan? Hristingur og ýmislegt fleira.  
Ritari Sigríður Hauksdóttir

#### **19. okt 2011 – 2. fundur vetrar**

Opinn fundur fyrir alla sem hafa áhuga á að vera með á einn eða annan hátt í vetur. Um 15 krakkar erumættir á fund.

Spurning um að halda námskeið fyrir alla.

Ætti ef til vill að sýna barnaverk eða verk sem höfðar til allrar fjölskyldunnar.

Heimaverkefnið er að leggja höfuðið í bleyti hvað varðar verk og leikstjórn.

Ný stjórn P&Þ valin = Anna Jónína Valgeirsdóttir, Inga Ósk Jónsdóttir og Jóhanna Margrét Gunnarsdóttir.

Ritari Sigríður Hauksdóttir

#### **26. okt 2011 – 3. fundur vetrar**

Hugmyndir að leikstjórn = Garún, Sigurður Illugason, Margrét Sverrisdóttir?

Hugmyndir að verkum = Klaufar og kóngsdætur eftir Ármann, Sævar og Togga?



- Skemmtilegt verk fyrir alla fjölskylduna sem hefur verið sett upp einu sinni í Þjóðleikhúsinu, fáum handrit hjá Ármanni og skoðum hvort það hentar okkur?

Ritari Sigríður Hauksdóttir

### **30. okt 2011 – 4. fundur vetrar**

Skellum á námskeiðið fyrir alla þar sem leikfélagið á svolitla aura.

Sendum Maríu Sigurðardóttur leikhússtjóra á Akureyri post og spyrjumst fyrir um leikara þar sem hugsanlega gætu tekið slíkt að sér.

- María benti á Einar Aðalsteinsson ungan og upprennandi leikari hjá leikfélaginu sem hefur meðal annars leikið í Tíma nornarinnar.

Ritari Sigríður Hauksdóttir

### **1. nóv 2011 – Námskeið**

Námskeið fyrir alla sem hafa áhuga á leiklist óháð því hvort þeir ætla að vera í leikfélaginu í vetur eða ekki. Námskeiðið er í höndum Einars Aðalsteinssonar leikara hjá Leikfélagi Akureyrar.

Um 15 einstaklingar tóku þátt.

Tókst virkilega vel og Einar mjög skemmtilegur og vel undirbúinn.

### **11. janúar 2012 – 5. fundur vetrar**

Gauragangur er verk sem margir hafa áhuga á að skoða sem og barnaleikritið Blái hnötturinn. Ákveðið að hafa samband við Sigurð Illugason með leikstjórn og fá hann á fund til með okkur. Ef hann hefur áhuga á að leikstýra hefur þá þá hugmyndir um verk?

Ritari Jóhanna Margrét Gunnarsdóttir

### **13. janúar 2012 – 6. fundur vetrar**

Fundur með Sigurðu Illugasyni sem hefur áhuga á að leikstýra P&P.

Ýmsar hugmyndir ræddar eins og Blái hnötturinn, Litla hryllingsbúðin og Gauragangur.

Kosið um verk og Gauragangur varð fyrir valinu.

Æfingar hefjast strax í næstu viku.

Ritari Jóhanna Margrét Gunnarsdóttir

### **Stefnt á frumsýningu annan í páskum?**

#### **SKÓLABLAÐ 23. SEPT**

Fundað var snemma í skólablaðinu og skipulagðir fundir haldnir hjá stjórninni. Eitthvað af efni var til frá vetrinum á undan þar sem skera þurfti niður þegar kom að útgáfunni (eitthvert vandamál hjá þeim sem tóku að sér prentun?). Þrír úr sömu ritstjórn og frá í fyrra svo hér var vant fólk á ferðinni. Stefnt á útgáfu fljótlega eftir páska?

### **MYNDATAKA FYRIR SKÓLASKÍRTEINI 3. – 7. OKT**

Það gengur alltaf frekar illa og þarf að ganga á eftir nemendum. Því var ákveðið að auglýsa bara ákveðinn tíma og þeir sem ekki nýttu sér hann fengu ekki skírteini.

### **FRAMHALDSSKÓLAMÓT Í KNATTSPYRNU 8. – 9. OKT**

Við sendum eitt lið að þessu sinni á mótið. Okkar menn fóru fullir af áhuga inn eftir að keppa í Boganum en komu frekar svekktir til baka þar sem andstæðingarnir voru í misgóðu ástandi til að keppa og voru einhverjir þeirra undir áhrifum áfengis sem hafði áhrif á úrslit leikja, sérstaklega eftir því sem líða fór á daginn. Félagslífsfulltrúinn hafði samband við KSÍ en fékk þau svör að mótið væri ekki í þeirra umsjón heldur skólanna sjálfra og sæju þeir bara um að redda húsnæði, dómgæslu og halda utan um. En þetta átti þó að taka til athugunar. Málið var einnít rætt lítilsháttar á fundi forvarna í nóvember. Þetta er eitthvað sem þarf að skoða og ekki ástæða til að taka þátt ef þetta er svona og engar breytingar verða!

### **MEISTARAMÓT Í ALLS KONAR 15. OKT**

Á fimmtudaginn 15. okt. Héldu stjórn NEF og túnráð Meistaramót Í Allskonar. Krakkarnir mættu í höllina og skipti stjórnin þeim í 4 lið. Keppt var í ýmsu, t.d. fótbolta, spilaleik og skotbolta. Góð mæting var á viðburðinn og væri gaman ef að fleiri tæki þátt næst. Sumir voru samt heldur tapsárir en það var samt bara gaman af því. Mótið var mjög spennandi og skemmtilegt, en í endann var það hópur 2 sem stóð uppi sem sigurvegarar. Í því liði voru: Elma Rún, Selmdís, Sigurður, Stefán Júlíus, Ólafur Ármann og Hilmar Freyr. Og eru þau nú MEISTARAR í allskonar.

### **LEIKLISTARNÁMSKEIÐ Á VEGUM P&P OPIÐ FYRIR ALLA 1. NÓV**

Einar Aðalsteinsson frá LA tók að sér að vera með skemmtilegan hristing fyrir alla nemendur sem höfðu áhuga á leiklist á einn eða annan hátt. Um 15 einstaklingar tóku þátt.

### **DRAUGASAGA ÚTSKRIFTARNEMA Í TÚNI 4. NÓV**

Útskriftarnemar komu með þá frábæru hugmynd að bjóða bæjarbúum upp á lifandi draugaleikhús sem var liður í þeirra fjáröflun. Þeir undirbjuggu sig mjög vel, sömdu sögu eða handrit og vönduðu til á allan hátt. Draugahúsið sló í gegn og mættu hátt í 200 manns á staðinn og var biðröðin long en veður gott svo það truflaði ekki. Almennitur var hæst ánægður með þetta uppátæki útskriftarnema.

### **EINELTISDAGURINN Í FSH 8. NÓV - STÖNDUM SAMAN Í BARÁTTUNNI GEGN EINELTI – ÁTAK Á LANDSVÍSU**

8. nóvember hefur verið valinn sem sérstakur dagur í baráttunni gegn einelti hér á landi. Af tilefni dagsins hefur verið ákveðið að ganga frá (þjóðar) sáttmála um að vinna gegn einelti. Það verður gert með athöfn þar sem fulltrúar Ríkistjórnar Íslands, fulltrúar félaga og samtaka undirrita sáttmálann.

Af því tilefni að þessi dagur er haldinn í dag ákvað stjórn NEF að drífa alla nemendur í skógarferð og eiga góða stund saman við eldstæði með kakó og sykurpúða. Veðurguðirnir léku við okkur og nokkrir sprækir strákar af leikskólanum Grænuvöllum ásamt starfsfólki tók á móti okkur og aðstoðaði við að kveikja upp í eldstæðinu. Kakóið og sykurpúðarnir runnu ljúflega ofan í mannskapinn eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.

**Allir geta undirritað sáttmálann og hvetur Stjórn NEF alla NEFlimi til þess.**

#### **Sáttmáli gegn einelti**

„Við undirrituð skuldbindum okkur til að þess að vinna að alefli og einurð gegn einelti í samfélagi okkar. Við munum standa vörð um rétt fólks til þess að lifa í sátt og samlyndi við

umhverfi sitt . Við munum sérstaklega gæta réttar okkar yngstu þegna sem og allra þeirra hópa samfélagsins sem ekki eiga sér málsvara eða sterka rödd. Við munum, hvert á okkar sviði, hvort sem við erum einstaklingar eða forsvarsmenn samtaka eða stofnanna , skuldbinda okkur til að þessa hafa jákvæð áhrif í nánasta umhverfi okkar, benda á það sem betur má fara, skipta okkur af því sem okkur þykir miður og með því leggja okkar af mörkum til þess að vinna bug á því samfélagslega böli sem einelti er.“

### **TILBOÐ/FRÍÐINDI FYRIR NEBBA**

Stjórn NEF fór af stað og leitaði eftir samstarfi við verslanir og þjónustuaðil á Húsavík með tilboð fyrir NEFlimi. Það gekk vel og fengu þau eftirfarandi tilboð gegn framvísunum skírteinis:

Víkurráð – 5% afláttur

Bílaþjónustan – 10 % staðgreiðsluafsláttur

Fatahreinsun Húsavíkur – 10% afsláttur

Bílaleiga Húsavíkur – 20% afsláttur á leigðum bílum

Hársnyrtistofa Rósu og Jónu – 10% afsláttur

Toppurinn – 10% afsláttur af klippingu

Snyrtistofan Hilma – 20% afsláttur af snyrtingu

Háriðjan – 15% afsláttur af hársnyrtiþjónustu og vörum

Skóbúð Húsavíkur – 10% staðgreiðsluafsláttur af öllum vörum

Töff föt – 15% afsláttur af öllum fatnaði og skóm

Tákn – 10% afsláttur af öllum vörum – 20% afsláttur fyrsta fimmtudag hvers mánaðar!

Gamli Baukur – 10% afsláttur af mat og óáfengum drykkjum

Heimabakarí – 10% afsláttur af öllum vörum

Salka – Pönnupítsa með tveimur áleggjum 1450 – stórt gos á 200 kr. gildir í hádegi virka daga.

### **LEIKHÚSFERÐ KÍKT Á SÝNINGU HJÁ LH**

Drifum okkur eins og hefð er fyrir á leiksýningu hjá LH. 20 einstaklingar mættu á staðinn.

### **DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU 16. NÓV**

Nemendur komu saman á sal í dag í tilefni af Degi íslenskrar tungu. Dagskráin var í höndum nemenda og umsjón hafði Dóra Ármannsdóttir. Það kom ekki á óvart að nemendur stóðu sig mjög vel og það sem m.a. var á dagskrá var upplestur á ljóðum eftir þekkt skáld sem lesin voru af mikilli tilfinningu, frumsamið ljóð eftir Fannar Frey og flott tónlistaratriði þar sem líka var flutt frumsamið efni í boði Axels, Brynjars og Gunnars Inga og mátti heyra nemendur og starfsfólk raula Fýlupúkann og Hvalinn Val á göngunum að dagskrá lokinni. Það er nokkuð ljóst að það þarf að kalla nemendur oftast saman á sal þar sem listamenn í þessum skóla fá tækifæri til að skemmta okkur hinum. Stjórn NEF sá um að stilla upp og skreyta salinn og ganga svo frá.

### **GUNNA KAFFIHÚSAKVÖLD 24. NÓV**

Gunna er orðinn fastur liður í félagslífi NEFlima FSH og er í umsjón NEF stjórnar en Túnráð aðstoðaði stjórnina í ár. Í gærkvöldi var Gunna haldin í sal FSH og hefur sjaldan verið glæsilegri. Mjög fjölbreytt dagskrá var í boði: Tískusýning í umsjóna áfangans Tíska, húð og

hár, tónlistaratriði í boði skólahljómsveitanna sem Axel Flóvent, Brynjar, Jón Áspór og Gunnar Ingi skipa, Líney söng eins og engill við undirleik Matta og Kristjáns, léttir samkvæmisleikir voru svo í umsjón kynna kvöldsins sem voru Aðalbjörn og Selmdís. Samkvæmisleikirnir voru viðureign á milli árganga í skólanum og voru það Mehico-farar sem rústuðu keppninni. Í leikjunum á keppendur m.a. að útvega ýmsa hluti eins og klósettpappír og brjóstahaldara, troða eins mörgum vínberjum upp í sig og þeir gátu, hrósa hverjir öðrum, senda sms og leita uppi nælur.

Útskriftarnemar sáum um veitingar og þar vantaði ekkert upp á terturnar og vöfflurnar. Að dagskrá lokinni í skólanum skundaði mannskapurinn niður í íþróttahöll í jólatarzan. Þar fór fram teymakeppni en þeir sem spreyttu sig voru Benni og Grétar, Arnór og Stefán Júlíus, Davíð og Gunnar Berg, Ísleifur og Lena, Andri Dan og Kristófer, Snorri og Ragnar, Hafþór og Sigþór og Jóhanna og Inga. Það voru Snorri og Ragnar sem sigruðu þessa spennandi keppni en enginn slapp undan þeim.

### **FÉLAGSVIST Á SAL 1. DES**

Allir nemendur voru kallaðir á sal í þriðja tíma til að spila félagsvist. Stjórnin var búin að raða upp borðum og spilum, jólaskreyta og setja jólalög á fóninn. Fyrst var farið yfir reglur fyrir þá sem ekki kunnu vistina. Þetta vakti svo mikla lukku og gekk svo vel að ákveðið var að spila alveg fram í hádegi sem vakti mikla gleði hjá nemendum. Stjórnin var búin að kaupa jóladagatöl og fleira góðgæti í verðlaun.

### **GETTU BETUR 11. JAN**

Þrátt fyrir mikla óánægju með fyrirkomulag og nördaskap Gettu betur var ákveðið að taka þátt í ár og var leitað til útskriftarnema í þeim efnum þar sem ekki hefur verið sérstakur Gettu betur hópur í undirbúningi í vetur. Miðvikudaginn, 11. janúar, mætti lið FSH aldrei þessu vant MR-ingum í spurningakeppninni Gettu betur. Við erum að verða vön því að vera dregin út á móti MR og skorumst ekki undan því. Þar sem ekki hefur verið sérstakur áfangi í boði í vetur sem undirbúningur fyrir Gettu betur ákvað stjórn NEF að leita til útskriftarnema með fulltrúa til að keppa fyrir okkar hönd. Útskriftarnemar voru ekki í vandræðum með það og þeir Andri Dan, Fannar Freyr og Hafþór buðu sig fram í þetta verðuga verkefni. Hægt var að hlusta á keppnina í beinni útsendingu á Rás 2. Sama dag mættu þeir liðinu frá í fyrra til að hita sig upp, það voru þeir Alli Jói, Ragnar og Snorri sem voru eldri keppendur og tóku þeir 2012 keppendurna í bakaríð og brutu þá líklega alveg niður. En áfram FSH, töpuðum fyrir hraðmæltu MR-ingunum, vonandi breystist fyrirkomulagið eitthvað á næstu árum.

### **BÓNDADAGUR Í FSH 24. JANÚAR**

Stjórn NEF hélt upp á bóndadaginn. Í tilefni dagsins var boðið uppá þorramat og karlmenni skólans tókust á í reiptogi og sjómann. Þá voru nemendur, sérstaklega þó karlmenn, hvattir til að mæta í þjóðlegum klæðnaði, lopapeysum, lopasokkum eða öðru tilheyrandi. Bóndi skólans var svo hylltur í lok dags og leystur út með gjöf, en hann fékk glænýja og fína gúmmískó. Það var enginn annar en Arnór Elí Víðisson sem sæmdur var titlinum Bóndi FSH 2012

### **SKÍÐA- OG BRETTAKVÖLD 25. JANÚAR**

Neflimir nýttu sér kjörið tækifæri og aðstæður í fjallinu til að skíðast og brettast þegar stjórn NEF bauð í fjallið. Færið var gott að sögn reyndra manna og veðrið fínt en svolítið kalt. Harðjaxlar létu það ekki stoppa sig og skíðuðu og brettuðu eins og enginn væri morgundagurinn.

### **ÁSTRÁÐUR – FORVARNASTARF UNGLÆKNA 31. JAN**

Hefð er fyrir því að læknanemarnir heimsæki nýnema í framhaldsskólum hér sem og á landsvísi þar sem áhersla er lögð á fræðslu um kynsjúkdóma, getnaðarvarnir og fóstureyðingar. Svo skemmtilega vildi til að nemarnir voru mjög kunnuglegir að þessu sinni enda ættaðir héðan þ.e. Stefán Þórsson Gettu betur og Útsvarsstjarna og Ástríður Pétursdóttir úr Mývatnssveit. Nýnemarnir voru mjög ánægðir með þá fræðslu sem þeir fengu og skemmtu sér vel.

### **HLUTVERK HJÁ P&Þ 6. FEBRÚAR**

Nú er búið að raða niður í hlutverk hjá P&Þ, með hlutverk Orms fer Jón Áspór Sigurðarson, Ranúr verður leikinn af Patreki Gunnlaugssyni, Halla er leikin af Eygló, Valdís leikur Lindu, Hrannar Rafn leikur Þór þorskhaus, með hlutverk kennaranna fara Aðalbjörn en hann leikur Arnór kennara og Stefán Júlíus sem leikur íþróttakennarann. Stefnt er á sýningar í lok mars eða um páskana.

### **SKÓLAKYNNING 16. FEB – REYKJAHLÍÐARSKÓLI**

Stjórn NEF tók á móti Reykjahlíðarskóla og sýndi nemendum þaðan skólann og kynntu félagslífið.

### **KONUDAGURINN Í FSH 19. FEB**

Konudagurinn er á sunnudegi en haldið var upp á hann mánudaginn 19. feb. Boðið var upp á konunammi fyrir þær sem mættu í sínu fínasta pússi. Valin var hefðarfrú dagsins og fékk hún verðlaun, förðun hjá Mörtu Annisius. Karlpeningurinn var hvattur til að vera óvenju góður við dömurnar þessa viku og sýna herraþemmsku. Það var Magnea Rún Hauksdóttir sem var valin Hefðarfrú FSH 2012.

### **DILLIDAGAR 2012**

Undirbúningur fyrir Dillidaga hófst af fullum krafti strax í byrjun skólaárs enda krefst það mikillar vinnu að undirbúa þessa daga.

**Dagur eitt** - frábær dagur þar sem nemendur nýttu sér heilsusamleg tilboð um allan bæ - fóru á kostum í ratleik þar sem gífurlega hörð keppni var háð og framhald verður á keppni - auk þess sem Mið Ísland lengdi ár Nebbalinganna um fleiri fleiri ár með stórkostlegu uppistandi á Hótelinu sem bæjarbúar létu ekki framhjá sér fara.

Á morgun halda tilboðin áfram að freista enda góður einn og næstum hálfur tími til að gúffa í sig - svo hefjast smíðjur sem eru hver annarri skemmtilegri og svo skundum við upp í skóg og kveikjum eld kveikjum eld . . . og gæðum okkur á sykarpúðum og kakói á meðan Dillicupkeppendur segja okkur draugasögur. Takk fyrir daginn Nebbalingar.

**Styrktaraðilar:** Það að halda Dillidaga og árshátíð kostar peninga og líklega meiri en nemendur gera sér margir hverjir grein fyrir.

Það er gott að eiga góða að og margir sem hafa viljað styrkja okkur í þessari skemmtiviku og kunnnum við þeim bestu þakkir fyrir.

**Þeir aðilar sem hafa veitt okkur stuðning eru eftirtaldir:**

**Íslandsbanki – Flugfélag Íslands – Fosshótel – Örkin – Húsasmiðjan – GPG – 640.is – Húsavík Guesthouse – Orkuveita Húsavíkur – Bílaleiga Húsavíkur – Norðurþing – N1 – Salka veitingahús – Eimskip flytjandi – Heimabakarí – Stöðin og Töff heilsurækt.**

**Dagur tvö** - Þemastarfið gekk alveg hreint með ólíkindum í dag - margir eru komnir með frábærar hugmyndir og bíðum við spennt eftir að sjá afraksturinn á fimmtudag.

Menn nýttu sér hádegisstilboðin eins og enginn væri morgundagurinn en eins og eins og flestir vita þó að þá eru tilboðin út vikuna en um að gera að missa ekki af neinu.

Smiðjurnar fóru frábærlega af stað, menn gæddu sér á dýrindis nautasteik og súkkulaðiköku hjá Jóni Friðriki í matreiðslusmiðju, fengu að vita hvernig best að að rækta líkamann hjá Sigga Má í heilsuræktarsmiðju, gerðu geggjaða mola í öllum regnboganslitum hjá Höllu Rún í brjóstsykurssmiðju, lærðu júdó- og karatebrögð hjá Trausta og Jan í bardagaþróttasmiðju, lærðu réttu nuddbrögðin hjá Helgu Björgu í nuddsmiðju og skelltu sér á hestbak með Svanhildi og Karin í Saltvík í hestasmiðju.

Í gærkvöldi kíktu menn svo á draugana í skóginum þar sem einhverjir sögðu sögur á meðan mannskapurinn gæddi sér á sykurlúðum og kakói. Klapp fyrir dillidegi nr. 2.

**Dagur þriðji** - Allt á fullu í þemavinnu alveg fram að hádegi. Þá nýttu menn sér tilboðin góðu en það varð smá misskilningur með bakaríð og það verður bætt úr því í næstu viku svo menn geta beðið spenntir. Smiðjur héldu áfram eftir hádegi og ekki klikkuðu þær frekar enn fyrri daginn. Magnaðar smiðjur í ár þó við segjum sjálf frá :D

Um kvöldið skellti mannskapurinn sér svo í laugina þar sem léttir sundsprettir voru teknir og þemavinnu - og smiðjusvitinn skolaður af kroppnum.

**Dagur fjögur** - Allt á fullu í þemavinnu enda síðasti dagurinn og kynning fyrir bæjarbúa svo ekkert mátti klikka. Sem það gerði heldur ekki, ótrúlega flott opið hús sem Nebbalingar buðu upp á í dag. Það verður spennandi að heyra hvaða stofa/verkefni sigraði í þessari flottu keppni.

Þítsahlaðborðið á Sölku klikkaði ekki frekar enn fyrri árin, menn komu afvelta þaðan út. NefRennslið rann ljúflega í umsjón Geirfluglsins og Bárðdælingsins sem fóru á kostum sem kynnar þetta árið. Það voru fjórir stórglæsilegir keppendur sem stigu á stökk, Valdís tók lagið Imagine, Kristófer söng Traustur vinur, Gunnar Ingi og Functional Foundation tóku lagasyrpu með Iglesias, G'n'R og fleiri góðum og Ruth endaði með laginu hennar Adele I found a Boy.

Dillicupkeppendurnir Magnús og Legolas fóru á kostum í söngatriði og nú er keppnin orðin æsispennandi.

Á meðan dómnefndin brá sér frá trúðu Rúnar og Ágúst upp með laginu Rangur maður sem þeir sigruðu með í Tónkvíslinni í ár í yngri flokknun og Guðlaug Dóra Traustadóttir sem sigraði Túnsláttinn og keppir í Söngkeppni Samfés um helgina en þar flytur hún lagið Frjáls.

Það var Ruth Ragnarsdóttir sem sigraði en hún steig á svið með Ragga pabba sínum og SOSara en hann sá um undirleik fyrir hana. Við hlökkum til að sjá hana flytja þetta stórglæsilega atriði sitt í Söngkeppni framhaldsskólanna í apríl. Dillandi dagur alveg hreint í alla staði og bara einn Dillidagur eftir!

**Dagur fimm** - Upp er runninn árshátíðardagur.

Gott að byrja daginn á smá hreyfingu í hallarsprelli með Áslaugu Guðmunds sem var með heraga á lýðnum sem skemmti sér konunglega, sumir sáu sér ekki fært annað en að svindla smá!

Svo kláruðu Dillicupkeppendur vikuna með stæl en áður höfðu þeir sagt brandara á Mið Íslandi, draugarsögur í skógarferð, att kappi í sundþrautum, tekið lagið á NEFRennsli og svo var komið að þrautabrotunni. Það var Föruneyti Djúllsins eða Stefán Júlíus og Stefán Óli sem voru krýndir Dillicupmeistarar þetta árið.

Árshátíðin tókst með eindæmum vel í ár, það voru þeir Auðunn Blöndal og húsvísktættaði Hjörvar Hafliðason sem stóðu sig frábærlega í veislustjórni. Heimamenn klikkuðu ekki á matnum sem rann ljúflega ofan í veislugesti og svo mætti Dóri skólastjóri að sjálfsgöðu með nikkuna og menn tóku kokkinn og marseruðu. Hægt er að sjá myndir frá árshátíðinni sem Þura tók á facebooksíðunni okkar.

Stjörnuveislan var í höndum veislustjóranna í ár sem var mjög skemmtileg nýbreytni en þessi voru verðlaunuð:

Busi - Jón Þór, **Guðmundur Árni**, Jón Áspór Sigurðsson

Kvenskörungur - **Selmdís Þráins**, Brynja Rún Ben, Bjarki Þór Jónasson

Karlskörungur - Haukur Sigurgeirs, **Andri Dan Trausta**, Jón Þór Jónsson

Brosgeisli - Ólafur Ármann Sigurðs, **Líney Gylfa**, Laufey Petrea Magnúsd

Lipurtá - Sigurður Unnar Hauks, Elma Rún Þráinsd, **Hafþór Mar Aðalgeirs**

Spaugari - Sindri Ingólfs, Sigurður Unnar Hauks, **Ólafur Ármann Sigurðs**

Vinir - Lena og Bryndís, Sindri og Halldór, **Brynjar Friðrik og Axel**

Pokkadís - Helga Björk Heiðars, **Þórunn Birna Jóns**, Gunnar Ingi Jóseps

Sjarmör - Knútur A. Hilmars, **Hrannar Rafn Jóns**, Guðmundur Árni Stefáns

Félagsvera - **Jóhanna M. Gunnars**, Lilja Björk Hauks, Haukur Sigurgeirs

Kennari - Dóra Ármanns, **Gunnar Baldurs**, Svava Björk Kristjáns

Sjentilmaður - Haukur Sigurgeirs, **Stefán J. Aðalsteins**, Fannar F. Kristins

Dama - Helga Björk Heiðars, **Anna J. Valgeirs**, Erna Sigríður Hannes

Herra FSH - Guðni Már Kjartans, Stefán J. Aðalsteins, **Haukur Sigurgeirs**

Ungfrú - **Inga Ósk Jóns**, Líney Gylfa, Sigrún Lilja Sigurgeirs

Sóðabrækur - **Allir busar í FSH**

## ÖSKUDAGUR 8. MARS

Af því tilefni efndi stjórn NEF til búningakeppni, kennarar og nemendur létu ekki segja sér það tvisvar og mættu í alveg stórbrotnum búningum.

**LEIKHÚSFERÐ – Í GEGNUM TÍÐINA 14. OG 17. MARS OG HJÁ EFLINGU OG UPPREISN ÆRU HJÁ 10. BEKK BORGARHÓLSSKÓLA 18. MARS**

Reynt var að bjóða upp á leikhúsfærðir en áhugin var lítil sem enginn. Það voru þrír nemendur sem drifu sig á leiksýningu hjá Eflingu.

### **HÁSKÓLAKYNNING Á AKUREYRI 7. MARS**

Útskriftarnemum var boðið af námsráðgjafa skólans að hann myndi taka að sér að skipuleggja áhugaverða ferð inn í tilefni af Stóra háskóladeginum þar. Hugmyndin var að nemendur myndu nýta daginn og fara í heimsóknir inni fyrirtæki og stofnanir sem þeir sjálfir hefðu áhuga á. Þeirra hlutverk var sem sagt að koma með hugmyndir að slíkum heimsóknum. En það stóð á því og svo rann dagurinn upp og engar óskir höfðu borist svo ekkert varð úr ferðinni. Líklega ekki vegna áhugaleysis heldur kannski frekar vegna þess að menn voru yfirkeyrðir og uppgefnir eftir þema- og dillidaga?

### **MOTTUMARS 29. MARS**

#### **SÖNGKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANNA**

Ruth Ragnarsdóttir keppti fyrir hönd FSH og náði þeim glæsilega árangri að hafna í þriðja sæti. Fyrirkomulagið var breytt frá fyrri keppnum sem fólst m.a. í því að atriði keppenda voru tekin upp og sett á netið og kepptu með þeim hætti í nokkurskonar undanúrslitum.

#### **KAFFIHÚSAKVÖLDIÐ JÓN**

Kaffihúsakvöldið Jón var haldið skv. venju í lok vorannar. Stjórn nemendafélagsins bauð uppá NEFsvar og skemmtiatriði. Góð þátttaka var á kvöldvökunni.

#### **UNGMENNAHÚS**

Ungmennahúsið Tún hefur verið í fullum gangi í vetur. Fastur opnunartími hefur verið á þriðjudags- og fimmtudagskvöldum frá 20:00 – 23:00. Annað hvert þriðjudagskvöld hefur verið boðið upp á bíókvöld í samstarfi við Menningarfélagið Úti á Túni og á fimmtudagskvöldum milli 21 og 22 hefur verið spellað í höllinni. Útskriftarnemar og nefndir og ráð hafa verið mjög dugleg við að nýta sér húsið í fundastarf sem og bara almennan hitting sér til skemmtunar.

#### **HEIMASÍÐA NEF**

Síðan var nokkuð vel uppfærð en þó ekki alveg eins og verið hefur. Nemendur virðast almennt ekki fara mikið inn á síðuna heldur nýta sér frekar facebooksíðu NEF.

Veturinn gekk í heildina mjög vel og nemendur voru mjög virkir og líflegir. Það má að miklu leyti þakka mjög virkum og skemmtilegum hópi útskriftarnema sem dró vagninn í flestu því sem nemendur gerðu í félagslífinu og í ráðum og nefndum.





---

## Skýrsla forvarnarfulltrúa

---

### FORVARNARSTARF Í FSH VETURINN 2011 – 2012

**Skemmtiferð í byrjun skólagöngu** - fyrir alla nemendur skólans, lagðar línur um áfengislaust félagslíf.

**Áfengismælir** – Honum beitt óspart á samkomum skólans og nemendur farnir að reikna með því og virða það. Tekin var upp sú nýbreytni að nota hann strax fyrir borðhald á árs hátíðinni og gaf það góða raun. Mælirinn var sendur til yfirferðar í Radíóraf.

**Kynning fyrir foreldra á foreldrafundi** – Starfið kynnt fyrir foreldrum og starf og hlutverk félagsmála- og forvarnafulltrúa.

**18 ára ábyrgð – slaka á taumnum en ekki sleppa** – Bæklingur sendur á foreldrafulltrúa og þeir hvattir til að senda þá út á alla foreldra.

**Ástráður** – forvarnastarf læknanema, fyrirlestur fyrir nýnema um kynlíf.

**Frítt í sund** – samstarf við NEF, meðlimir nef fá frítt í sund.

**Forvarnadagurinn 5. okt** – Þjóðfundur haldinn með nýnemum í lífsleikni, haldinn á landsvísu og niðurstöður sendar inn. **Myndbandasamkeppni** – Nemendur voru hvattir til að taka þátt í myndbandasamkeppni í tengslum við forvarnadaginn. **Veggspjöld** – Dreift til að hvetja nemendur til að draga það að hefja drykkju. Niðurstöður voru sendar til fulltrúa í foreldraráði skólans.

**Bleikur föstudagur** – í baráttunni gegn krabbameini hjá konum.

**Eineltisátak/skógarferð** – Nemendur tóku þátt í alþjóðlegum degi gegn einelti og drifu sig í skógarferð til að gera eitthvað saman, boðið upp á sykurpúða og kakó.

**Tóbaksvarnir** – Forvarnafulltrúi og skólahjúkrunarfræðingur tóku höndum saman í baráttunni sérstaklega gegn munntóbaki, bæklingur var dreift nokkkrum sinnum, einnig voru veggspjöld hengd upp í samstarfið við Landlæknisembættið og KSÍ.

**Mottumars og fríkaður mottufimmtudagur** - Keppni um bestu mottuna og bestu heimagerðu mottuna.

**Heilsueflandi framhaldsskóli** – reynt að vinna í næringu með því að bjóða upp á meira hollmeti í sjoppu í samstarfi við útskritarnema, erfitt þar sem Landlæknisembættið var ekki að standa við sína tímaáætlun. Undirbúningur fyrir hreyfinguna hófst. Gögnum dreift um ganga skólans – fróðleikur fyrir nemendur eða heilsuskilaboð um fjölbreytt mataræði og reglulega hreyfingu.

**Góðverk dagsins** – Nemendur voru hvattir til þess að taka þátt í góðverkaviku skátanna 20. – 24. febrúar.

**Vertu til** – Nemendur hvattir til að taka þátt í leik á Facebook sem hefur það að markmiði að fækka alvarlegum slysum í umferðinni á meðal ungs fólks.

**Dýravernd** - Sigursteinn Másson og Marianna Rasmussen komu í heimsókn í skólann og fræddu nemendur um dýravernd og rannsóknir hvöllum.

**Næringarfræði** – Ingibjörg Gunnarsdóttir næringarfræðingur með fræðslu fyrir nemendur á sal skólans.

**Helstu viðfangsefni í lífsleikni:**

- **Nám og námstækni**
- **Tilfinningar**
- **Sjálfmynd**
- **Fjölskylda, vinir og félagslíf**
- **Framtíðin – fjármálin**
- **Gildismat og lífsstíll**
- **Heilsan**
- **Fíkn og sjálfseyðandi lífsstíll**
- **Samskipti**
- **Tjáning, framkoma og aðstæður**
- **Siðferði og siðareglur**
- **Samfélag – réttindi og skyldur**
- **Réttindi og skyldur á vinnumarkaði**
- **Menning og minnkandi heimur**
- **Menning og listir**
- **Náttúra og samfélag**

**Forvarnarfulltrúi sat tvo fundi með öðrum forvarnafulltrúum á landinu sem reynast mjög vel og styðja og styrkja allt forvarnastarf. Auk þess sat forvarnarfulltrúinn í forvarnarteymi bæjarins sem fundaði mánaðarlega.**

Sigríður Hauksdóttir  
Félagsmála- og forvarnarfulltrúi FSH

## Skýrsla bókavarðar

### Skólasöfn í framhaldsskólum – Skýrsla um starfsemina skólaárið 2011– 2012

Nafn skóla: Framhaldsskólinn á Húsavík		Sími: 464-1344
Heimilisfang: Stóragarði 10, Húsavík		Póstnr.: 640
Yfirmaður bókasafns: Elín Kristjánsdóttir		Netfang: elin@fsh.is
Stærð safns í m <sup>2</sup> : 51.7	Fjöldi sæta fyrir notendur: 20	Afgreiðslutími á viku (klst.) 29

#### Fjármál

	Kostnaður 2011
Safnkostur (bækur, tímarit, geisladiskar, margmiðlunardiskar o.p.h.)	258.512
Annar rekstrarkostnaður	119.211
<b>Samtals</b>	<b>377.723</b>

#### Starfsfólk

	Í fullu starfi	Í hlutastarfi	Samtals ársverk
Bókasafnsfræðingar – ársverk		1 í 60%	0.6
Aðrir – ársverk			
<b>Samtals ársverk</b>			<b>0.6</b>

#### Safnkostur

	Aðföng á árinu	Afskrifað á árinu	Eign
Bækur	75	32	4956
Tímarit í áskrift (titlar)	15		
Nýsigögn (eintök)	8		
Margmiðlunardiskar			
Annað			

#### Útlán og millisafnalán

Lán innan skóla: 704	Heimlán: 430
Millisafnalán til safnsins: 27	Millisafnalán frá safninu: 9

#### Bókasafnskerfi Gegnir

30. maí 2012

Dagsetning

*Elín Kristjánsdóttir*

Yfirmaður skólasafns

*Þórunn Þórunn Magnúsdóttir*

Skólastjóri



---

## Skýrsla námsráðgjafa veturinn 2011 – 2012

---

Námsráðgjafi var til viðtals í skólanum tvo daga í viku, einn og hálfan dag í 30% stöðugildi. En nemendur náðu á námsráðgjafa með tölvupósti þess utan.

Strax frá upphafi voru ákveðnir nemendur sem leituðu eftir viðtölum, aðallega stuðningsviðtölum vegna líðan, námsskipulags og/eða námserfiðleika.

Námsráðgjafi var með umsjón á almennri braut. Þetta reyndist ágætlega en stöðuhlutfallið hefði mátt vera meira til þess að sinna þessum þætti en betur. Þá aðstoðaði hann umsjónarnemendur við val á áföngum og ræddi við forráðamenn þegar það átti við og skipulagði stuðning fyrir verst stöddu nemana. Það sem var sérstaklega jákvætt við þennan þátt var að námsráðgjafi hafði betri yfirsýn og meiri tengingu við þá nýnema sem þurftu á meiri stuðning en ella í náminu.

Foreldrar höfðu gjarnan samband við námsráðgjafa í gegnum síma ef þeir höfðu áhyggjur af börnum sínum. Einnig komu þeir stundum í viðtal á skrifstofu með eða án barna sinna.

Í einstaka málum vann námsráðgjafi í góðu samstarfi við geðdeild FSA og fékk einnig leiðsögn hjá félagsþjónustu Norðurlþings um þau úrræði sem í boði eru hjá sveitarfélaginu.

Prófkvíðanámskeið var haldið í nóvember 2011. Þátttaka var góð, alls 8 nemendur luku námskeiðinu sem haldið var í þrjú skipti (10-17-24/11) auk einstaklingsviðtala fyrir og eftir námskeið. Námskeiðið var auglýst á töflu og einnig var sendur tölvupóstur til allra nemenda, foreldra og kennara. Mikilvægt er að þeir nemendur sem sækja um sérúrræði í prófum vegna prófkvíða sæki slík námskeið og telur undirrituð að þeim ætti að vera skylt að sækja námskeiðið.

Á seinni önn auglýsti námsráðgjafi eftir nemendum á prófkvíðanámskeið, aðeins tveir nemendur sýndu áhuga. Ákveðið var að bjóða þeim einstaklingsráðgjöf varðandi prófkvíða og bjargráðum gegn honum, annar nemana nýtti sér það.

Einnig var haldið örnámskeið í prófundirbúningi þann 3. maí- þetta var stutt námskeið sem haldið var í hádegishléi nemenda. Aðeins þrír nemendur nýttu sér þetta námskeið. Sennilega myndi þetta virka og auka þátttöku ef nemendur venjast þessu fyrirkomulagi þ.e. hádegisfyrirlestur.

Í byrjun haustannar hafði námsráðgjafi samband við nokkra sterka námsmenn og kannaði áhuga þeirra á að vera með aukatíma. Tveir nemendur tóku vel í hugmyndina. Námsráðgjafi veit ekki til þess að neinn hafi nýtt sér þetta fyrirkomulag, þrátt fyrir að hafa bent nokkrum nemum á þennan kost. Ekki er hefð fyrir slíkum aukatímum milli nemenda við FSH þó svo að þörf sé oft og tíðum, sérstaklega fyrir próf og því vert að þróa þennan möguleika frekar.

Námsráðgjafi sá um sérúrræði í prófum s.s. lengri próftíma eða minni stofur og sérstofur. Almennt var miðað við að nemendur væri með einhverskonar greiningu eða hefðu sótt

prófkvíðanámskeið. Nemendur tóku seint og illa við sér með að sækja um sérúrræðin þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar og tölvupósta. Einnig voru margir nemendur sem töldu nóg að sækja um sérúrræðin á haustönn og létu ekki í sér heyra fyrr en rétt fyrir próf á vorönn og töldu sig hafa áfram úrræði, því var þó oftast hægt að bjarga. Mikilvægt er því að brýna ítrekað fyrir nemendum að sækja um úrræði fyrir hverja prófatíð.

Námsráðgjafi sat suma kennara- og starfsmannafundi. Þá hélt námsráðgjafi fundi á hverri önn með umsjónakennurum, eftir miðannamatið. Var þar farið yfir stöðu nemanda og námsráðgjafi skráði hjá sér og kallaði síðan til sín nema eftir þessi viðtöl. Þetta voru þá sérstaklega nemendur sem stóðu sig ekki vel á miðannamatinu, fengu C og/eða D en einnig þeir sem mættu illa í skólann eða voru að glíma við námsörðugleika.

Námsráðgjafi sat nemendaverndarráðsfundi með skólameistara og skólahjúkrunarfræðingi þar sem rætt var um málefni einstakra nemenda sem talin var ástæða til að fylgjast með og jafnvel kalla þá til námsráðgjafa og/eða hjúkrunarfræðings.

Námsráðgjafi átti í mjög góðu samstafi við bæði skólameistara og áfangastjóra og gat óhikað rætt við þá varðandi hagsmunamál nemenda eða önnur mál tengdum nemendum og skólavist þeirra.

Einnig sat námsráðgjafi foreldrafund nýnema í byrjun skólaárs og kynnti sig og sitt starf. Einnig var námsráðgjafi með innlegg á kynningarfundi fyrir foreldra 10.bekkar á vorönn.

Námsráðgjafi sá um að skipuleggja kynningar fyrir skólann. Ræddi þá við stjórn NEF og fékk til samstarfs. Kynningar voru á þann hátt að Laufey skólameistari sá um að kynna skólann og námsframboð, ég kynnti mig og námsráðgjöfina og nemendur kynntu nemendafélag og félagslífið. Eftir það fóru nemendur FSH með grunnskólanema í heimsóknir í kennslustundir. Þetta reyndist mjög vel, þeir skólar sem komu á kynningar voru; Borgarhólsskóli, Reykjahlíðarskóli og Hafralækjarskóli. Í byrjun mars fór námsráðgjafi, skólameistari og tveir nemendur FSH með kynningu á skólanum austur á Þórshöfn, Raufarhöfn og í Öxarfjarðarskóla. Þess ber að geta að bæði Laugar og grunnskólinn á Bakkafirði voru ekki með nemendur í 10. Bekk og fengu því ekki boð þetta árið. Undirrituð telur mjög mikilvægt að halda þessum kynningum áfram. Allir grunnskólarnir voru mjög ánægðir með fyrirkomulagið.

Námsráðgjafi aðstoðaði nemendur við val á áföngum á valdegi. Einnig fór námsráðgjafi og skólameistari í lífsleiknitíma hjá nýnemum og kynntu valferlið á Innu.

Námsráðgjafi keypti 32 stk. af Bendli áhugakönnun. Ákveðið var að könnunin myndi kosta 3000 kr. (kostnaðarverð) sem nemendur greiddu sjálfir. Á skólaárinu nýttu 5 nemendur sér þetta tilboð. Undirrituð telur mikilvægt að kynna könnunina betur, sérstaklega fyrir

útskriftarnemum sem eru að huga að framhaldsnámi en einnig nemendum með námsleiða, þannig að hægt sé að skoða og kortleggja betur framtíðarplön.

Einnig sá námsráðgjafi um; Háskólanemi í einn dag, Europass kynningu, Háskólakynning á Akureyri og rútu (í nóv), auglýsti stóra háskóladaginn (í feb).

Á skólaárinu hittust námsráðgjafar svæðisins tvisvar sinnum og áttum góða fundi. Einnig hittust námsráðgjafar FSH og Borgarhólsskóla nokkrum sinnum. Mikilvægt er að halda þessum tengslum áfram og styrkja enn fremur.

### **Tölfræðilega samantekt yfir viðtöl námsráðgjafa fyrir skólaárið 2011-2012**

#### **Haustönn 2011**

<u>Ástæða:</u>	<u>Viðtal við foreldri</u>	<u>Viðtal við nemanda</u>	<u>Annan sérfræðing</u>
Ráðgjöf v.nám/námstækni		19	
Líðan	1	20	1
Námserfiðleikar	2	15	
Námsástundun	2	8	
Áhugasviðspróf		2	
Val á áföngum	1	8	
Hætt í námi	2	2	
Hugsanleg skólaskipti		1	
Val á framhaldsnámi		4	
Annað	12 (símaviðtöl vegna umsjónarnem.)	1	
<b>Samtals</b>	<b>20</b>	<b>80</b>	<b>1</b>

#### **Vorönn 2012**

<u>Ástæða:</u>	<u>Viðtal við foreldri</u>	<u>Viðtal við nemanda</u>	<u>Annan sérfræðing</u>
Ráðgjöf v.nám/námstækni	3	18	
Líðan		22	4
Námserfiðleikar	1	5	



Námsástundun	1	2	
Áhugasviðspróf		5	
Val á áföngum	1	15	
Hætt í námi		1	
Hugsanleg skólaskipti		1	
Val á framhaldsnámi			
Annað	8 (símaviðtöl vegna umsjónarnem.)		
<b>Samtals</b>	<b>14</b>	<b>69</b>	<b>4</b>

**Samantekt fyrir bæði haust og vorönn 2011-2012**

	<b><u>Viðtal við foreldri</u></b>	<b><u>Viðtal við nemanda</u></b>	<b><u>Annan sérfræðing</u></b>
<b>Samtals:</b>	<b>34</b>	<b>149</b>	<b>5</b>

Ég hvet nýráðin námsráðgjafa endilega til þess að hafa samband ef einhverjar spurningar vakna.

Virðingarfyllst,

\_\_\_\_\_

Árný Þóra Ármannsdóttir, námsráðgjafi 2011-2012

[arnythora@nordurthing.is](mailto:arnythora@nordurthing.is)

s.866-6464